


**VALGEIR TEKUR UPP ÚR KISTUNNI**
Valgeir Sigurðsson er þekktur sem einn helsti hljóðupptökumaður landsins og maðurinn sem stýrir Bedroom Community útgáfunni og Gróðurhúsinu. Núna gefur hann frá sér sína fyrstu sólóplötu, Ekvilibríum.







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. ágúst 2007 — 215. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Ástin blómstar í Bolungarvík



Grímur Atlason og íbúar bæjarins halda Ástarvikuna hátíðlega.

FÓLK 58

### Asía snýr aftur

„Fríverslun hefur aldrei verið forgangsatriði stórvelda þegar aðrir hagsmunir eru í húfi," segir Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16

### Milljónagrín og karnival



Laddi syngur með Milljónamæringunum á Broadway í kvöld.

FÓLK 50

**HEMMI HREIÐARS**

### *Treystir á hjartað, ekki hæfileikana*

Allt um enska boltann




**SPORT**
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

## VEÐRIÐ Í DAG




**Norðlægar áttir** með skúrum eða súld NA-til en bjartviðri sunnan og vestanlands.





*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007


# Verðfall um 110 milljarða

**Úrvalsvísitalan hefur lækkað um ellefu prósent á tæpum mánuði. Lækkun gærdagsins var sú mesta síðan í apríl í fyrra. Helsta orsökin er verðfall á erlendum mörkuðum. Getur haft áhrif á afkomu íslenskra félaga.**

**VIÐSKIPTI** Markaðsvirði Kauphallarfélaga lækkaði alls um 110 milljarða króna í gær og hefur aldrei fallið meira á einum degi. Alls hefur markaðsverð hlutabréfa í Kauphöllinni lækkað um rúma 400 milljarða króna eftir að Úrvalsvísitalan fór hæst 18. júlí.

Úrvalsvísitalan lækkaði í kjölfar áframhaldandi verðfalls á erlendum mörkuðum og fór rétt niður fyrir átta þúsund stig í fyrsta skipti í þrjá mánuði. Alls nam lækkun gærdagsins 3,47 prósentum sem er mesta dagslækkun á árinu og sú mesta frá 4. apríl í fyrra. Vísitalan hefur lækkað um 11,3 prósent frá því hún náði hæstu hæðum. Þrátt fyrir niðursveiflu síðustu daga er Úrvalsvísitalan tæpum fjórðungi hærri nú en í ársbyrjun.

**ÞRÓUN ÚRVALSVÍSITÖLUNNAR UNDANFARNA 30 DAGA**




Fjármálafyrirtækin lækkuðu skarpt í gær. Gengi hlutabréfa í Existu féll um 6,5 prósent, Straumur lækkaði um 3,7 prósent og Kaupþing og Landsbankinn um 3,5 prósent. Þá lækkaði Glitnir um 3,3 prósent og FL Group um 2,1 prósent. Fimmtán fyrirtæki lækkuðu um tvö prósent eða meira.

Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, bendir á að stærstu fyrirtækin í Kauphöllinni séu orðin það alþjóðleg að þau fylgi sveiflum á erlendum mörkuðum. Hann efast um að íslensku fjármála- og fjárfestingafélögin beri sama tjón og alþjóðleg fjármálafyrirtæki hafa orðið fyrir vegna verðfalls á annars flokks skuldabréfum (subprime) eftir að bera fór á auknum vanskilum í bandaríska húsnæðislánakerfinu. Hins vegar getur órói á mörkuðum haft áhrif á afkomu íslensku félaganna með öðrum hætti, til dæmis í gegnum gengistap af hlutabréfum, aukinn fjármögnunarkostnað og færri verkefni á fyrirtækjasviði.

Valdimar segir að enn sé mikil óvissa um þróunina á mörkuðum á næstu dögum. „Ef þetta er stormur í vatnsglasi þá gæti markaðurinn rétt sig við. En ef ekki þá gæti þetta tekið lengri tíma, jafnvel nokkrar vikur."

Krónan hélt áfram að lækka í gær og stóð gengisvísitalan í 121,45 stigum sem var lækkun upp á 1,59 prósent. Hefur hún ekki verið veikari síðan í mars.

- eþa / sjá síðu 12



**HUNDASUND Í ELLIÐAÁNUM** Viðstaddir höfðu vit á að forða sér áður en tíkin Nada lét gusurnar ganga yfir næsta nágrenni á Geirsnesi, eftir hressandi sundsprett í Elliðaánum. Sér til heilsubótar, og nærstöddum til skemmtunar, fór Nada hverja sundferðina á fætur annarri til að sækja tóma gosflösku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eurovision í Sjónvarpinu:

## Lögin valin í laugardagsþætti

**FJÖLMIÐLAR** Níu þjóðþekktir tónlistarmenn hafa verið fengnir til að semja lög fyrir nýjan laugardagsþátt í Sjónvarpinu. Hver þeirra semur þrjú lög sem munu keppa að því að komast í úrslitaþátt þar sem framlag Íslands í Eurovision á næsta ári verður valið. Almenningur velur lögin með símakosningu.



**ÞÓRHALLUR GUNNARSSON**

Meðal þeirra lagahöfunda sem taka þátt eru Magnús Þór Sigmundsson, Dr. Gunni, Magnús Eiríksson, Andrea Gylfadóttir og Guðmundur Jónsson.

Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Sjónvarpsins, segir að um stórskemmtilega lagakeppni verði að ræða sem fjölskyldur landsins geti sameinast um að horfa á.

- hdm / sjá síðu 58

Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Hollandi stendur sem hæst:

# Eitt gull og nokkur í sjónmáli

**HESTAR** Sigursteinn Sumarliðason hefur tryggt sér heimsmeistaratitil í gæðingaskeiði á hesti sínum Kolbeini frá Þóroddsstöðum á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Hollandi. Þar með er fyrsta gullið í höfn á mótinu, sem lýkur á sunnudag. Fleiri eru þó í sjónmáli enda hafa Íslendingar staðið sig vel í undankeppninni.

Þórarinn Eymundsson á Krafti frá Bringu er stigahæstur fyrir úrslitakeppnina í fimmgangi og er töluvert á undan næsta manni. Þrír Íslendingar eru í A-úrslitum, þær Anna Valdimarsdóttir og Rúna Einarsdóttir Zingsheim auk Þórarins.

Í tölti hafa Íslendingar nokkra yfirburði. Efstur er heimsmeistarinn frá 2005, Jóhann Skúlason á Hvin frá Holtsmúla, næstur er Þórarinn Eymundsson en Svíinn Stian Peterson á Jarli frá Miðkrika kemur fast á hæla þeirra.

Ekki hefur gengið jafn vel í fjórgangi þar sem Jóhann Skúlason er í fjórða sæti inn í úrslitin.

Íslendingar báru höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir í kynbótasýningunum. Íslensku stóðhestarnir voru efstir í öllum flokkum en hryssurnar í tveimur flokkum af þremur.

Veðrið hefur verið rysjótt á mótinu. Töluvert hefur rignt en þó spáir betra veðri um helgina. Gestir eru mjög ánægðir með frammistöðu mótshaldara sem hafa undirbúið mótssvæðið eins og best verður á kosið.

- sg







## SPURNING DAGSINS



*Ómar, ert þú ekki sjálfur alltaf hýr?*

„Ég reyni alltaf að vera með hýrri há þótt ég sé algjör bindindismaður á vín.“

Ómar Ragnarsson tekur þátt í Gleðigöngunni á Gay Pride-hátíðinni í dag.

Nýtt yfirlit um fyrirhugaðar tilnefningar Íslendinga til heimsminjaskrár:

# Torfbæir á heimsminjaskrá

**HEIMSMINJAR** Íslenskir torfbæir, Vatnajökulsþjóðgarður, Mývatn og Breiðafjörðurinn eins og hann leggur sig eru meðal fyrirhugaðra tilnefninga Íslendinga á heimsminjaskrá UNESCO. Yfirlitsskrá yfir tilnefningarnar var samþykkt af ríkisstjórninni í gær.

„Það er ekkert mjög erfitt að setja heilan fjörð á heimsminjaskrána,“ segir Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, fráfarandi formaður heimsminjanefndar.

„Það þarf að tiltaka hvað gerir staðinn einstakan á heimsvísu og láta svo á reyna hvort nefnd UNESCO er því sammála,“ segir hún.

Breiðafjörður yrði tilnefndur sem blandaður staður, svæði sem státar af bæði náttúru- og menningarminjum. Ragnheiður telur til samanburðar Vega-eyjaklasann í Noregi, sem er á heimsminjaskrá.

Íslenski torfbærinn er einnig á yfirlitsskránni. „Hann, sem byggingarsögulegt fyrirbæri, er einstakur á heimsvísu að okkar mati,“ segir Ragnheiður.



**TORFKOFI VIÐ BORGARFJÖRÐ EYSTRI** Þessar minjar um sérstaka húsagerðarlist Íslendinga þykja nú meðal þeirra sem merkastar eru á landinu. MYND/ ÍSAK ÖRN SIGURÐSSON

Landsvæði í kringum bæina, sem hefur orðið fyrir áhrifum af mannavöldum, verður einnig tilnefnt. Komist bæirnir á skrána verða því fjölmörg svæði á landinu vernduð af ríkinu.

Á heimsminjaskrá UNESCO eru meðal annars píramídarnir í Egyptalandi, Taj Mahal á Indlandi og Kínamúrinn. - kóþ

Deila við yfirvöld um nafn:

## Superman varð þrautalending

**NÝJA-SJÁLAND** **Nýbakaðir foreldrar á Nýja-Sjálandi hyggjast láta skíra son sinn Superman sem þrautalendingu þar sem yfirvöld hafa bannað þeim að nefna barnið nafninu sem þau vilja: 4Real.**

**Pat og Sheena Wheaton eru að hugleiða málsókn vegna þeirrar reglu yfirvalda að bannað sé að skíra börn nöfnum sem byrja á tölustöfum. BBC greinir frá þessu.**

**Foreldrarnir segjast eftir sem áður ætla að kalla Superman litla 4Real. Nafnið ákváðu þau eftir að hafa séð mynd af honum í sónar þar sem þau í fyrsta skipti gerðu sér grein fyrir að hann væri raunverulegur (e. for real).** - sdg



**MILLI LEIKJA** Þróttarar slógu á létta strengi milli leikja á mótinu og tóku lagið. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN KALDAL

Meistaradeild Olís á Selfossi:

## Um 400 keppendur í fótbolta

**ÍÞRÓTTIR** **Meistaradeild Olís, knattspyrnumót 5. flokks drengja, fer fram á Selfossi um helgina og lýkur á sunnudag. 48 lið, víðs vegar að af landinu, taka þátt og eru keppendur því hátt í fjögur hundruð talsins.**

**Veðrið var gott í gær við upphaf móts, en þá fór fram hraðmót í fjögurra liða riðlum. Þegar kappleikjunum lauk var boðið upp á sundlaugarpartí og léku Ingó og Veðurguðirnir fyrir gesti.** - sgj

Heræfing NATO hérlendis:

## Fyrsta vélin lent

**UTANRÍKISMÁL** Fyrsta flugvélin vegna heræfingar NATO á Íslandi í ágúst kom til landsins í gær. Tvær aðrar flugvélar fluttu hermenn til landsins vegna æfingarinnar.

Von er á alls þremur þyrlum og tíu flugvélum til landsins vegna heræfingarinnar. Tvær AWACS radarflugvélar, fimm orrustuflugvélar, tvær eldsneytisbirgðavélar og ein eftirlitsflugvél taka þátt í æfingunni, að sögn Friðþórs Eydal, upplýsingafulltrúa æfingarinnar.

Um 170 hermenn gista á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli á meðan á æfingunni stendur. Um 150 Íslendingar taka þátt í heræfingunni. - sgj

# Ólíklegt að Grandi fái úthlutað nýjum lóðum

**HB Grandi ætlar að flytja starfsemi sína frá Reykjavík til Akraness vegna skerðingar á aflaheimildum. Útgerð verður haldið á svæðinu segir formaður Faxaflóahafna. Útgerðarfélagið Brim íhugar uppbyggingu í Reykjavík.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það liggur fyrir að Faxaflóahafnir og Reykjavíkurborg hafa í hyggju að viðhalda útgerð og fiskvinnslu á þessum stað við Reykjavíkurhöfn,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og formaður stjórnar Faxaflóahafna.

Hann segir að útgerðarfélagið Brim hafi þegar ákveðið að hefja útgerð og fiskvinnslu í Reykjavík, og í ljósi tíðindanna af flutningi HB Granda frá Reykjavík til Akraness hafi forsvarsmaður fyrirtækisins spurst fyrir um enn frekari möguleika í þeim efnum.

Tilkynnt var um ákvörðun stjórnar HB Granda í gær. „Við þurftum að bregðast við eftir að tilkynnt var um skerðingu þorskkvótans og þetta er niðurstaða sem við teljum ásættanlega,“ segir Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda.

Hann segir aðeins eitt skip hafa verið á beinum þorskveiðum, og nú verði því snúið til veiða á öðrum tegundum og vinnslan sameinuð í eitt hús á Akranesi. Stjórn HB Granda hefur óskað eftir því að gerð landfyllingar og hafnargarðs við Akranes verði flýtt. Ef það verði gert geti nýtt fiskiðjuver á Akranesi verið tilbúið seinni hluta ársins 2009.

Björn Ingi segir að ákvörðun HB Granda komi nokkuð á óvart í ljósi þess að fyrirtækið hafi óskað eftir lóðum undir frekari uppbyggingu við Reykjavíkurhöfn. Ekki verði séð hvernig fyrirtæki sem sé á leið burtu úr borginni hafi þörf fyrir nýjar lóðir og því ólíklegt að fyrirtækið fái þær.



**HÖFUÐSTÖÐVAR HB GRANDA** Stjórn HB Granda hefur ákveðið að flytja landvinnslu fyrirtækisins upp á Akranes. Stjórnin óskaði eftir því við stjórn Faxaflóahafna að framkvæmdum við landfyllingu og hafnargarð á Akranesi yrði flýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í ræðu sem Björn Ingi hélt á sjómannadaginn í júní síðastliðnum velti hann upp þeim möguleika að þegar aflaheimildir yrðu rýmkaðar á ný yrði fiskveiðikerfið notað til að skjóta styrkari stoðum undir byggðir sem ættu allt sitt undir fiskveiðum.

> Hver og einn verður auðvitað [...] að aðskilja sínar persónulegu skoðanir frá því umfjöllunarefni sem hann sinnir.
>
> **BJÖRN INGI HRAFNSSON**
> FORMAÐUR FAXAFLÓAHAFNA

Hann segir ákvörðun HB Granda litlu breyta hvað það varði, enda Reykjavík og Akranes á sama atvinnusvæði. Spurður hvort hann hefði þá viljað sjá fyrirtækið flytja starfsemina lengra í burtu, til byggða sem sannarlega eigi allt undir sjávarútvegi, sagði Björn Ingi að vandinn við þá hugsun væri að störf væru ekki flutt með boðvaldi.

Spurður hvort hann sem formaður Faxaflóahafna hygðist beita sér gegn því að uppbyggingu á Akranesi yrði flýtt, eins og HB Grandi hefur farið fram á, til að störfin færðust frekar til byggða sem byggðu á sjávarútvegi sagði Björn það ekki koma til greina.

„Þá væri ég að ganga með mínar persónulegu skoðanir fram fyrir hagsmuni þess fyrirtækis sem ég vinn fyrir. Hver og einn verður auðvitað [...] að aðskilja sínar persónulegu skoðanir frá því umfjöllunarefni sem hann sinnir. Þannig að ég get sem stjórnmálamaður tekið þátt í þjóðfélagsumræðu og haft skoðanir á tilteknum málum, en sinnt kjörnum störfum mínum fyrir almenning í landinu, og skilið þar á milli með mjög einföldum hætti,“ sagði Björn Ingi. brjann@frettabladid.is magnush@frettabladid.is

VG vilja fund í fjárlaganefnd:

## Rætt verði um varnarkostnað

**ALÞINGI** Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri grænna í fjárlaganefnd Alþingis, óskaði í gær eftir því að boðaður yrði fundur í nefndinni til að ræða útgjöld og fjárskuldbindingar vegna yfirtöku á rekstri Ratsjárstofnunar.



**JÓN BJARNASON**

Í bréfi til formanns nefndarinnar segir Jón að einnig sé óskað eftir upplýsingum um fjárskuldbindingar vegna þátttöku í hernaðarumsvifum á vegum NATO hér á landi. Ennfremur verði upplýst hvaða fjárheimildir standi að baki útgjöldunum, enda ekki heimilt að samþykkja greiðslur utan fjárlaga nema í neyðartilvikum. - bj

Hálfsársuppgjör Milestone:

## Hagnaðurinn fjórtánfaldaðist

**VIÐSKIPTI** **Milestone skilaði 27,2 milljarða króna hagnaði á fyrri hluta ársins sem er ríflega fjórtán sinnum meiri hagnaður en á sama tímabili í fyrra. Arðsemi eigin fjár var 160,1 prósent á ársgrundvelli.**

**Félagið starfar á sviði tryggingastarfsemi, bankastarfsemi og eignastýringar. Meðal dótturfélaga er Sjóvá-Almennar sem hagnaðist um 6,3 milljarða króna á fyrri hluta ársins.**

**Eignir Milestone hafa ríflega tvöfaldast á árinu, en félagið lauk nýverið við 70 milljarða yfirtöku á sænska fjármálafyrirtækinu Invik.**

**Á tímabilinu seldi Milestone þrettán prósenta hlut í Glitni og innleysti góðan hagnað af Iceland.** - eþa


**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU IMPREZA**

Nýskr. 02.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 18 þús. km.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Um 2.500 skattgreiðendur með fjármagnstekjur en engar launatekjur árið 2006:

# Innan við 200 með háar tekjur

**SKATTAR** Einungis 162 af þeim 2.531 skattgreiðendum sem voru ekki með neinar aðrar tekjur en fjármagnstekjur á síðasta ári voru með hærri fjármagnstekjur en eina milljón króna á árinu, samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu.

Ráðuneytið tók saman upplýsingar um skattgreiðendur sem ekki höfðu tekjur af atvinnu á síðasta ári, en höfðu fjármagnstekjur. Reyndust 2.381 einstaklingur og 150 hjón eða samsköttuð pör í sambúð falla í þann hóp.

Skattgreiðendur sem ekki hafa atvinnutekjur geta nýtt hluta persónuafsláttar á móti fjármagnstekjuskatti, samtals 8.461 krónu á mánuði. Þannig er hægt að hafa rétt rúma eina milljón króna í fjármagnstekjur á ári án þess að greiða fjármagnstekjuskatt.

Tæplega 90 prósent einstaklinga í þessum hópi voru með minna en 50 þúsund krónur í fjármagnstekjur á árinu, og er að stórum hluta um að ræða ungt fólk sem ekki er á vinnumarkaði, segir í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu. Aðeins 116 af einstaklingunum greiddu einhvern fjármagnstekjuskatt, það er voru með tekjur yfir skattleysismörkum.

Um 57 prósent þeirra 150 hjóna sem höfðu ekki hefðbundnar tekjur höfðu fjármagnstekjur undir 100 þúsundum króna á árinu, og 61 prósent hafði tekjur undir einni milljón króna. Um þriðjungur greiddi einhvern fjármagnstekjuskatt á árinu. - bj



**FJÁRMAGNSTEKJUR** Fæstir þeirra sem höfðu fjármagnstekjur en ekki launatekjur höfðu hærri fjármagnstekjur en 50 þúsund krónur í tekjur á síðasta ári.

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ



FLUG OG GISTING Í 2 NÆTUR
Í OSLÓ FRÁ 39.900 KR.

Á mann í tvíbýli á Tthon Hotel Europe *** í Osló 8.–10. sept. 2007. Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Með flugvallarsköttum.



FLUG OG
GISTING Í 3 NÆTUR
Í AMSTERDAM
FRÁ 45.800 KR.

Á mann í tvíbýli á Moevenpick**** í Amsterdam, 22.–25. nóv. og 6.–9. des. 2007. Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Með flugvallarsköttum.





FARGJALD AÐRA LEIÐ FRÁ 15.060* KR.

# Amsterdam

# Osló

FARGJALD AÐRA LEIÐ
FRÁ 13.360* KR.

FARGJALD AÐRA LEIÐ
FRÁ 15.060* KR.

# París

# Stokkhólmur

FARGJALD AÐRA LEIÐ FRÁ 13.360* KR.



FLUG OG GISTING Í 3 NÆTUR
Í PARÍS FRÁ 45.900 KR.

Á mann í tvíbýli á Le Patio Saint Antoine *** í París 7.–10. des. 2007. Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Með flugvallarsköttum.







FLUG
OG GISTING
Í 2 NÆTUR
Í STOKKHÓLMI
FRÁ 39.900 KR.

Á mann í tvíbýli á Freys Hotel *** í Stokkhólmi 29. sept.–1. okt. 2007. Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Með flugvallarsköttum.

VISA | Safnaðu Vildarpunktum

MasterCard | Ferðaávísun gildir

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL BORGARFERÐA, SÉRFERÐA OG FERÐATILBOÐA
Á WWW.ICELANDAIR.IS – UPPLÝSINGAR UPPFÆRAST DAGLEGA.

WWW.ICELANDAIR.IS

## GENGIÐ 10.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,70 | 66,02 |
| Sterlingspund | 132,64 | 133,28 |
| Evra | 89,78 | 90,28 |
| Dönsk króna | 12,061 | 12,131 |
| Norsk króna | 11,245 | 11,311 |
| Sænsk króna | 9,670 | 9,726 |
| Japanskt jen | 0,557 | 0,5602 |
| SDR | 100,52 | 101,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,8356

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gleðiganga hinsegin daga leggur af stað frá Hlemmi klukkan 14 í dag:

# Þrjátíu atriði í Gleðigöngu í ár

**HÁTÍÐ** Gleðigangan á hinsegin dögum í Reykjavík leggur af stað frá Hlemmi í dag klukkan 14. Þátttakendur voru í óða önn að undirbúa sig fyrir sýninguna á verkstæði hinsegin daga í gær.

„Þetta er allt mjög vel skipulagt,“ segir Fríða Agnarsdóttir verkstæðisstjóri. „Fólk sendi bara inn umsókn um að fá að sýna atriði. Svo eru atriðin skipulögð hvert fyrir sig. Þau eru af öllum toga, pólitísk, ópólitísk, skemmtiatriði, táknræn og fleira.“

Gangan var fyrst farin árið 2000 og mættu þá um fimmtán þúsund manns. Hún hefur farið ört stækkandi og búist er við um 50 þúsund manns í ár.

Um þrjátíu atriði verða í göngunni, að sögn Fríðu. Helmingur þeirra verður á vögnum eða bílum, en hinn helmingurinn verður á tveimur jafnfljótum. Hópanir eru misstórir, í þeim fámennasta eru fjórir, en í þeim stærsta um þrjátíu manns.

„Það eru vissir hópar sem eru alltaf, forvarnahópurinn, ástarhópurinn, trúarhópurinn og ungliðarnir,“ segir Fríða. Hún segist ekkert geta gefið upp um hvernig atriðin muni líta út. „Það verður bara að koma í ljós, fólk verður að mæta og sjá.“ - sgj



**HINSEGIN DAGAR** Unnið var hörðum höndum að því að undirbúa vagnana á verkstæðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sextán ára tekin á vélhjóli:

# Fékk hjólið lánað hjá mömmu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði í fyrrakvöld sextán ára stúlku á vélhjóli þegar hún ók gegn rauðu ljósi í Lækjargötu í Reykjavík. Hjólið var svokallað létt vélhjól, sem hægt er að fá réttindi á fimmtán ára, og því hefði stúlkan getað verið með leyfi til að aka hjólinu. Svo var hins vegar ekki og kom í ljós að hjólið var í eigu móður stúlkunnar.

Þær upplýsingar fengust hjá lögreglu að líklega hafi stúlkan ekki tekið hjólið ófrjálsri hendi, heldur hafi hún fengið það að láni frá móður sinni, þótt hún væri réttindalaus. - sh

Sýslumaðurinn í Keflavík:

# Lögbannskröfu Smáíss vísað frá

**FJÖLMIÐLAR** Lögbannskröfu á hendur Pétri Péturssyni, umsjónarmanni vefsíðunnar skydigital.is, var vísað frá hjá sýslumanninum í Keflavík í gær. Samtök myndrétthafa á Íslandi, Smáís, höfðu gert kröfuna vegna sölu á Skyáskriftarkortum í gegnum vefinn.

Friðjón Örn Friðjónsson, lögmaður Péturs, segir fulltrúa sýslumanns hafa talið að ekki væri ljóst að umbjóðandi hans hefði gerst brotlegur, en forsvarsmenn Smáíss vilja meina að sala á Skyáskriftarkortum brjóti í bága við höfundarréttarlög. Pétur sagðist ekki vilja tjá sig um málið þegar leitað var eftir því. - sþs



**ENSKI BOLTINN** Anderson, nýr leikmaður Manchester United, stóð sig vel í æfingaleik nýverið. NORDICPHOTOS/AFP

Samstarfssamningur:

# Áskrifendur Sýnar 2 fá DV

**FJÖLMIÐLAR** DV og 365 miðlar hafa gert samning um efnisumfjöllun um enska boltann í DV og dreifingu á blaðinu til áskrifenda Sýnar 2. Allir áskrifendur munu fá mánudagsblað DV sent heim til sín sér að kostnaðarlausu. Fyrsta blaðið mun berast næstkomandi mánudag.

Í blaðinu verður 12 síðna aukablað þar sem fjallað verður um ensku knattspyrnuna, farið yfir úrslit helgarinnar og stöðuna í deildinni. - sgj

# Biðu í níu klukkustundir við landamæri Mongólíu

**Sverrir og Einar Þorsteinssynir komu til Íslands í gær eftir tæplega 100 daga hnattreisu á mótorhjólum. Þeir keyrðu yfir 32 þúsund kílómetra og fóru um þrettán lönd. „Stóðum saman sem einn maður,“ sögðu þeir.**

**FÓLK** „Þetta er ólýsanleg tilfinning, móttökur sem við bjuggumst ekki við,“ sögðu Sverrir og Einar Þorsteinssynir í gær við komuna í Mótor-Max á Kletthálsi. Þaðan lögðu þeir upp í hnattreisu sína 8. maí, eða fyrir 95 dögum.

Fjöldi manns, bæði fjölskylda og vinir, tók á móti þeim bræðrum við komuna í MotorMax. Þeir komu með flugi frá New York til Keflavíkur þaðan sem þeir óku, ásamt hópi vélhjólamanna, sem leið lá til Reykjavíkur.

Þegar þeir voru spurðir hvernig þeim hefði dottið í hug að fara í þessa ferð sögðu þeir að þessi hugmynd hefði lengi verið að gerjast í huga þeirra. „Við ákváðum að láta drauminn rætast og sjáum alls ekki eftir því. Við skorum á alla sem hafa hugleitt einhver svona ævintýri að hætta að hugsa um þau og framkvæma þau,“ segja þeir.

„Í grófum dráttum má segja að ferðin hafi gengið eins og plön gerðu ráð fyrir. Við vissum að það kæmu upp einhver vandamál sem þyrfti að leysa. Við lentum þannig séð í fullt af vandamálum en þau voru bara leyst á staðnum.“

Aðspurðir segja þeir að það hafi stundum tekið tíma að komast yfir landamæri með hjólin og nefna sérstaklega þegar þeir fóru á milli Rússlands og Mongólíu. „Við biðum í níu og hálfa klukkustund á landamærunum og vitum enn ekki eftir hverju.“

Þeir segja að það sé erfitt að nefna eitthvað eitt sem stendur upp úr í ferðinni. „Ef eitthvað stendur upp úr er það sennilega Mongólía. Þar reynir mest á okkur. Mesta ævintýramennskan og erfiðustu aðstæðurnar en um leið skemmtilegast.“

Talið berst að sambúð þeirra bræðra í næstum hundrað daga. „Sambúðin gekk vel. Við erum bræður og búnir að þekkja hvor annan lengi og þekkjum því takmörk okkar. Auðvitað áttum við okkar góðu og slæmu daga en þegar á reyndi, sérstaklega á erfiðu dögunum, stóðum við saman sem einn maður,“ sögðu þeir og héldu áfram að heilsa upp á fjölskyldu og vini sem tóku á móti þeim.

andriv@frettabladid.is



**KOMNIR HEIM** Tekið var vel á móti Sverri og Einari Þorsteinssonum við komuna til Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## PUNKTAR ÚR FERÐINNI

- Sverrir ákvað árið 2006 að leggja upp í heimsreisu á mótorhjóli. Í fyrstu stóð til að hann færi einn. Einar bróðir hans lét svo slag standa og ákvað að fara með.
- Í desember 2006 hófst undirbúningur ferðarinnar fyrir alvöru. Þeir bræður fóru í sprautur og fóru að huga að kortum og skipuleggja leiðina.
- Ferðin tók 95 daga, frá 8. maí til 10. ágúst.
- Þeir bræður keyrðu yfir 32 þúsund kílómetra um þrettán lönd. Meðal annars um auðnir Síberíu og fáfarna slóða í Mongólíu.



**EKIÐ Í HLAÐ** Bræðurnir með hópi mótorhjólamanna sem fylgdi þeim síðasta spölinn frá Keflavíkurflugvelli.


SKIPTIBÓKAMARKAÐURINN
ER BYRJAÐUR



– opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18


## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Norðlægar áttir:** Gleðigangan ætti að sleppa við úrkomu í dag, því með norðan- og norðaustanáttum birtir til hér suðvestanlands. Á Norður- og Austurlandi verður þungbúnara og má búast við súld eða skúrum á Norðausturlandi og eins á Austurlandi. Hitanum er frekar jafndreift um landið, en þó verður svalast á hálendinu, sem og í súldinni norðaustan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Norðlægur vindur 3-8 m/s og hiti 12-16 stig.

um hádegi »




» á morgun




Norðlægar áttir, 5-10 m/s

» mánudagur




Norðaustlæg átt, 5-10 m/s

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C skúrir | London | 24°C léttskýjað | Eindhoven | 25°C skýjað |
| Billund | 21°C rigning | París | 25°C léttskýjað | Basel | 24°C skúrir |
| Osló | 19°C rigning | Frankfurt | 24°C skúrir | Alicante | 31°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 12°C skúrir | Friedrichshafen | 21°C skýjað | Róm | 27°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 23°C rigning | Berlín | 23°C skýjað | Las Palmas | 24°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# ÚTSALA
# ÚTSALA



**23.400** Legubekkur - svartur
4200383
**Verð áður 27.600**




**98.995** Hornsófi - svartur m/tungu
4200322
**Verð áður 258.000**




**55.650** Skenkur
4200407
**Verð áður 159.000**




**59.600** Skenkur
4200415
**Verð áður 149.000**




**13.770 / 19.800** Skenkur lítill/stór
13452164/101
**Verð áður 45.900 / 99.000**




**50% afsláttur** Standlampar
5999907, 6000952, 6000953/4




**6.899** Borðstofustólar
4200355/
**Verð áður 14.900**




**4.232** **Designa** - stólar
4200395/4
**Verð áður 5.290**



**60 - 80% afsláttur**

**Lín Design,** íslensk hönnun
Textílvara, gjafavara, handklæði, rúmföt, matar- og kaffistell, o.fl.



**50% afsláttur**

**Gjafavara, matar- og kaffistell** - frábært úrval

Hreinlætistæki | Heimilistæki | Raftæki | Gjafavara | Búsáhöld | Smávara | Húsgögn | Ljós

## Rýmum fyrir nýjum vörum - allt að 80% afsláttur

www.egg.is

EGG
SMÁRATORGI

KJÖRKASSINN



*Finnst þér að Ísland eigi að reka eigið loftvarnakerfi?*

| | |
|---|---|
| Já | 36% |
| Nei | 64% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ert þú ánægð(ur) með að Alfreð Gíslason ætli að þjálfa handknattleikslandsliðið áfram?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Magnús Kristinsson hefur keypt sér þyrlu til að ferðast á milli lands og Eyja:

# Kemur í stað ganga til Vestmannaeyja

**FÓLK** „Ég var bara að fá mér ákveðinn farkost til að komast milli lands og Eyja og geta sinnt brýnum erindum innanlands," segir Magnús Kristinsson kaupsýslumaður, sem hefur keypt sér einkaþyrlu.

Magnús keypti þyrluna fyrir um tveimur mánuðum en er fyrst byrjaður að nota hana nú. Hann segir að hægt sé að fljúga henni milli landa ef því sé að skipta, en hyggst þó aðeins nota hana innanlands. „Við kaupum engin leiktæki," segir Magnús.

Magnús er eigandi Toyota á Íslandi og útgerðarmaður í Vestmannaeyjum. Hann segir þyrluna gagnast fyrst ekki séu göng eða aðrar góðar samgöngur til Vestmannaeyja. „Ekki hafa stjórnmálamennirnir enn leyst samgöngumálin til Vestmannaeyja," segir Magnús.

Magnús er ekki fyrsti auðmaður landsins til að kaupa sér einkaþyrlu, en Ólafur Ólafsson í Samskipum keypti sér eina á dögunum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru að minnsta kosti sex þyrlur í einkaeigu á landinu.

Þyrlan er græn með gullnum röndum og af gerðinni Bell 430. Magnús segist ekki muna hvað hún kostaði. **- sgj**



**ÞYRLA MAGNÚSAR** Magnús hyggst einungis nota þyrluna í innanlandsflug. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA




# Gagnageymslurnar þurfa ekki sæstreng

**Gagnageymslufyrirtæki flytja frekar gögn með flugvél en í gegnum sæstreng. Forstjóri Data Íslandia fagnar þó áformum um lagningu nýrra sæstrengja. Ísland er tilvalinn staður fyrir gagnageymslu, segir bandarískur sérfræðingur.**

**TÆKNI** Fyrirtæki sem sérhæfa sig í að geyma gögn nota ekki sæstreng til þess að flytja mikið magn af gögnum til og frá geymslunum. Að flytja gögn á sérútbúnum hörðum diskum með flugi er bæði fljótlegra og ódýrara, segir Sol Squire, forstjóri gagnageymslufyrirtækisins Data Íslandia.

Hibernia Atlantic tilkynnti í fyrradag að fyrirtækið hygðist leggja sæstreng til Íslands sem verður tekinn í notkun í lok næsta árs. Auk þess ætla eignarhaldsfélagið E-Farice og fyrirtækið Tele Greenland að leggja hvort sinn sæstrenginn á næsta ári.

Sol segir fréttir af lagningu nýrra sæstrengja vissulega vera góðar, en Data Íslandia notist ekki við sæstreng til þess að flytja gögn á milli. Fyrirtækið komst í fréttirnar í maí þegar áform þess um að byggja gagnageymslu í Sandgerðisbæ voru kynnt.

„Staðreyndin er sú að fyrirtæki á gagnageymslumarkaðnum notast ekki við sæstrengi til þess að flytja mikið af gögnum," segir hann. „Við höfum þróað vöru í samvinnu við tölvufyrirtækið Hitachi þar sem gögnin eru sett á harða diska, þeim pakkað saman á sérstaka kerru og hún flutt með flugi."

Jon Toigo, forstjóri bandaríska ráðgjafarfyrirtækisins ToigoPartners International og sérfræðingur í gagnageymslumálum, tekur undir með Sol. „Sæstrengur er allt of dýr og ber allt of lítið af gögnum til þess að vera raunhæfur möguleiki fyrir gagnageymslur."

Hann segist hiklaust mæla með Íslandi sem góðum stað fyrir gagnageymslur við viðskiptavini sína. „Ég trúi því að í gagnageiranum muni Ísland vera jafn mikils metið og Sviss er í bankageiranum. Hvort sem fyrirtæki vilja minnka kolefnisnotkun eða lækka rafmagnsreikninginn þá er Ísland tilvalinn kostur. Umhverfisvæna orku sem er líka ódýr er sjaldgæft að finna."

**salvar@frettabladid.is**




**GÖGN Á HJÓLUM** Sol Squire, forstjóri Data Íslandia, stendur við svokallaðan „data scooter", eða gagnakerru. Í kassanum eru harðir diskar með ógrynni af gögnum. Kassinn er síðan fluttur á milli landa með flugi, og gögnin komast til skila mun hraðar en með sæstreng.

## HVER ER MUNURINN Á GAGNAGEYMSLU OG NETÞJÓNABÚI?

Fyrirtæki í tvenns konar gagnatengdri starfsemi hafa sýnt áhuga á Íslandi, meðal annars vegna ódýru og grænu orkunnar og svala loftslagsins. Annars vegar er um að ræða gagnageymslur, og hins vegar netþjónabú eða gagnaveitur.

**Gagnageymslur** sjá um að geyma mikið magn af gögnum fyrirtækja á öruggum stað. Gögnin geta til dæmis verið upplýsingar um alla viðskiptavini fyrirtækisins, skýrslur eða hreinlega afrit af öllum upplýsingum fyrirtækisins. Hugmyndin er að koma gögnunum í geymslu, þar sem hægt er að nálgast þau síðar ef með þarf.

Í **netþjónabúum** er einnig unnið með gögn, en á allt annan hátt. Netþjónabú sjá um að halda utan um gögn fyrirtækja og deila þeim út til tölva. Í þessu tilfelli eru gögnin, sem gætu til dæmis verið vefsíður eða tölvupóstur, ekki sett í geymslu til að nálgast síðar, heldur er netþjónabúið notað til að miðla þeim út allan heim, allan sólarhringinn.

Íbúar á Kársnesi í Kópavogi ætla að senda inn fleiri athugasemdir við skipulag:

# Ræddu Kársnes við bæjarstjóra

**SKIPULAGSMÁL** Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, fundaði með stjórn samtakanna Betri byggð á Kársnesi í gær um fyrirhugaða fjölgun íbúa í hverfinu, skipahöfn og nýtt athafnasvæði á landfyllingum. Samtökin hafa mótmælt þessum framkvæmdum.

„Við áttum bara gott spjall við Gunnar," segir Arna Harðardóttir, formaður samtakanna. „Hann var búinn að gefa okkur undir fótinn með að hann væri til viðræðna um að endurskoða höfnina og athafnasvæðið á uppfyllingunni, en var ekki tilbúinn til að baka auglýsinguna um stækkun."



**ARNA HARÐARDÓTTIR**

Arna segist taka þessu svo að íbúar þurfi að senda inn fleiri athugasemdir sem bæjaryfirvöld muni svo taka til greina.

„Við höfum fengið upplýsingar um það að bæjaryfirvöld eru meðvituð um að það gangi ekki að fara í allar framkvæmdirnar og fjölgunina á íbúum, meðal annars vegna álags á gatnakerfið," segir Arna. „Við skiljum þau ekki öðruvísi en svo að þau vilji bara fresta þessari íbúafjölgun og það er ekki nógu gott fyrir okkur." **- sgj**




## 9. - 27. ágúst

# SKÓLADAGAR

## Í SMÁRALIND

Smáralind er troðfull af nýjum vörum sem skólafólk á öllum aldri þarf á að halda áður en skólinn byrjar.

Í Smáralind færðu fatnað, skó, tölvur, skólatöskur, pennaveski, ritföng, bækur og allt annað sem þig vantar til að ganga menntaveginn.

**Njóttu Skóladaganna í Smáralind!**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA /

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir forseti Venesúela?*
2. *Mosfellsbær hélt upp á afmæli sitt á dögunum. Hversu gamall er bærinn?*
3. *Í hvaða landi var slett málningu á sendiráð Íslands á dögunum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Rannsóknarnefnd flugslysa rannsakar flugslysið sem varð í Kapelluhrauni í fyrrakvöld:

# Heppnir að sleppa svona vel í hrauninu

**SLYS** Ekkert bendir til þess að bilun hafi orðið í flugvélinni sem brotlenti í Kapelluhrauni á fimmtudagskvöld. Flugkennari og nemi hans sluppu svo til ómeiddir úr slysinu.

Óhappið varð upp úr klukkan sjö á fimmtudagskvöld. Mennirnir voru við hægflugsæfingar á svokölluðu Suðursvæði sem er mikið notað fyrir slíkar æfingar. Bragi Baldursson, aðstoðarforstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa, segir allt benda til þess að æfingarnar hafi verið með eðlilegum hætti. „Vélin virðist hafa sigið aðeins til jarðar og þá hefur annar vængurinn að líkindum ofrisið með þeim afleiðingum að vélin fór að snúast um sig. Mennirnir komu henni á réttan kjöl en urðu að brotlenda í hrauninu,“ segir Bragi. Rannsókn á slysinu stendur enn yfir.

Flugvélin, sem er eins hreyfils kennsluvél af gerðinni Cessna-152, lenti á hjólunum en hvolfdi síðan.

Mennirnir kölluðu sjálfir eftir aðstoð Neyðarlínu og var þyrla Landhelgisgæslunnar send á vettvang þar sem erfitt var að komast akandi að slysstað. Mennirnir voru fluttir til skoðunar á slysadeild en fengu að fara heim að henni lokið.



**ENDAÐI Á HVOLFI** Slysið virðist hafa átt sér eðlilegar orsakir en rannsókn stendur enn yfir. Vélin var í kennsluflugi þegar slysið átti sér stað. MYND/MAGNÚS RAGNARSSON

Mildi þykir að ekki fór verr en vélin, sem er í eigu flugfélagsins Geirfugls, er talin ónýt. Var í undirbúningi að flytja hana. - þo

Sami aðgangur að gögnum heima og í vinnunni
Fjarvinnulausnir
Það er Síminn



**LAUGAVEGUR 4-6** Formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar segir að vinna við húsverndaráætlun taki langan tíma og það sé óraunhæft að setja allar framkvæmdir í miðborginni í biðstöðu á meðan. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**HANNA B. KRISTJÁNSDÓTTIR**



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**

# Viðsnúningur hjá vinstri grænum

**Vinstri grænir hafa gagnrýnt niðurrif húsanna við Laugaveg 4-6 sem Reykjavíkurlistinn heimilaði á sínum tíma. Þverpólitísk sátt er innan borgarstjórnarinnar um að leggjast í gerð heildstæðrar húsverndaráætlunar fyrir alla borgina.**

**SKIPULAGSMÁL** „Ég hef alltaf verið talsmaður verndunarsjónarmiða og hef aldrei verið í Reykjavíkurlistanum svo það er alls ekki um neinn viðsnúning að ræða hjá mér,“ segir Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna í skipulagsráði, en hún lagðist gegn niðurrifi húsanna við Laugaveg 4-6 á fundi skipulagsráðs á miðvikudag. Það var Reykjavíkurlistinn sem heimilaði niðurrif húsanna á sínum tíma.

Árni Þór Sigurðarson, borgarfulltrúi vinstri grænna, segist standa með ákvörðun Svandísar og fulltrúa F-listans um að mótmæla niðurrifi húsanna jafnvel þótt hann hafi verið hlynntur því í tíð Reykjavíkurlistans.

„Ég stóð ekki í vegi fyrir uppbyggingu á þessum reit eins og skipulagið leit út þegar ég var formaður skipulagsráðs. Á næsta kjörtímabili voru gerðar breytingar á skipulaginu sem heimiluðu mun meira byggingamagn á lóðinni. Ég lét skýrt í ljós að ég hefði mikinn fyrirvara á því enda þótti mér sem svo að verið væri að víkja frá þeirri sátt og málamiðlun sem náðst hafði á kjörtímabilinu á undan,“ segir Árni.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarstjórn lögðu til í sumar að gerð yrði heildstæð húsverndaráætlun fyrir alla borgina. Sú tillaga var samþykkt samhljóma og henni vísað inn í yfirstandandi vinnu um nýtt aðalskipulag borgarinnar. Í bókun Vinstri grænna og fulltrúa F-lista, frá því á miðvikudag þegar niðurrif húsanna var endanlega samþykkt, segir að í ljósi þess að vinna við aðalskipulag standi yfir og líkur séu á að heildstæð húsverndaráætlun líti dagsins ljós sé „varað við að óafturkræfar ákvarðanir verði teknar á þessu stigi.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, segir að vinna við skipulag lóðarinnar við Laugaveg 4-6 hafi tekið langan tíma og það hafi verið eðlilegt að ljúka ferlinu. „Þessi samþykkt er í fullu samræmi við gildandi deiliskipulag sem R-listinn, þar með talið Vinstri grænir, höfðu forgöngu um á sínum tíma,“ segir Hanna og kveðst ekki geta sagt til um hvort heildstæð húsverndaráætlun komi til með að breyta þeim áætlunum sem liggja fyrir um niðurrif gamalla húsa í miðborginni.

„Samfylkingin lagði þessa tillögu fram og það var full samstaða um að vísa henni til frekari skoðunar. Ég efast um að sú vinna muni leiða til stórtækra breytinga á því deiliskipulagi við Laugaveg sem samþykkt var á sínum tíma,“ segir hún.

thorgunnur@frettabladid.is

## LAUGAVEGUR 4-6

Í Húsaskrá Minjasafns Reykjavíkur segir að húsin við Laugaveg 4-6 hafi menningarsögulegt gildi. Húsið við númer 4 er byggt árið 1890 og merkilegt fyrir þær sakir að það er fyrsta atvinnuhúsnæði sem byggt var við Laugaveg. Hús númer 6 er byggt árið 1871.

Þrátt fyrir aldur húsanna lagðist Húsafriðunarnefnd ekki gegn niðurrifi þeirra. Magnús Skúlason, forstöðumaður nefndarinnar, segir að þar sem lítið sé eftir af upprunalegu útliti húsanna hafi ekki þótt ástæða til að gera athugasemd við skipulagið. „Mín skoðun er sú að það hefði þurft að skoða allan Laugaveginn sem eina heild í stað þess að skipuleggja bletti hér og þar þar sem á að rífa gamalt og byggja nýtt,“ segir Magnús.

Á lóðinni við Laugaveg 4-6 á að rísa fjögurra hæða steinsteypt hótel- og verslunarhús.

3
Þrefaldur pottur!
Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is
Lottó
lotto.is

Enn óskilamunir í Eyjum:

# Fá ekki gögn um eigendur

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur aðallega fengist við það í vikunni að koma óskilamunum til eigenda sinna eftir þjóðhátíð. Varðstjóri segir að eftir að mynd af mununum birtist á forsíðu Morgunblaðsins hafi síminn ekki stoppað í sólarhring.

Enn á eftir að koma út nokkrum farsímum, og gagnrýnir varðstjórinn annað stóru símafyrirtækjanna fyrir að vera miður liðlegt. „Það er ákveðið símafyrirtæki sem neitar að aðstoða okkur við að finna eigendur símanna og heimtar dómsúrskurð frá okkur. “ - sh

850 manna lið til þjónustu reiðubúið
Það er Síminn

# Ótrúlegt verð

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.



## Acer fartölva AS3694WLMI

- 15.4" WXGA skjár (1280x800)
- 1.86Ghz Intel Celeron M 440 Centrino Örgjöfi
- Intel GMA950 PCI Express 128MB skjákort
- 1024MB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 80GB hljóðlátur 5400rpm harður diskur
- Acer 3DSonic hljóðkort með hljóðnema
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- Innbyggður 5 in 1 kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 3 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 35,8x3,6x26,5
- þyngd: 2,77kg+

Verð aðeins
**59.990 kr**
**5.756 kr**
á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



## Asus fartölva X51R-AP009A

- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x800)
- Intel Celeron M 520 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X1100 128MB skjákort
- 1024MB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 36,5x3,5x26,4
- þyngd: 2,8kg

Verð aðeins
**69.990 kr**
**6.691 kr**
á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



## Asus fartölva F5R-AP138C

- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T 2130 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X1100 128MB skjákort
- 1024MB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Azaila samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 36,5x2,7x26,2
- þyngd: 2,65kg

Verð aðeins
**89.990 kr**
**8.559 kr**
á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



## Acer fartölva 5633WLMI-2G120

- 1.67GHz Intel Core 2 Duo T5500
- 2MB flýtiminni
- 2GB Dual DDR2 533MHz 200pin, stækkanlegt í 4GB
- 120GB Ultra ATA100 hljóðlátur harðdiskur 5400RPM
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
- 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800
- Intel GMA950 PCI Express með allt að 224MB minni
- High Definition hljóðkerfi með Acer 3DSonic hátölurum og hljóðnema
- Snertinæm músarstýring með 4-átta skruni
- Innbyggt 10/100 netkort og 56K mótald
- Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11abg netkort með loftneti í skjá
- Windows Vista Home Premium
- þyngd aðeins 2.7Kg
- Stærð í cm (bxhxd) 35,8x3,6x27,1
- 4xUSB 2.0, VGA, Mic,

Verð aðeins
**94.990 kr**
**8.972 kr**
á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



## Asus fartölva F3SE-AS069C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 DUO T5450 örgjörvi
- ATI MOBILITY(tm) RADEON® X2500 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- BlueTooth
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, Firewire, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 36,5x3,5x26,4 og þyngd: 2,8kg

Verð aðeins
**119.990 kr**
**11.363 kr**
á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði

Gildir á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

Fasteignir á Spáni
Nýr valkostur!
Höfum hafið sölu á glæsilegum húsum og íbúðum á Almería svæðinu á suðausturströnd Spánar. 150 km til Malaga - 200 km til Murcia - 250 km til Alicante.
bspain
Property builders since 1966
OPIÐ Í DAG kl. 12 - 17
Snorrabraut 27, sími 534 1599 - Netfang petrina@bspain.com
www.bspain.com

Candover býður formlega í hollenska félagið Stork og dregur úr eignarhaldskröfum:

# Tilboðið ekki tekið alvarlega

**VIÐSKIPTI** Breski fjárfestingasjóðurinn Candover hefur lagt fram formlegt yfirtökutilboð í hollensku iðnaðarsamstæðuna Stork N.V. upp á 47 evrur á hlut. Tilboðið er háð samþykki 80 prósenta hluthafa, en Candover kveðst tilbúið að lækka það hlutfall í 65 og jafnvel 51 prósent, fáist fyrir því samþykki stjórnar Stork.

Marel ræður yfir rúmlega 25 prósenta hlut í Stork í gegnum eignarhaldsfélagið LME og hefur hug á að kaupa matvælavinnsluvélahluta Stork. Candover vill ekki skipta félaginu upp og er sú fyrirætlan í samræmi við vilja stjórnar Stork, sem lýst hefur stuðningi við yfirtökutilboð Candover. „Við tökum ekki alvarlega yfirtökutilboð sem eru undir gengi hlutabréfa á markaði,“ segir Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels og framkvæmdastjóri Eyris Invest, en kveðst ekki vilja tjá sig frekar um þróun mála að sinni.


**Á HLUTHAFAFUNDI Í SUMAR** Árni Oddur Þórðarson stjórnarformaður og Hörður Arnarson forstjóri Marels ræða málin á hluthafafundi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gengi bréfa Stork var í gær 48 evrur á hlut og hefur haldist nálægt því verði um skeið. LME eignarhaldsfélag ehf. er í sameiginlegri eigu Eyris, Marels og Landsbankans.

Hluthafar Stork hafa frá og með næsta mánudegi fram til klukkan fjögur þriðjudaginn 4. september. Boðað hefur verið til sérstaks hluthafafundar í Stork undir lok þessa mánaðar þar sem farið verður yfir tilboðið. - óká

Að hringja í ömmu á Sigló á föstudagskvöldi og leggja ekki á fyrr en um kaffileytið á sunnudegi
Í Betri leið í heimasíma (Langbestur, mánaðargjald 3.490 kr.) má tala fyrir 0 krónur úr heimasíma í alla aðra heimasíma á Íslandi – endalaust
Það er Síminn

# Greiða fyrir hleranir utan vinnutíma

**Póst- og fjarskiptastofnun hefur úrskurðað að lögreglunni sé skylt að greiða kostnað símafyrirtækis vegna hlerana utan skrifstofutíma. Lögreglustjóri segir engan ágreining um þetta. Úrskurðurinn hafi ekki áhrif á hleranir lögreglu.**

**HLERANIR** „Það er enginn ágreiningur af okkar hálfu við [Vodafone] um að þessi viðbótarkostnaður falli á lögregluna,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur úrskurðað að lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu beri að greiða reikninga frá Og fjarskiptum (Vodafone) vegna hlerana.

Lögreglan hafði kvartað við stofnunina vegna tveggja reikninga fyrir hlerun á þremur símanúmerum. Taldi lögreglan að Vodafone væri ekki heimilt að rukka fyrir þjónustuna, því í lögum segir að fjarskiptafyrirtæki skuli veita yfirvöldum aðgang að búnaði til hlerunar símtala, án endurgjalds.

Einnig segir að fyrirtækið hafi sent reikninga sem ekki voru sundurliðaðir. Lögreglan hafi því engar forsendur til að leggja mat á réttmæti þeirra. Lögreglan hafi þó símreikninga sem séu mun lægri frá Símanum. Tekið er fram að lögreglan viti ekki hvort þeir reikningar séu sambærilegir.

Vodafone sagði á móti að málið snerist ekki beint um tilgreindan aðgang að búnaði til hlerana. Aðgangur lögreglu kosti fyrirtækið um tvær milljónir á ári, sem greiðast til Símans.

Fyrirtækinu hafi hins vegar borist hleranabeiðnirnar utan skrifstofutíma og þurft að greiða bakvaktarútkall tæknimanns.

Í greinargerð fyrirtækisins er fallist á að sendir reikningar hafi verið ófullnægjandi. Brugðist verður við því.

Stefán Eiríksson rak ekki minni til upphæðar reikninganna, þegar Fréttablaðið náði af honum tali, um að langt væri liðið. Að öllu jöfnu kosti „ekki neitt að hlera, nema þegar kalla þarf til tæknimenn á óhefðbundnum tíma. Annars er þetta unnið hjá lögreglunni með búnaði sem hún hefur yfir að ráða,“ segir hann.

Stefán kveður málið löngu útkljáð og misskilninginn hafi stafað af reikningum sem ekki voru sundurliðaðir. Lögreglan hafi ekki verið með á hreinu hvað var verið að rukka fyrir. „Þegar farið var yfir málið með lögfræðingi Vodafone var undirstrikað af þeirra hálfu að þeir voru einungis að rukka fyrir þjónustu sem þeir þurfa annars að borga sérstaklega fyrir. Það var því fullkomlega sanngjarnt og eðlilegt af þeim að óska eftir greiðslu fyrir bakvaktaþjónustuna,“ segir Stefán.

Lögreglustjóri hafði ekki lesið endanlegan úrskurð en taldi að hann myndi ekki hafa áhrif á hleranir lögreglunnar í framtíðinni.

klemens@frettabladid.is


**HLERUN** Lögreglan þarf að greiða sérstaklega fyrir kostnað við hleranir utan skrifstofutíma, þegar kalla þarf til tæknimann. Annars sér hún um þær sjálf. Lögreglustjóri segir þetta ekki hafa áhrif á hleranir. MYND/ÚR SAFNI


**STEFÁN EIRÍKSSON**

ÞÚ GRÆÐIR EKKERT
Á ÞVÍ AÐ VERSLA ANNARS STAÐAR
Nokia N95 - sá öflugasti
Íslensk valmynd
GPS staðsetningartæki
5 MP myndavél með Carl Zeiss linsu
2,6 tommu skjár
MP3 og vídeó spila
Nálægt DVD gæðum í video upptöku
640x480 pixlar, 30 rammar á sek.
Allt að 6,5 klst. í tali
3G kerfi og WiFi
og svo miklu meira
Almennt verð: 84.995 kr.
Farsímalagersverð: 77.990 kr.
Tilboðið gildir til 15. ágúst 2007
Tilboðsverð kr. 69.990
Farsímalagerinn.is



Að svara tölvupósti með farsímanum þegar þú bíður eftir að komast á teig á fyrstu holu
Blackberry
Það er Síminn

Grunnskólamál í Reykjavík:

## Gengur vel að ráða kennara

**MENNTUN** Betur gengur að ráða kennara til starfa í grunnskólum Reykjavíkur en útlit var fyrir í byrjun sumars, eftir því sem segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Búið er að manna yfir 90 prósent af þeim stöðum sem þarf. Enn vantar 140 starfsmenn, þar af 69 kennara.

Nú þegar tæpar tvær vikur eru þangað til grunnskólar borgarinnar verða settir eru kennarastöður því fullmannaðar. Óvenju margir kennarar í Reykjavík eru í námsleyfi eða í launalausu leyfi og hafði það áhrif á stöðuna. - sþs




**NÝJUNG!** Brasilía, Natal



Borgin Natal í Brasilíu er nýr áfangastaður í ár. Sambataktur, sól og stanslaus gleði á einum fallegasta stað í Suður Ameríku. Natal er einn sólríkasti staður Brasilíu og býður upp á óðruvísi strendur og skoðunarferðir en flestir þekkja.

**Glæsilegt úrval skíðaferða**



Skíðaferðirnar okkar hafa verið vinsælar undanfarin ár. Reynsla okkar af skipulagningu á skíðaferðum skilar sér í fjölbreyttu úrvali nú í ár. Madonna og Selva eru alltaf flottir áfangastaðir og að sjálfsögðu bjóðum við einnig upp á ferðir til Austurríkis.

Nú er vetrarbæklingur Úrvals-Útsýnar, Vetrarfrí, kominn út. Þar er að finna fullt af nýjungum í bland við traustar og góðar ferðir. Helst ber að nefna hina framandi Brasilíu. Höfum einnig hafið samstarf við Icelandair sem gefur viðskiptavinum okkar m.a. möguleika á að ferðast um á Saga Class. Kíktu í vetrarbæklinginn og finndu áfangastaðinn þinn í vetur.

ÚRVAL·ÚTSÝN

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI!**

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.993 **-3,47%**

**Fjöldi viðskipta:** 1475
**Velta:** 34.736 milljónir

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **EXISTA** | 6,47% |
| **FØROYA BANKI** | 5,00% |
| **CENTURY ALUMIN.** | 4,70% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,98 -3,34% ... Bakkavör 65,30 -2,25% ... Eimskipafélagið 40,20 -1,35% ... Exista 33,25 -6,47% ... FL Group 26,05 -2,07% ... Glitnir 27,90 -3,29% ... Icelandair 27,55 -4,17% ... Kaupþing 1.118 -3,45% ... Landsbankinn 38,30 -3,53% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,00% ... Straumur-Burðarás 19,80 -3,65% ... Össur 103,50 -2,82% ... Teymi 5,61 -3,94%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Venjulegur miðvikudagur?**

Ríkisstarfsmenn sitja gjarnan undir góðlátlegum glósum um að vera lausari við en þeir sem helga líf sitt einkageiranum. Ekki ætlar höfundur þessa dálks í að setjast í dómarasæti í þeim efnum. Hitt er annað mál að blaðamaður hringdi í Seðlabankann einn rigningardag í þessari viku og bað um að fá að ræða við starfsmann á gjaldeyrissviði. Símastúlkunni brá nokkuð við þessa bón, og kom eftir dúk og disk með þau svör að allir á gjaldeyrissviði hefðu lokið störfum þann daginn. Slíkt væri líklega ekki í frásögur færandi, nema ef klukkan hefði ekki verið 15.04 á miðvikudegi og hellirigning úti. Því má spyrja hvenær starfsmenn Seðlabankans ljúka störfum á föstudögum í júlí þegar sólin skín og hitinn nálgast tuttugu gráðurnar?



**Heimsklassaharmonikka í Norrænu**

Frá því er greint í Sósíalnum í Færeyjum að undir lok mánaðarins geti þeir sem ferðast með Norrænu siglt við undirleik færustu harmónikkuleikara heims. Farinn verður sérlegur nikkutúr dagana 27. til 29. ágúst þar sem meðal færeyskra tónlistarmanna kemur einnig fram „búlgarski harmónikkusnillingurinn“ Peter Ralchev, svo notað sé orðalag Sósíalsins. Fimmtudaginn 30. ágúst kemur Norræna svo væntanlega til Seyðisfjarðar venju samkvæmt. Spurning hvort þá verður slegið metið sem sett var í byrjun mánaðarins þegar með skipinu komu alls 1.214 farþegar og 408 bílar. Alls komu þá og fóru um Seyðisfjarðarhöfn með Norrænu 2.247 farþegar á einum degi og hafa þeir víst aldrei verið fleiri.

## MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeild Landsbankans spáir því að vísitala neysluverðs muni hækka um 0,1 prósent milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar tólf mánaða verðbólga úr 3,8 prósentum í 3,5 milli mánaða.

OMX Nordic Exhcange Iceland hf. hefur samþykkt beiðni um afskráningu hlutabréfa Actavis Group hf. af aðallista Kauphallarinnar. Félagið verður afskráð eftir lokun viðskipta næsta mánudag.

Hagnaður norska félagsins Aktiv Kapital á öðrum ársfjórðungi nam 160 milljónum norskra króna. Það nemur um 1,8 milljörðum íslenskra króna. FL Group á um þrettán prósenta hlut í félaginu.

## Afkoman yfir spám

Hagnaður Marel Food Systems nam 7,4 milljónum evra, jafnvirði 670,8 milljóna íslenskra króna, á öðrum fjórðungi ársins samanborið við 797 þúsund evrur, 71,9 milljónir króna, fyrir ári. Afkoman er yfir væntingum en meðalspá hljóðaði upp á 6,8 milljónir evra.

Fram kemur í uppgjöri Marels að hlutabréf í hollensku iðnsamsteypunni Stork NV séu færð á markaðsvirði og koma fram í 6,6 milljóna hagnaði í hlutdeildarfélagi.

Eigið fé Marels nam 158,3 milljónum evra og eiginfjárhlutfall var 40,8 prósent í lok júní. - jab


# Búlgaría

## 20. ágúst frá kr. 44.995

### Sértilboð - Glarus íbúðir

Golden Sands í Búlgaríu hefur slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú frábært tilboð á Glarus íbúðahótelinu. Nýlegar og fallegar íbúðir meða einu svefnherbergi, baðherbergi, stofu og eldhúskrók, síma og gervihnattasjónvarpi. Góður sundlaugagarður með barnalaug og sólbekkjum, veitingastað, snyrtistofu og fleiru. Golden Sands býður þín með með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugt næturlíf.



Frábær gisting Aðeins 4 íbúðir í boði!

**Kr. 44.995**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2 - 11 ára í íbúð í viku.

**Kr. 54.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í íbúð í viku.

Terra Nova PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 • www.terranova.is
Akureyri símim: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500


# Sumarið þurrkaðist út

**Hlutabréfavísitölur lækkuðu talsvert víða um heim í gær, annan daginn í röð. Seðlabankar í Bandaríkjunum og Evrópu brugðust við með lánavilyrðum til fjármálafyrirtækja til að koma í veg fyrir lausafjárskort.**



**MIÐLARI HORFIR Á LÆKKUNINA** Gengisvísitölur á hlutabréfamörkuðum lækkuðu á öllum fjármálamörkuðum víða um heim í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tónninn að lækkanahrinunni var sleginn við lokun viðskipta á bandarískum hlutabréfamarkaði á fimmtudag, en þrjár helstu vísitölurnar þar í landi fóru niður um tvö til þrjú prósent. Á eftir fylgdu markaðir í Asíu en Nikkei-vísitalan í Japan fór niður um 2,40 prósent í gær. Evrópskir markaðir fóru ekki varhluta af hrinunni því lækkunin í álfunni var svipuð og á öðrum mörkuðum. Ótti fjárfesta í Bandaríkjunum varð svo aftur að veruleika við opnun markaða í gær en þá hélt niðursveiflan áfram.

Íslenskur hlutabréfamarkaður fylgdi sveiflunni en hækkun vísitölunnar í sumar þurrkaðist út þegar Úrvalsvísitalan lækkaði um 3,47 prósent og endaði í 7.993 stigum en hún hefur ekki verið lægri síðan um miðjan maí síðastliðinn. Lægst fór hún hins vegar í 7.965 stig yfir daginn. Vísitalan hefur ekki lækkað jafn mikið á einum degi síðan í skellinum í byrjun apríl í fyrra en þá fór hún niður um 4,65 prósent á einum degi að undangenginni lækkun á lánshæfi ríkisins og umfjöllunum um stöðu íslensku bankanna erlendis.

Fjármálafyrirtæki draga lestina hér líkt og erlendis nú en fjárfestingafélög fylgja þeim fast á eftir í lækkanahrinunni.

Rót lækkunarinnar nú liggur í samdrætti á bandarískum fasteignamarkaði sem fyrst varð vart í byrjun árs á svokölluðum „subprime“ markaði, sem einkum sér að lánveitingum til einstaklinga með slæmt lánshæfi. Áhrifanna gætti lítillega á alþjóðamörkuðum í fyrstu en lánafyrirtæki í Bandaríkjunum tóku á sig stærsta skellinn.

### HELSTU VÍSITÖLUR

| | Lækkanir í % |
|---|---|
| **Bandaríkin:*** | |
| Dow Jones | - 1,73 |
| Nasdaq | - 0,20 |
| S&P 500 | - 1,60 |
| **Evrópa:** | |
| Úrvalsvísitalan (Ísland) | - 3,47 |
| FTSE 100 (Bretland) | - 3,70 |
| DAX (Þýskaland) | - 1,50 |
| CAC 40 (Frakkland) | - 3,10 |
| **Asía:** | |
| Nikkei (Japan) | - 2,40 |

*** Skrifað fyrir lokun markaða**

Stór hluti lækkunarinnar nú liggur hjá BNP Paribas, einum stærsta banka Frakklands, sem skrúfaði fyrir veitingar úr þremur fasteignalánasjóða sinna til fjárfesta næstu daga vegna hættu á lausafjárskorti í skugga samdráttar í Bandaríkjunum.

Seðlabankar í Evrópu, Bandaríkjunum, Japan og í Ástralíu hafa brugðist við stöðunni með því að opna pyngjur sínar og gefa fjármálafyrirtækjum vilyrði fyrir lánum á góðum kjörum til að fyrirbyggja lausafjárskort. Að sögn fréttaveitu Bloomberg hefur ekki verið gripið til viðlíka aðgerða síðan hryðjuverk voru framin í Bandaríkjunum 11. september árið 2001. jonab@frettabladid.is

# 365 ekki lengur hluthafi í DV

365 hf. hefur selt fjörutíu prósenta hlut sinn í Dagblaðinu-Vísi útgáfufélagi til Hjálms, félags í eigu Baugs. Hjálmur á eftir viðskiptin 89 prósent hlutafjár í DV.

Ari Edwald, forstjóri 365, segir að salan hafi verið í samræmi við stefnu félagsins að einbeita sér að kjarnarekstri þess, svo sem útgáfu Fréttablaðsins.

Hann segir að við breytingar sem urðu á prentútgáfu 365 miðla í byrjun þessa árs hafi útgáfurétturinn á DV verið seldur til útgáfufélags DV. Þar með varð 365 hluthafi í DV.

Í dag eru stærstu hlutdeildarfélög 365 helmingshlutur í Ísafoldarprentsmiðju og 37,5 prósenta hlutur í Pósthúsinu.

Mikill bati varð á rekstri 365 á fyrri árshelmingi samanborið við 2006. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 413 milljónum króna og jókst um 247 prósent.

Stjórnendur 365 hafa unnið að því hörðum höndum að lækka skuldir félagsins og þar með vaxtakostnað með eignasölu og endurfjármögnun. Fram kom í máli Viðars Þorkelssonar, fjármálastjóra 365, á afkomufundi, að aðeins fimmtungur af vaxtaberandi skuldum fyrirtækisins væru í erlendri mynt, enda byggðist það á því mati að krónan hefði verið of sterk. Hann sagðist búast við að hlutfall erlendra lána yrði aukið í allt að helming með veikingu krónunnar. „Það mun lækka vaxtabyrði félagsins,“ bætti hann við. - eþa



**ARI EDWALD OG VIÐAR ÞORKELSSON** Vægi erlendra lána gæti aukist með veikingu krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Að gera ekki upp á milli vina sinna sama hvar þeir eru í viðskiptum

Með Betri leið í GSM nýtist inneignin þín á milli símkerfa

Það er Síminn


## Úrvalsvísitalan Mosaic fátækari

Breska tískuvörukeðjan Mosaic Fashions verður fjarlægð úr Úrvalsvísitölu Kauphallarinnar á mánudag í kjölfar þess að félagið Tessera Holding ehf. og tengdir aðilar hafa eignast 99,8 prósent í félaginu. Fyrirtækið var skráð á markað fyrir tveimur árum.

Mosaic Fashions rekur tískuvöruverslanirnar Karen Millen, Oasis, Warehouse, Whistles, Shoe Studio, Coast og Principles. Á þriðja ársfjórðungi síðasta árs bættist svo verslanakeðjan Rubicon Retail í hópinn. - jab


100% FJÁRMÖGNUN
Nýr Chevrolet Lacetti Station
á aðeins 25.827,- á mán.*
100% fjármögnun
Engin útborgun
Í erlendri mynt, vextir 4,27%
3 ára ábyrgð
LÆKKAÐ VERÐ
LACETTI
Aukbúnaður á mynd: Álfelgur
Chevrolet Lacetti 1800cc
frá GM stærsta bílaframleiðanda í heimi
Verð: 1.799.000,- Við auglýsum ekki verð frá!
Engin útborgun...
...og þú ert kominn á nýjan fjölskyldubíl!
Lacetti
*m.v. gengi 24.07.07 og 84 mánaða bílasamning (í erlendri mynt, vextir 4,27%)
Vertu klár – engin útborgun fyrir nýjan bíl
Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun og borgar aðeins 25.827 kr. á mánuði. Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með 3ja ára ábyrgð og Chevrolet gæðastimplinum. Vertu því klár, komdu og kynntu þér málið.
Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000
www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00
Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum. Bílasala Vesturlands, Borgarnesi.
CHEVROLET




GOTT FÓLK / Myndskreyting: Halldór Baldursson


Hommar og lesbíur, til hamingju með daginn.
22
Landsbankinn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Brýnt er að endurskoða lög um húsafriðun.

## Hálfrar aldar afmæli Árbæjarsafns

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Það hittist svo illa á að í dag koma borgarfulltrúar saman í Árbæ og fagna hálfrar aldar afmæli safnsins. Aðeins fáum dögum eftir að borgarráð afgreiddi niðurrifsheimild fyrir neðstu húsin við Laugaveg. Framundan er harður slagur við Torfusamtökin og áhugamenn um vernd eldri húsa við Laugaveg. Á sama tíma huga menn að endurbyggingu eldri húsa í Grindavík, í Borgarnesi, og opna hús á ný uppgerð eins og á Ísafirði þar sem Edinborgarhúsið verður um langa framtíð bæjarprýði.

Sveitarstjórnir, eins og sú í Reykjavík, reynast hafa afar veika stefnu í húsafriðun. Borgarstjórn Reykjavíkur er tvöföld, jafnvel margföld í roðinu þegar kemur að friðun og vernd húsa. Hún tók einarða afstöðu um vernd Alliance-hússins við Ánanaust, bjargaðist raunar fyrir horn í því máli. Afstaða borgarstjórans til uppbyggingar húsanna á horni Austurstrætis var líka klár en svo runnu tvær grímur á menn.

Og víðar geta forkólfar í sveitarstjórnum ekki gert upp hug sinn. Á að rusla burt gamalli byggð í kjörnum þorpa og bæja, láta undan verktakavaldinu eða standa vörð um þá litlu byggð sem enn setur svip á þessi samfélög, þessa kunnuglegu mynd sem við seljum erlendis sem hina saklausu og hreinu ásýnd borgar okkar og bæja?

Sveitarstjórnir hafa ekki styrk til að gera betur í húsavernd en raun síðustu ára hefur sannað. Því verður að styrkja lagaramma friðunar. Lög um húsafriðun eru barn síns tíma. Hús sem enn standa og voru byggð eftir 1918 hafa elst. Ljóst er að byggingar frá þriðja, fjórða, jafnvel fimmta og sjötta áratug síðustu aldar eru einstakar margar.

Á hinn bóginn gerir allur almenningur sér grein fyrir að öllum húsum, gömlum og nýjum, verður að finna hlutverk, bæði Alliance-húsinu og Perlunni svo nefnt sé nýlegt hús sem gaman væri að nýttist betur. Fráleitt er að opinberir sjóðir standi fyrir kostnaðarsömum rekstri húseigna sem lítið nýtast. Höfði nýttist ugglaust betur sem friðað hús innra og ytra í einkaeign en sem samkomuhús fyrir stopult veisluhald borgarstjórnar Reykjavíkur. Er ekki nóg af öðrum sölum til leigu í bænum?

Á sama máta er fráleitt að sú menningarfjandsamlega stefna gagnvart eldri húseignum verði ofan á. Þær látnar drabbast niður. Það þarf að herða friðunarkröfu um eldri hús á landinu. Jafnframt þarf að skapa félagsskap um slíkar eignir eðlilegt skattaumhverfi. Fyrirtækjum í landinu er jú allt viðhald frádráttarbært en heimilunum ekki, jafnvel þó sú ráðstöfun opni glugga fyrir svarta starfsemi.

Raunin er nefnilega sú að gott viðhald og vernd eldri byggðar er góður bisness, sterk eldri byggð er sjálfstyrkingarnámskeið fyrir nútímafólk með veikar rætur, hún er aðdráttarafl fyrir gesti, hún er djásn samfélagsins, því dýrmætari sem heildarsvipur hennar, jafnvel sundurgerðin, er sterkari. Þetta fatta þeir á Laugaveginum þegar búið verður að rífa hann. En þá verður það of seint.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Afskiptur Egill

Egill Helgason fjallar um Herðubreið, væntanlegt ársfjórðungsrit frjálslyndra jafnaðarmanna, á vef sínum. Segir það greinilega svar við hinum hægrisinnuðu Þjóðmálum. Og hann bætir við: „Ég vil taka fram að ég hef einu sinni skrifað grein í Þjóðmál, en hefur ekki enn verið boðið að skrifa í Herðubreið.“ Það er einnig rétt að taka fram að enn hefur ekkert tölublað Herðubreiðar komið út. Vill ekki samt einhver í guðanna bænum hafa samband við Silfurrefinn og bjóða honum að svala tjáningarþorstanum?



### Presturinn með svarið

Mikil hystería hefur spunnist í kjölfar liðinnar verslunarmannahelgar á Akureyri. Einn þeirra sem skoðun hafa á málinu er sjálfur sóknarprestur Akureyrarkirkju, Svavar Alfreð Jónsson, sem skrifar bloggfærslu um málið með titlinum „Hvað á að gera við 3000 hamborgara?“ Hann fagnar því hversu góðum árangri það skilaði að meina ungmennum aðgang að tjaldstæðum. „En eftir standa 3000 óseldir hamborgarar. Og þá verður allt vitlaust,“ skrifar hann. Hann leggur til að haldin verði söfnun til að kaupa borgarana af grömum kaupmönnum og slegið verði upp grillveislu. Ungmenni á aldrinum 18 til 23 ára verði boðin sérstaklega velkomin.

### Yfirgengileg vitleysa

Sóley Tómasdóttir leggur út af umfjöllun Séð og heyrt um tekjumun fjölmiðlafólks eftir kyni í reiðipistli á bloggsíðu sinni. Jafnan kalla færslur Sóleyjar á holskeflu athugasemda frá misvitrum andfemínistum. Við þessa færslu kýs hins vegar að tjá sig Sigmar nokkur Guðmundsson, mágur Sóleyjar og einn þeirra sem fjallað var um í úttektinni. Hann segir grein blaðsins yfirgengilega vitlausa. „Út frá þessum ósanngjarna og villandi samanburði taka Mikael Torfason og Sóley Tómasdóttir andköf!! Þetta er beinlínis kjánalegt,“ segir Sigmar.



stigur@frettabladid.is

# Asía snýr aftur



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Fríverslun

Allt þar til um 1800 var Austur-Asía ríkasti hluti veraldar. Heimsvaldaskeið Evrópu og síðar Norður-Ameríku er tiltölulega nýtilkomið heimssögulegt fyrirbæri og verður kannski seinna skilgreint sem hliðarspor. Allt frá endalokum nýlendutímans um 1950 hafa ríki Austur-Asíu verið í hraðri sókn og gæti það að lokum leitt til þess að þau endurheimti fyrri stöðu.

Sagnaritun um nýlendutímann einkennast oft af þeirri ósögðu forsendu að forskot Evrópuþjóða hafi komið til vegna einhvers innri styrkleika sem ekki hafi verið fyrir hendi í öðrum samfélögum. Ekki er víst að sú ályktun hefði blasað við um 1800. Á 16.-18. öld voru ýmis samfélög á stigi foriðnvæðingar sem einkenndist af fólksfjölgun og aukinni handverksgerð í sveitum. Þessi þróun átti sér stað víða í Vestur-Evrópu en einnig í Austur-Asíu, t.d. í Kína og Japan.

Ástæðan fyrir því að iðnbyltingin varð í Bretlandi en ekki einhvers staðar annars staðar er sú að náttúrulegar aðstæður voru hagstæðar einmitt þar. Til voru miklar kolabirgðir sem hægt var að nota til að knýja hinar nýuppgötvuðu gufuvélar. Þessi nálægð öflugs markaðar við auðugar kolanámur var hvergi annars staðar fyrir hendi í þróuðum samfélögum.

Evrópumenn nutu einnig góðs af því að þeir réðu yfir nýlendum í Ameríku. Forsaga málsins er óhugnanleg því að undanfarnar aldir höfðu einkennst af útrýmingu frumbyggja Ameríku, þjófnaði á landi þeirra og þríhyrningsversluninni illræmdu, þar sem gríðarlegur fjöldi fólks var fluttur nauðugur frá Afríku til Ameríku. Afleiðingin var sú að á 19. öld gátu iðnríki flutt inn ódýr hráefni og landbúnaðarvörur frá Ameríku. Þar var nægt framboð af landi og ódýru eða beinlínis þrælkuðu vinnuafli.

**Iðnvæðing í skjóli tollverndar**

Iðnríki nútímans hafa upp til hópa vélvæðst í skjóli tollverndar. Á fyrri hluta 19. aldar voru innflutningstollar í Bretlandi 40% eða hærri en í nokkru öðru Evrópulandi. Innflutningstollar í Bretlandi fóru verulega hækkandi upp úr 1790 samhliða örri iðnvæðingu. Þá voru t.d. háir tollar á járnvörur frá Indlandi sem voru á þessum tíma betri en breskar járnvörur. Þar að auki fengu útflutningsfyrirtæki skattfríðindi og tollaafslátt á hráefni til iðnframleiðslu. Breskur iðnaður var þannig byggður upp undir handleiðslu ríkisins.

Bandaríkin eru enn þá skýrara dæmi um iðnvæðingu undir strangri tollvernd. Tollar voru megintekjulind Bandaríkjastjórnar til 1911 en hlutverk þeirra var einnig að vernda innlenda framleiðslu. Þannig var innlendur vefnaðariðnaður verndaður frá 1816. Árið 1817 var erlendum skipafyrirtækjum bannað að stunda strandsiglingar í Bandaríkjunum. Auður „járnbrautabarónanna“ svokölluðu var að verulegu leyti kominn til vegna opinbers stuðnings, t.d. voru stór landflæmi í ríkiseigu gefin járnbrautafyrirtækjum. Aukin iðnvæðing kallaði svo á enn harðari verndarstefnu. Á árunum 1890-1913 voru verndartollar í Bandaríkjunum á bilinu 38-57%.

**Fríverslun úr tísku?**

Háir verndartollar í iðnríkjum heyra nú sögunni til – næstum því. Þeir voru ekki afnumdir af hugsjónaástæðum. Ástæðan fyrir afnámi þeirra var fyrst og fremst sú að þeir höfðu gegnt hlutverki sínu og gert innlendum framleiðendum kleift að byggja sig upp og verða samkeppnishæfir. Iðnríki heims hafa meira eða minna byggt upp auð sinn og forystu í samkeppni með þessum hætti. Þess vegna snúast alþjóðasamningar um fríverslun einkum um iðnað því að þar hafa öflug og auðug ríki náð forskoti og vilja þar af leiðandi frjálsa samkeppni á því sviði. Hægar gengur t.d. að afnema tolla á landbúnaðarvörum enda ekkert sérstakt hagsmunamál þeirra ríkja sem stjórna alþjóðastofnunum að vinna að niðurfellingu þeirra.

En við erum aftur á leiðinni í sama far og 1800 og ekki er víst að leikreglur fríverslunar haldi áfram að vera Vesturlöndum í hag. Undanfarin ár hefur Evrópusambandið sett kvóta til að koma í veg fyrir að innflutningur á ódýrum vörum frá Kína aukist jafn hratt og hann hefur gert undanfarin ár. Í Bandaríkjunum aukast kröfur um að „bandarísk störf“ séu vernduð og æ fleiri stjórnmálamenn taka þær upp. Og þar sem Bandaríkin og Evrópusambandið stjórna alþjóðlegum viðskiptastofnunum er trúlegt að tónninn fari fljótlega að breytast þar.

Vinsæl réttlæting fyrir brotthvarfi frá fríverslun er tilvísun í „öryggishagsmuni“, sem þarf svo ekki að skilgreina sérstaklega. Þannig var kippt í pólitíska spotta í fyrra þegar auðkýfingar frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum buðu í rekstur hafna í Bandaríkjunum.

Fríverslun hefur aldrei verið forgangsatriði stórvelda þegar aðrir hagsmunir eru í húfi.

# Bera bankarnir enga ábyrgð?

**UMRÆÐAN**

Fasteignalán



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Fyrir nokkru ruddust bankarnir inn á fasteignamarkaðinn með miklum látum og buðu allt að því 100% íbúðalán og endurfjármögnun á eldri lánum. Samhliða sífellt hækkandi húsnæðisverði í Reykjavík má ætla að ýmsir hafi spennt bogann ansi hátt.

Í fréttum RÚV nýlega kom fram að sífellt fleiri leita nú til ráðgjafastofu um fjármál heimilanna vegna erfiðleika við að greiða af húsnæðislánum. Samkvæmt viðtali við starfsmann stofnunar hafa margir jafnvel aldrei getað greitt af húsnæðislánum og eiga einnig í miklum erfiðleikum með að greiða af yfirdráttarlánum. Og hvað með þá sem ná að halda í horfinu, en verða svo fyrir því að missa vinnuna eða veikjast? Hvað gera bankarnir þá?

Íbúðalánasjóður býður fólki sem lendir í greiðsluerfiðleikum vegna veikinda eða atvinnumissis upp á samninga, skuldbreytingu vanskila, frestun á greiðslum og lengingu lána. Ekkert svona er til staðar formlega hjá bönkunum, allavega ekki þeim íslensku. Í Frakklandi bjóða nánast allir bankar viðskiptavinum sínum upp á aðstoð ef þeir lenda í greiðsluerfiðleikum. Ef viðkomandi verður fyrir áfalli á borð við að missa vinnuna eða maki deyr þá eru bankar skyldugir skv. lögum að aðstoða.

Ef staðan er mjög slæm og hætta er á gjaldþroti þá er hægt að leita aðstoðar hjá Commission départementale de surendettement hjá Seðlabanka Frakklands og þeir semja við kröfuhafa fyrir þína hönd. Ef ekki nást samningar, sjá þeir um málshöfðun til að frysta greiðslur eða stoppa kröfuhafa frá því að eignast íbúðarhúsnæði skuldarans. Á móti geta þeir gert þá kröfu að húsnæðið sé selt til að greiða skuldir, en aðeins ef tryggt er að skuldarinn geti fundið annað hentugra íbúðarhúsnæði. En hér er ekkert svona til staðar.

Það er ekkert til staðar til að vernda skuldara fyrir bönkum. Löggjafinn virðist hafa haft fyrst og fremst áhyggjur af hinum stórhættulegu skuldurum og hefur m.a. tryggt að bankar fá hverja einustu krónu til baka á núvirði með verðtryggingunni auk hæstu mögulegu bankavaxta. Stefnan hefur því verið belti og axlabönd fyrir bankana, á meðan almenningur er skilinn eftir með buxurnar á hælunum. Svo segjumst við ekki skilja neitt í því hvernig bankarnir fara að því að hagnast um milljarð á viku eða meira.

*Varaþingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.*

# -2 kr.

Himinn og haf / SÍA






## ÓB-lykillinn

Nú er enn einfaldara og enn ódýrara að taka ódýrt eldsneyti hjá ÓB.
Ekkert kort, ekkert pin-númer, ekkert vesen.
Þú leggur einfaldlega ÓB-lykilinn að dælunni, færð 2 kr. afslátt og fjárhæðin fer beint af kortinu þínu.

**Allar upplýsingar um ÓB-lykilinn er að finna á vef ÓB, www.ob.is.**

ÓB ódýrt bensín

www.ob.is

Að komast á innranetið í vinnunni þótt maður sé staddur í Kúalalúmpúr
Fjarvinnulausnir
Það er Síminn

MAÐUR VIKUNNAR

# Róttækur öðlingur

Óvenjugáfaður, strangheiðarlegur og dulúðugur öðlingur með báða fætur á jörðinni. Ekki skortir lýsingarnar þegar leitað er svara við spurningunni um hvaða mann Þröstur Ólafsson hefur að geyma. En Þröstur býr líka yfir leyndum hæfileikum. Hann erfði til dæmis afbragðs söngrödd frá föður sínum heitnum. Þeir feðgar munu einnig eiga það sameiginlegt að hafa á sínum ungdómsárum brætt ófá stúlknahjörtun. Hvort það var söngröddin sem olli því er óvíst. Ef til vill var það dansinn sem Þröstur hefur gaman af að stíga við sérstök tækifæri.

Þröstur er þúsundþjalasmiður. Sveitadrengurinn að norðan hefur aldrei horfið úr hjarta hans. Unir hann sér best við að dytta að eða smíða í sumarhöll fjölskyldunnar. Þar eyða þau Þröstur og Þórunn, eiginkona hans, flestum sínum frístundum. Landinu hafa þau breytt úr eyðimörk í skóglendi og gera það af svo mikilli ástríðu að þau „nánast kynna sig fyrir hverri nýrri hríslu sem vex á landinu“ eins og góð vinkona þeirra hjóna komst að orði. Á sama hátt hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands vaxið og dafnað vel undir hans stjórn. Ræktunargleði þeirra hjóna hefur líka skilað sér í sex börnum.

Sem ungir drengir voru þeir bræður, Þröstur og Guðmundur Páll rithöfundur, miklir grallarar og sprelligosar. Þeir áttu hins vegar myndarlegan hóp eldri systra sem gættu þess að þeir færu ekki yfir strikið. Var krakkaskarinn þekktur fyrir að leiðast í halarófu hvert sem farið var og vakti það athygli í sveitinni. Þröstur skar sig úr barnahópnum að einu leyti. Á meðan önnur börn léku sér við jafnaldra sína hafði Þröstur sérstakan áhuga á furðufuglum bæjarins. Gamlir og skrýtnir karlar í bænum, sem önnur börn forðuðust, urðu hans mestu mátar. Þröstur lifði sig svo inn í tilveru þeirra að hann átti til að smitast af útlitseinkennum þeirra og gekk um skakkur og bjagaður eftir samvistir við þá.

## ÞRÖSTUR ÓLAFSSON




## ÆVIÁGRIP

Þröstur Ólafsson fæddist 4. október árið 1939 á Húsavík. Hann er sonur hjónanna Brynhildar Snædal Jósefsdóttur kennara og Ólafs Friðbjarnarsonar, bónda og verkamanns. Þröstur ólst upp á Húsavík og á bænum Heiðarbót í Reykjahverfi. Hann mun hafa gengið til allra verka af áhuga og glaðværð. Ekki átti fyrir Þresti að liggja að verða bóndi. Börn Brynhildar skyldu ganga menntaveginn. Því yfirgaf fjölskyldan sveitina og flutti á mölina árið 1955.

Reykjavík heillaði Þröst ekki í fyrstu, þótt hann ætti eftir að sættast við hana síðar. Hann fór aftur norður einn síns liðs til að nema við Menntaskólann á Akureyri. Á árunum 1962 til 1966 lærði hann hagfræði við Freie Universität í Berlín.

Ferilskrá Þrastar er löng og teygir sig inn á svið stjórnmála, menningarmála og viðskipta. Hann var framkvæmdastjóri Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á níunda áratugnum og síðar framkvæmdastjóri Miklagarðs. Hann hefur setið í stjórn Minjaverndar frá árinu 1985. Hann var hægri hönd og ráðgjafi Jóns Baldvins Hannibalssonar í utanríkisráðuneytinu. Frá árinu 1998 hefur Þröstur gegnt starfi framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Þröstur og eiginkona hans, Þórunn Klemenzdóttir, hagfræðingur og kennari við MH, eiga saman þau Klemens Ólaf, Brynjar Snæ, Guðríði Láru og Eilíf Örn. Elsti sonur Þrastar af fyrra hjónabandi, Eilífur, lést árið 1982. Sonur Þórunnar af fyrra hjónabandi er Valtýr Björn Thors.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Í vikunni auðnaðist Þresti, Árna og félögum í Máli og menningu að endurheimta Eddu útgáfu úr höndum Björgólfs Guðmundssonar, sem hafði komið þeim til bjargar eftir misheppnaðan samruna ólíkra útgáfufyrirtækja. Þeir hafa nú á nýjan leik töglin og hagldirnar í stærstu bókaútgáfu landsins. Þröstur hefur verið tengdur Máli og menningu frá árinu 1973, þegar hann gerðist framkvæmdastjóri útgáfunnar.

Á námsárunum í Vestur-Þýskalandi steypti Þröstur sér á kaf í heimspólitíkina og hugmyndafræði Marxismans. Þar eignaðist hann jafnframt sitt fyrsta barn og féll kylliflatur fyrir klassískri tónlist. Allt setti þetta svip á manninn. Aftur sneri veraldarvanur maður og mun róttækari í pólitískum skoðunum en áður. Mun hann þá hafa hlotið uppnefnið „Rudi Dutschke Íslands“. Rudi þessi var þýskur byltingarsinni og einn af leiðtogum námsmannahreyfingarinnar í Evrópu á sjöunda áratugnum. Þröstur er sagður hafa verið fyrsti íslenski maðurinn til að koma fram bindislaus í umræðuþætti í sjónvarpinu. Þótti það bera vott um hættulega róttækni. Þröstur hefur þó, að sögn samstarfsmanna, aldrei látið sér nægja upphrópanir og uppsteyt heldur ævinlega látið lausnir fylgja.

Leti er ekki til í bókum Þrastar. Hann er vinnuþjarkur og, eins og einn af samstarfsmönnum hans af vettvangi stjórnmálanna segir, eru „pólitíkusar vanir að misnota þannig menn“. Eftir heimkomuna var hann ekki lengi að sogast inn í íslenska pólitík. Hann starfaði meðal annars við hlið ráðherranna Magnúsar Kjartanssonar, Ragnars Arnalds og Jóns Baldvins Hannibalssonar. Þá var hann um hríð framkvæmdastjóri þingflokks Alþýðuflokksins. Hann varð þekktur fyrir að hika aldrei við að taka að sér verk sem myndu ekki endilega leiða til vinsællar niðurstöðu.

Vinum og vandamönnum Þrastar ber saman um að þar fari sérstaklega tryggur maður sem gott sé að hafa í sínu liði. Orð Jóns Baldvins Hannibalssonar segja sína sögu. „Ég segi það sama og breski herforinginn Rommel sagði um Maó formann. „Ef ég ætti að velja aðeins einn mann til að fara með mér inn í frumskóginn, þar sem lífi mínu væri stefnt í hættu, myndi ég taka hann með mér.“ Það hefði hins vegar aldrei hvarflað að mér að fara inn í frumskóginn með Maó.“

Krakkadagar
Nú eru krakkadagar hjá Shell.
20% afsláttur af leikföngum
og 2 fyrir 1 af Hlunkum frá Kjörís.
Allir krakkar fá blöðrur*.
2 fyrir 1
Hlunkur
Kjörís
20% afsláttur af leikföngum
*Meðan birgðir endast.
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.
Made to move

Auglýsingasími
512 50 50
Fréttablaðið
– Mest lesið

Þjónustuaðili yfir 70% íslenskra fyrirtækja
Fyrirtækjaþjónusta
Það er Síminn

# Lærdóms-samfélagið Ísland

**UMRÆÐAN**
Lærdómsmenning

Ísland hefur þróast óvenjulega hratt frá bændasamfélagi til eins menntaðasta neyslusamfélags heims. Þessum hröðu breytingum fylgja í dag bæði tækifæri sem enn eru að miklu leyti ónýtt og áskoranir sem við erum rétt að byrja að sjá.


JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

Stærstu tækifærin byggjast á því að virkja enn frekar þekkingu landsmanna, endurnýtanlega auðlind sem eykst við virkjun. Stærstu áskoranirnar felast í að draga úr samfélagsmengandi áhrifum neysluefnahagsins, sem birtist m.a. í auknu stressi, óvild, offitu og fíkn. Hvoru tveggja má ná fram með því að leggja rækt við menningu lærdóms sem hefur til virðingar þau viðhorf að fólk læri að finna hvað það raunverulega vill, hlusti á hvað aðrir vilja og finni svo sameiginlega fleti á þessari framtíðarsýn til að geta samnýtt krafta sína til að skapa þær. Velmegun og samfélagsmengun neyslusamfélagsins. Neysludrifnar efnahagsvélar ganga á óuppfylltum löngunum sem markaðsstarf kveikir til að leysa úr læðingi krafta sem knýja neyslu.

Þessir kraftar skapa mikla efnahagslega velmegun, en því lengur sem langanir haldast óuppfylltar því meiri gremja safnast fyrir í fólki sem á endanum finnur útrás í óvild, vanvirðingu, fíkn og annarri hegðun sem mengar samskipti manna. Þessi samfélagsmengun veikir þann sköpunarkraft sem stafar af samskiptum samlynds fólks á öllum sviðum samfélagsins, jafnt í skólum og stofnunum sem fyrirtækjum. Þegar neysluvélin kveikir of miklar langanir, meira en fólk getur uppfyllt, fer sú umfram orka bæði til spillis og til að spilla samskiptum þess.

Lærdómssamfélagið, eins og neyslusamfélagið, er knúið af óuppfylltum löngunum, en með því að gera fólk færara að skapa það sem það vill hlýst af því bæði minni samfélagsmengun og meiri efnahagsvelmegun. Lærdómsmenning gerir því efnahagsvélina samfélagsvænni með því að gera hana skilvirkari.

Að innleiða lærdómsmenningu á Íslandi krefst einungis frumkvæðis til að læra að virkja þær óuppfylltu langanir sem eru til staðar í samfélaginu því það þjónar bæði hagsmunum samfélagsins í heild með því að draga úr samfélagsmengun og hagsmunum efnahagsins, og þar með stjórnmálamanna, með því að auka framleiðni þekkingarstarfsmanna sem, að sögn stjórnunargúrúsins Peters Drucker, er eina leiðin fyrir fyrirtæki og ríki að öðlast „raunverulega og viðvarandi samkeppnisyfirburði“ og „viðhalda leiðandi stöðu sinni og lífskjörum“.

Samfélagslegan, efnahagslegan og pólitískan vilja er ekki erfitt að virkja með því að dreifa þessari grein.

Það sem vantar er frumkvæði og þekking til að virkja þekkingarafl landsmanna betur, hvort tveggja má m.a. byrja að sækja í bók lærdómsstjórnunargúrúsins Peters Senge, The Fifth Discipline.

*Höfundur er viðskiptafræðinemi.*







NÓATÚN




UNGNAUTA INNRALÆRI
**2.498** kr. kg
Þú sparar **320** kr. kg




LAMBAFILLET MEÐ KRYDDOSTASÓSU
**2.698** kr. kg
**23%** afsláttur




SKÖTUSELSFIÐRILDI Í TÓMAT OG HVÍTLAUK
**1.798** kr. kg
Þú sparar **600** kr. kg



*Lifrapylsa, blóðmör og svið - ekta íslenskt!*




UNGNAUTASTRIMLAR Í TEX MEX
**1.798** kr. kg
Þú sparar **300** kr. kg




UNGNAUTA OSSO BUCCO
**698** kr. kg
Þú sparar **240** kr. kg



*Gott verð!*

PEPSI MAX 2 LÍTRAR
**99** kr. 2l




BEST BITE SNAKK 175 G
**149** kr. pk.

*Léttur jógúrt drykkur*




**10%** afsláttur




GULLAUGA EÐA PREMIER
**249** kr. 1 kg

Opið 10-21



# Grillpakki Nóatúns

Grillveisla fyrir 10 eða fleiri...

## Nú er auðvelt að halda grillveislu!

Náðu í grillveisluseðil í kjötborði Nóatúns. Veldu úr þremur réttum ásamt gómsætu meðlæti og veislumaturinn er afgreiddur eftir 2 daga tilbúinn beint á grillið.





# Tilboð

## á laxasteik!

Úr Fiskborði Nóatúns

Þú sparar 400 kr. kg

LAXASTEIK M/HVÍTLAUK

**1.098** kr. kg.

*Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!*



# Ferskt og hollt

## á grænmetistorgi Nóatúns

## - tilvalið nesti í skólann!

Ný íslensk uppskera

TÓMATAR **299** kr. kg

Ný íslensk uppskera

BLÓMKÁL **399** kr. kg

BUFFTÓMATAR **129** kr. 500 g

CANTALÓPUR OG GULAR MELÓNUR **129** kr. kg

*Verði ykkur að góðu!*

Yfir 100 ára gamall
en alltaf á tánum

Það er Síminn

3

Þrefaldur pottur!
Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is

lotto.is

# Um velferð sálarinnar, gull og grillaða hamborgara

Í **Dagbók Þráins Bertelssonar** er fjallað um tímabundinn hjónaskilnað að borði og sæng; greinarmun á sjúklingum og glæpamönnum; fjallað um ferðamáta lestrarhesta; og loks er sagt frá ósýnilegum ritstjóra og friði á jörðu.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

### Skilnaður að borði og sæng

**FÖSTUDAGUR TIL MÁNUDAGUR, 3.-6. ÁGÚST. VERSLUNARMANNAHELGI.**

Nú er ég kominn á lokasprettinn með bókina mína, ENGLAR DAUÐANS. Það er komið hátt á þriðja ár síðan ég byrjaði á fyrstu drögum. Fjölda vinnustunda hef ég ekki haldið saman en þær eru orðnar þó nokkuð margar.

Næði til að skrifa er soldið ótryggt á fjörugu heimili svo að frú Sólveig stakk upp á því að við skildum að borði og sæng til að ég gæti snúið mér að því að klára bókina. Þessi tímabundni skilnaður er snilldarhugmynd.

Reyndar er einangrunin rofin einu sinni á sólarhring því að mér er boðið að borða kvöldmat með fjölskyldunni. Í gær rauk litla Sól þrisvar frá matborðinu til að sanna fyrir mér að hún gæti staðið á haus. Það er ekki leiðinlegt að fá að sitja til borðs með svona dömu.

Þessi verslunarmannahelgi fór fyrir ofan garð og neðan hjá mér þótt ég hefði hæglega getað laumast út um kjallaraglugga til að bregða mér á þjóðhátíð í Eyjum.

Þessa dagana læt ég mér duga að ferðast í bókum, bæði bókinni minni, og svo í bókum sem ég er að lesa. Í augnablikinu er ég að klára skondinn reyfara sem heitir Le vol des cigognes eða Flug storkanna eftir Jean-Christophe Grangé.

Þar segir frá ferðalagi manns sem tekur að sér það verkefni að fylgja farfuglum, nánar tiltekið storkum, eftir á langferð þeirra til vetrardvalar í miðri Afríku. Í kvöld liggur leiðin til Egyptalands.



Ferðalög í bókum hafa marga kosti. Maður ræður sjálfur ferðahraðanum og þarf ekki að hafa áhyggjur af vitleysingum sem stunda framúrakstur og koma úr gagnstæðri átt. Þægindin eru mun meiri en á Saga Class farrými og engar górillur að leita að naglaklippum í farangrinum.

Ferðalag gegnum góða bók er ævintýri – án áhættu.

Að vísu bjóða merkilegar bækur upp á sálarháska í leit að andlegum fjársjóðum – en hver hugsar um velferð sálarinnar nú á þessum tímum gulls og glóðarsteiktra hamborgara?

### Sjúklingar og glæpamenn

**ÞRIÐJUDAGUR, 7. ÁGÚST.**

Það er smámsaman að renna upp fyrir mér að það er vafasamur búhnykkur fyrir dagbókarhöfund að gerast einsetumaður. Einsemdinni fylgir yfrið nóg næði til að halda dagbók en hins vegar skortir töluvert upp á æsilega atburði til að fanga athygli væntanlegra lesenda. Við því er eina ráðið að sækja atburðina á netið og flytja þá til sín.

Í fréttum er það helst – fyrir utan bílslys og líkamsmeiðingar – að strákur og sextán ára stelpuhnokki voru handtekin í Leifsstöð með hálft kíló af kókaíni innvortis, snyrtilega innpakkað í álpappír og smokka. Parið var að koma frá Venesúelu og hafði fyrir glópalán sloppið með smyglvarninginn um Bandaríkin. Þessari heimsreisu lauk svo með rassaskoðun og gegnumlýsingu hjá tollinum í Keflavík.

Ég mun seint mæla því bót að fólk reyni að smygla eiturlyfjum til Íslands en við verðum að kunna að gera greinarmun á glæpamönnum sem stunda iðju sína í ábataskyni og sjúklingum sem eru undirlagðir af fíkn og hafa enga stjórn á lífi sínu eða athöfnum. Engin heilbrigð manneskja fer til Suður-Ameríku og treður hálfu kílói af eiturlyfjum upp í boruna á sér innvöfðu í álpappír og smokka. Að sextán ára barn skuli gera þetta segir manni hversu alvarlegur þessi fíknisjúkdómur er og erfiður viðfangs.

Úr því að atvinnustjórnmálamennirnir okkar aðhafast ekkert í sambandi við fíkniefnavandann – annað en að skaffa með semingi allt of lítið fjármagn til meðferðarmála – þá er kominn tími til að fólkið í stjórnmálaflokkunum, þjóðin sjálf, taki af skarið og segi þeim fyrir verkum. Alla vega ríkir „þverpólitísk“ samstaða svo maður noti útjaskað orð um að okkur langar ekki að sjá á eftir fleiri ungmennum í fangelsi, glötun og dauða.

Ágætt væri til dæmis að byrja á því að gera skýran greinarmun á sjúklingum og glæpamönnum, sjá sjúklingum fyrir aðhlynningu og setja glæpamennina í tukthús.

Sjúklingar stefna lífi sínu í hættu til að smygla nokkrum grömmum af vímuefnum milli landa. Glæpamenn hafa hins vegar samráð um ólögmætar aðferðir til að ná fé af heiðarlegum borgurum með góðu eða illu.

Það voru ekki útúrdópaðir krakkar sem stálu milljörðum af þjóðinni með verðsamráði um olíuprísa. Það voru heldur ekki eiturlyfjafíklar sem stálu söluskattslækkun upp á milljarða sem áttu að ganga til allrar þjóðarinnar og stungu í sinn eigin vasa.

Við erum samábyrg fyrir hvert öðru. Sú ábyrgð gerir okkur mennsk. Hvenær ætlum við að axla hana?



### Ósýnilegur ritstjóri

**MIÐVIKUDAGUR, 8. ÁGÚST.**

Gerði hlé á einangruninni og ætlaði að drekka kaffi með mínum góða ritstjóra, Jóni Kaldal. Við höfðum mælt okkur mót á bókakaffihúsinu sem til allrar ham-



ÁRBÆJARSAFN Í 50 ÁR
1957-2007

*Hinn 11. ágúst 1957 var fáni dreginn að húni við Árbæjarsafn í fyrsta sinn til marks um að gestir væru boðnir velkomnir í safnið.*

**Í tilefni af 50 ára afmæli Árbæjarsafns verður fjölbreytt dagskrá á safnsvæðinu helgina 11.-12. ágúst. Safnið verður opið frá kl. 10 til 17 báða dagana og er aðgangur ókeypis.**

Í dag kl. 11.00 er hátíðarmessa í safnkirkjunni og kl. 13.00 verða afhjúpuð fræðsluskilti við Árbæinn um sögu hans og upphaf safnsins. Tónleikar verða kl. 14.00 í Lækjargötu 4 og kl. 15.00 opnar sýningin Hlíðarspor á vegum Faldafeykis í Listmunahorninu. Skylmingafélag Reykjavíkur sýnir skylmingar í ÍR húsinu og handverksfólk verður að störfum í húsunum.

**Verið velkomin í Árbæjarsafn.**

Minjasafn Reykjavíkur

ÁRBÆJARSAFN
*Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300*
*www.minjasafnreykjavikur.is*

# r, borgara

og sæng; rætt um muninn
frá mislukkuðu stefnumóti,

ingju er búið að opna hjá Eymundsson í Austurstræti.

Ég var stundvís (það er áráttuhegðun) en ritstjórinn var hvergi sjáanlegur. Þá var ekki annað að gera en drepa tímann við að skoða bækur. Eftir hálftíma gafst ég upp og fór.

„Hvar hefur þú eiginlega verið?“ spurði Sólveig þegar ég kom heim.

„Niðri í Eymundsson þar sem ég ætlaði að hitta Jón Kaldal,“ sagði ég.

„Hann var að hringja rétt áðan og spurði hvort þú hefðir gleymt sér?“

„Hvar var hann?“

„Nú, niðri í Eymundsson.“

Ég rauk þangað aftur.

Frú Sólveig má eiga það að hún stillti sig um að ranghvolfa í sér augunum þegar ég kom í annað sinn heim úr Eymundsson og hafði hvergi komið auga á Jón Kaldal því að hann hafði víst gefist upp á að bíða eins og ég og var farinn í vinnuna.

Ágætur ritstjóri sem ég vann einu sinni hjá keypti sér heyrnartæki og taldi fólki trú um að hann væri heyrnarlaus til að losna við að heyra geðstirða lesendur kvarta yfir blaðinu.

Að vera ósýnilegur er miklu betri kostur fyrir ritstjóra en að vera heyrnarlaus.



## Tveir góðir

**FIMMTUDAGUR, 9. ÁGÚST.**

Við Jón Kaldal gerðum aðra tilraun til að hittast. Á sama stað og í gær og á sama tíma, klukkan hálffjögur.

Tilraunin tókst. Við hittumst og drukkum saman kaffi.

Af því að okkur er vel til vina ákvað ég að játa fyrir honum hvað ég er heimskur. Í dag mætti ég nefnilega klukkan hálfþrjú niðri í Eymundsson og hélt að ég væri orðinn eitthvað bilaður fyrst Jón var hvergi sjáanlegur. Svo áttaði ég mig á því að ég var klukkutíma of snemma í því og rölti heim, heldur lúpulegur.

Fór svo aftur niður í Eymundsson klukkan hálffjögur – og þar var Jón kominn.

„Merkilegt,“ sagði Jón þegar ég játaði þessa glópsku fyrir honum: „Nákvæmlega sama kom fyrir mig í gær – þá var það ég sem mætti klukkutíma of snemma.“

Mikið er ég feginn því að þetta skuli vera æsilegasti atburður sem komið hefur fyrir mig síðustu sjö daga.

Mea vita sine dubio non est quieta et secura sicut ubi pax regnat in terris, eins og þeir segja í Vatíkaninu og ég held að þýði: Líf mitt er án efa hvorki kyrrlátt né öruggt nema rétt eins og friðurinn ríkir á jörðu.


# Listaverkasamkeppni

## Alcoa Fjarðaál efnir til samkeppni um útilistaverk í Reyðarfirði

Verkið er útilistaverk við álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Ætlunin er að verkið endurspegli aðstæður á staðnum þar sem álverið er. Á jörðinni Hrauni, þar sem það stendur, kallast á gamli og nýi tíminn. Öðrum megin þjóðvegarins er eitt nútímalegasta álver heims, búið nýjustu og bestu tækni, en hinum megin eru Sómastaðir sem er lítið hlaðið steinhús í eigu Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands. Það var reist árið 1875 og á bænum var lengst af stundaður landbúnaður. Það er einnig kostur að verkið taki mið af næsta umhverfi álversins sem stendur við fjörð, umlukinn háum fjöllum.

Samkeppnin er tvískipt:

### 1 Opin hugmyndasamkeppni

Þeir myndlistarmenn sem taka þátt í samkeppninni senda inn hugmynd að útilistaverki við álverið. Myndræn framsetning hugmyndar þarf að rúmast á tveimur blöðum af stærðinni A4, en einnig á að fylgja með stutt greinargerð á einu A4 blaði um hugmyndina að baki verkinu, efnisval og uppbyggingu. Engin frekari gögn eiga að fylgja tillögunni.

Hugmyndinni þarf að skila til Alcoa Fjarðaáls, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, fyrir kl. 16:00 mánudaginn 15. október 2007. Tillögur skulu merktar: „Útilistaverk í Reyðarfirði“ og þeim skal skila inn undir dulnefni, eins og nánar er lýst í skilmálum keppninnar á vefsvæðinu **www.alcoa.is**

Sé tillaga send í pósti gildir póststimpill hennar, annars skal hún hafa verið lögð inn á ofangreindum tíma. Þá mun dómnefnd skipuð þremur mönnum, tveimur frá Alcoa Fjarðaáli og einum frá SÍM, velja 5-7 tillögur og bjóða listamönnunum sem eiga þær að próa þær áfram í lokaðri samkeppni.

### 2 Lokuð samkeppni um útilistaverk

Þeir myndlistarmenn sem komast í þennan síðari hluta samkeppninnar eru beðnir um að útfæra hugmyndina og koma með tillögu að verki. Þeir þurfa að lýsa tækninni sem notuð verður og efninu sem verkið verður unnið úr, gera líkan að verkinu og greina frá stærð þess og umfangi. Þeir eru einnig beðnir um að koma með tillögu um staðsetningu verksins og hvort nota eigi lýsingu. Kostnaðaráætlun þarf einnig að fylgja.

Þessi hluti samkeppninnar tekur rúma tvo mánuði og er miðað við að tillögum að verkunum verði skilað til Alcoa Fjarðaáls, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, fyrir klukkan 16:00 mánudaginn 1. febrúar 2008. Ef skilað er í pósti er miðað við póststimpil. Allir sem taka þátt í þessum hluta keppninnar fá greidda þóknun og höfundur vinningstillögu fær 700 þúsund krónur.

Fimm manna dómnefnd, skipuð þremur fulltrúum Alcoa Fjarðaáls og tveimur fulltrúum SÍM, fjallar um tillögurnar og skilar áliti fyrir lok mars 2008. Alcoa Fjarðaál ákveður að lokum hvaða tillögu fyrirtækið kaupir, hvort það kaupir enga, eina eða fleiri.

**Samkeppnin fer fram samkvæmt samkeppnisreglum Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM).**

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál



Her manns bíður þess reiðubúinn að sinna þér

850 manns starfa hjá Símanum

Það er Síminn

**ENID BLYTON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1897.**



*„Ég loka augunum eitt andartak með ritvélina fyrir framan mig. Tæmi hugann og bíð þolinmóð og þá, eins greinilega og ef ég horfði á þau með eigin augum, birtast börnin, persónurnar í huga mér. Svo horfi ég á þau lifna við, hreyfa sig, tala, hlæja… beint fyrir framan mig. Þetta er eins og að hafa lítið sýningartjald í hugan-um. Svo skrifa ég það sem ég sé og heyri á ritvélina mína.“*

***Enid Blyton skrifaði barnabækur á borð við Fimm-bækurnar og Ævintýrabækurnar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 11 ÁGÚST 1919**

## *Auðjöfurinn Andrew Carnegie andast*

Andrew Carnegie fæddist 25. nóvember árið 1835, en hann var bandarískur iðnjöfur og mannvinur af skoskum ættum. Carnegie er þekktur fyrir að hafa byggt upp eina öflugustu og áhrifamestu viðskiptasamsteypu í sögu Bandaríkjanna, Carnegie-stálfyrirtækið sem seinna varð að U.S. Steel. Hann öðlaðist svo almenna hylli samtímamanna sinna fyrir að hafa, síðar á ævinni, gefið megnið af eigum sínum til ýmissa góðgerðamála, svo sem stofnunar bókasafna, skóla og háskóla í Bandaríkjunum og Skotlandi og víða annars staðar.

Árið sem hann lést voru um það bil þrjú þúsund og fimm hundruð bókasöfn í Bandaríkjunum og hafði Carnegie þá gefið eða styrkt um það bil helming þeirra. Carnegie-Mellon háskólinn í Pittsburgh í Pennsylvaníu er nefndur eftir þeim Andrew Carnegie og Andrew W. Mellon. Carnegie-vatnið í Princeton, New Jersey, er nefnt eftir honum en hann fjármagnaði gerð þess fyrir Princeton-háskóla. Frægasta styrktarverkefni Carnegies er þó ef til vill tónleikasalurinn Carnegie Hall á Manhattan í New York borg, en flestir hafa heyrt á hann minnst.

Andrew Carnegie lést 11. ágúst árið 1919.



**VIÐSKIPTASNILLINGURINN ANDREW CARNEGIE** lagði sitt af mörkum til menningarmála í Bandaríkjunum.

## MERKISATBURÐIR

**1794** Sveinn Pálsson læknir gengur á Öræfajökul við annan mann. Er það í fyrsta sinn sem gengið var á jökulinn. Í þeirri ferð mun Sveinn, fyrstur manna, hafa gert sér grein fyrir myndun skriðjökla og hreyfingu þeirra.

**1934** Alcatraz-fangelsið er tekið í notkun.

**1966** John Lennon heldur blaðamannafund þar sem hann biðst formlega afsökunar á því að hafa haldið því fram að Bítlarnir væru vinsælli en Jesús.

**1973** Austurstræti er gert að göngugötu til reynslu.

**1992** Mall of America, stærsta verslunarmiðstöð heims, opnar í Bloomington í Minnesota-ríki í Bandaríkjunum.

---

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Péturs G. Jónssonar**

vélvirkja, Holtagerði 13, Kópavogi,

sem lést 12. júlí síðastliðinn.

**Margrét Veturliðadóttir**
**Jóna Lilja Pétursdóttir**
**Jón Pétur Pétursson** **Kristín Guðmundsdóttir**
**Gunnar Pétursson** **Lísbet Grímsdóttir**
**Katla Þorsteinsdóttir**
**Þorlákur Pétursson** **Sigríður Sigmarsdóttir**
**Margrét P. Cassaro** **Sigurgeir Gunnarsson**
**afabörn, langafabörn og systkini.**

---

†

*Elskulegur föðurbróðir minn,*

**Sverrir Jónsson**

Hvammi, Húsavík,

lést mánudaginn 06. ágúst og verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju þriðjudaginn 14. ágúst.

**Fyrir hönd systur og annarra aðstandanda.**

**Berta J. Einarsdóttir**

---



†

*Ástkær bróðir,*

**Óli H. Karlsson**

(f. 1935), frá Siglufirði, Snorrabraut 32,

andaðist á líknardeild Landspítala á Landakoti laugardaginn 28. júlí. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

**Ragnar Karlsson**

---

†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Elísabetar Guðmundsdóttur**

Frá Stóra-Nýjabæ, Skógarbæ, Árskógum 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar og LSH fyrir ummönnun Guðrúnar svo og sr. Bolla Pétri Bollasyni og allra annarra sem komu að útför hennar.

**Ómar Heiðberg Ólafsson** **Kristín Þórarinsdóttir**
**Bragi Hjörtur Ólafsson**
**Guðmundur Kristinn Ólafsson** **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**S. Stefán Ólafsson** **Jóhanna Guðbrandsdóttir**
**Olga Ólafsdóttir** **Sigurður Jónsson**
**Sólveig Ólafsdóttir** **Trausti Hermannsson**
**Sigurlín Ólafsdóttir** **Ólafur Valur Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

GALLERÍ ÁGÚST: OPNAÐ Á MÓTI ÞREMUR FRÖKKUM Á BALDURSGÖTU

# Hversdagsleg yfirnáttúra

Í dag, klukkan sextán, verður Gallerí Ágúst opnað með sýningu tveggja myndlistarmanna, en þeir eru Ásdís Sif Gunnarsdóttir og Rakel Bernie.

Stofnandi og eigandi gallerísins, Sigrún Sandra Ólafsdóttir, er með opnun þess að láta fjögurra ára draum rætast en hugmyndina fékk hún þegar hún var stödd á samtímalistamessu í Torrino á Ítalíu.

„Þarna voru samankomin um 200 gallerí alls staðar að úr heiminum og mér gafst tækifæri á að kynnast þessum heimi og galleríistunum sem standa að baki honum,“ segir Sigrún.

„Við veru mína á þessari messu virðist fræi hafa verið sáð í kollinn á mér. Ég fór á fullt í að skoða hvað væri að gerast í þessum málum hér á Íslandi – hvað listamenn væru að gera og hverjar þarfir markaðarins væru og ég sá að það var greinilega þörf á fleiri faglegum galleríum sem vinna með samtímalist og samtímalistamönnum.

Smám saman fór svo þessi hugmynd mín að vinda upp á sig og undirbúningurinn um leið. Ég hef eftir þessa fyrstu messu farið á sams konar messur í Sviss, aðra á Ítalíu, í London og svo fór ég til Miami í Bandaríkjunum. Ég hef jafnframt fengið tækifæri til að vinna á þessum messum og með því kynnst þessum heimi afar vel. Á sama tíma hef ég svo stundað nám í listfræðum svo það má með réttu kalla þetta góðan undirbúning,“ segir Sigrún og hlær.

Sigrún ákvað að vel skyldi vanda til verksins og fékk því ítalska arkitektinn Massimo Santanicchia til þess að hanna sýningarsalinn, en sá hefur unnið og starfað hérlendis til margra ára og kennir meðal annars í Listaháskóla Íslands.

„Rýmið tókst alveg ótrúlega vel og listamennirnir sem ætla að vígja það hafa margoft haft á orði hvað verkin njóti sín vel í lýsingunni og á þessum veggjum,“ segir hún.

Galleríið verður opnað í dag með sýningu þeirra Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur og Rakel Bernie, Fenómena, en báðum listamönnunum hefur orðið vel ágengt á sviði samtímalistar til þessa.

„Þær eru að mörgu leyti ólíkir listamenn enda eru þær hvor af sínu þjóðerninu og svolítill aldursmunur á milli þeirra líka, en á sama tíma er sitthvað sem tengir þær,“ segir Sigrún Sandra og bendir um leið á orð bandaríska sýningarstjórans, Mariangelu Capuzzo, sem segir þær Ásdísi og Rakel báðar vinna með hið hversdagslega og vefja það ævintýra- og yfirnáttúrublæ.

Gallerí Ágúst er á Baldursgötu 12, beint á móti veitingastaðnum Þremur Frökkum og verður opið frá miðvikudegi til laugardags milli klukkan tólf og fimm og eftir samkomulagi.

**margret.hugrun@frettabladid.is**



**LISTAMENNIRNIR** Rakel Bernie og Ásdís Sif Gunnarsdóttir, ásamt eiganda gallerísins, Sigrúnu Söndru Ólafsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

---



## 50 ára afmæli

**14. ágúst.**

**Valdimar Þór Haraldsson**

**verður með opið hús í Ölfusborgum 11. ágúst. Vinir og ættingjar velkomnir.**

---

†



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bára Sævaldsdóttir**

frá Sigluvík,

lést á dvalarheimilinu Hlíð Akureyri 5. ágúst. Útför hennar fer fram frá Svalbarðskirkju miðvikudaginn 15. ágúst kl. 11.00.

**Sævaldur Valdimarsson** **Vigdís Halldórsdóttir**
**Smári Fanndal Einarsson**
**Bára Sævaldsdóttir** **Haukur Eiríksson**
**Steinunn Jóna Sævaldsdóttir** **Stefán Einar Jónsson**
**Valdimar Stefán Sævaldsson**
**og langömmubörn.**

---



**HAFNARDAGAR** Bæjarhátíðin er haldin ár hvert í Þorlákshöfn.

# Hafnardagar í Þorlákshöfn

Bæjarhátíð Þorlákshafnar, Hafnardagar, hófst á fimmtudaginn og stendur fram á sunnudag. Bæjarbúar munu gera margt til að gleðja sig og aðra.

Klukkan 11.00 í dag er dorgveiðikeppni á Suðurgarði. Handverksmarkaður verður við Ráðhús Ölfuss þar sem hægt er að festa kaup á ýmissi list, humar og harðfiski.

Ljósmyndasýning er í Ráðhúsinu þar sem sýndar eru myndir frá Þorlákshöfn teknar árið 1911.

Hjalti Úrsus stjórnar keppni klukkan 16.00 um titilinn Hafnartröllið.

Að kvöldi laugardags verður varðeldur með fjöldasöng og loks dansleikur með hljómsveitinni Ingó og gaurunum.

Á sunnudeginum gengur Karl Sigmar Karlsson um götur Þorlákshafnar og rifjar upp gamla daga. Auk þess verður hægt að fara í litboltakeppni alla helgina á túninu við pósthúsið.

Nánari upplýsingar er að finna á síðunni www.hafnardagar.is



EKKERT BRUÐL
Frosnar og franskar andabringur
2598 KR.
kílóið
...fyrir góðan dag!
Góðan dag fyrir alla!
Frosinn lambabógur
kílóverð nú:
489 KR.
Merkt verð 699KR.
Endurskin í gleðina!
Lýsir í myrkri!
Veljið sjálf!
99 KR.
Rör, armbönd, hálsfestar...
2 lítrar
195 KR.
Vanillu Ís
BÓNUS
2 lítrar
30% afsláttur
við kassann
Ísskál og skeið
199 KR.
Endurskins ísskál og skeið
Glóandi glas
199 KR.
12 oz. GLOW CUP
12 oz. VERRE LUMINEUX
12 oz. TAZA LUMINISCENTE
Glóandi glas
Stone oven pizza 3 formaggi
Steenoven pizza 3 kazen
Innflutt ferskt nautahakk
Bónus nautahakk
kílóverð nú:
798 KR.
3 Euroshopper pitsur
279 KR.
3x 300g
93 KR. stykkið!
Sjáðu verðið!
Spagettí - 1 kíló!
49 KR.
BÓNUS SNAKK
Skrúfur með papriku
BÓNUS SNAKK
Hringir með salti & pipar
Bónussnakk
98 KR.
165g
Án hertrar fitu!
4 kokteilglös
459 KR.
4 glóandi kokteilglös
Pizzaostur
Pitsuostur
169 KR.
200g
PÓSTLISTINN
bonus.is
BÓNUS


ÚTS
VERÐ DÆMI!
1.596
3.990
35% afsláttur
30% afsláttur
TRANEMO workwear
Vnr.93456431-6
Vetrarjakki
Vetrarjakki Navy blár, stærðir S-XXXL.
60% afsláttur
5.197
7.995
Vnr. 65761600
Ryksuga BOSCH
BOSCH ryksuga, blá 1600 W.
6.293
8.990
Vnr.41348351
Matarstell
ABJ matarstell ferkantað, svart.
45% afsláttur
25-60% afsláttur
af ÖLLUM flísum!
25-60% afsláttur
af ÖLLUM búsáhöldum!
PAKKAVERÐ
Helluborð og veggofn
59.900
109.800
ARISTON
Vnr.65038832
Helluborð
ARISTON helluborð með 4 hellum þar af ein hraðhella, gaumljós fyrir hverja helliu, stál kantur, stærð 57,4 X 50,4 cm.
Vnr.65029075
Veggofn
ARISTON veggogn, stál, fjölda kerfa, grill undir og yfir hiti, tvöfalt gler, stærð 59,5x59,5 cm
11.323
22.647
50% afsláttur
GROHE
Vatn og vellíðan
Vnr. 15333190
Handlaugatæki
GROHE Eurodisc handlaugatæki.
30% afsláttur
3.493
4.990
BYKO
10 ltr.
Vnr. 85551083-1183
Málning
BYKO inni- og útimálning, gljástig 6, ljósir litir, 10 ltr.

# ALA

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



allt að

# 60%

afsláttur

*Fyrstir koma fyrstir fá!*

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Valgeir tekur upp úr kistunni

**Valgeir Sigurðsson** er þekktur sem einn helsti hljóðupptökumaður landsins og maðurinn á bak við Bedroom Community útgáfuna og Gróðurhúsið. *Hanna Björk Valsdóttir* spjallaði við hann um fyrstu sólóplötuna, Ekvilibríum.



**VALGEIR SIGURÐSSON TÓNLISTARMAÐUR** Við vorum þarna í fimm daga, tókum upp á hótelinu, og fórum svo að skoða píramída og eltast við úlfalda. Það var alveg stórkostlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Valgeir Sigurðsson lítur á sig sem tónlistarmann fyrst og fremst þótt hann hafi aðallega starfað við hljóðupptökur síðustu ár, og hann vann náið með Björk meðal annars eins og frægt er. Hann flutti í Seljahverfið árið 2000 og kom sér upp hljóðupptökuveri sem hann kallar Gróðurhúsið. Síðustu ár hefur hann unnið að ýmsum verkefnum og verið mikið að heiman og ferðast um heiminn. „Þetta hefur alltaf verið mitt heima þó ég fari út,“ segir hann þar sem við sitjum í miðju Gróðurhúsinu og hlustum á nýju plötuna hans Ekvilibríum sem rennur ljúflega í gegn. Fyrir ári stofnaði hann Bedroom Community og nýja platan er þriðja platan sem Valgeir gefur út. Áður gaf hann út tónskáldið og undrabarnið Nico Muhly frá New York sem flokkast undir nýklassík og Ben Frost með tilraunakennda raftónlist. Það á að vera breidd í útgáfunni og hún er ekki bundin við neina eina tónlistarstefnu. En Valgeir leggur samt áherslu á framsækna og nýjungagjarna tónlist. „Ég stofnaði útgáfuna meðal annars til þess að geta komið þessari plötu frá mér og farið að vinna í eigin verkefnum. Þessi plata hefur orðið til meðfram öðru sem ég hef verið að gera á löngu tímabili en ég byrjaði ekki markvisst að vinna í henni fyrr en í fyrra.“

### Engin þjóðarstoltsútgáfa

Þó að Bedroom Community sé íslensk útgáfa er Valgeir fyrst Íslendingurinn sem hann gefur út. „Mér finnst ekki skipta máli hvar tónlistin er upprunnin. Ef ég rekst á eitthvað áhugavert þá vil ég vinna með það. Það er alveg á stefnuskránni að gefa út Íslendinga en þetta er engin þjóðarstoltsútgáfa. En það er mjög mikil fjölskyldustemning og persónuleg tenging í þessari útgáfu.“ Valgeir og samstarfsmenn hans í Bedroom Community fylgja plötunum vel eftir og koma þeim í dreifingu um allan heim. Ekvilibríum kemur út í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan eftir mánuð. „Það er mikil vinna að koma plötu frá sér. Ég hafði lítið komið nálægt þeirri vinnu áður. Ég hef unnið fullt af plötum en þá hef ég klárað plöturnar og skilað af mér og ekki þurft að fylgja þeim lengra, bara farið í næsta verkefni. Núna þurfti ég allt í einu að láta framleiða diskana, útbúa pressupakka, finna tónleikastaði og spila og allt þetta stúss. Það var rosalega mikil vinna með fyrstu tvær plöturnar en núna er ég búinn að byggja upp ákveðið ferli sem þessi plata fer í og net af fólki til að vinna með. Það er nefnilega ekki nóg að vera bara með góða plötu. Það þarf að koma henni áleiðis.“

### Skapandi stúdíó

Valgeir hefur skapað sér gott orð sem hljóðupptökumaður, en var það alltaf planið? „Já, ég ákvað það þegar ég var níu ára. Ég ætlaði alltaf að vera tónlistarmaður. Svo komst ég í stúdíóvinnu 17 ára og varð mjög heillaður af því ferli. Það að spila í hljómsveit er svo mikið vesen, og það að vera með sama fólkinu alltaf í hljómsveit er mjög mikið vesen, þannig að það er miklu skemmtilegra að vinna með alls konar fólki. Vera alltaf kominn í nýja og nýja hljómsveit og vera í stúdíóinu þar sem ég get legið yfir einhverju og gert vel, en ekki vera alltaf pirraður eftir tónleika af því að það var ömurlegt sánd. Það hentar mér rosalega vel og það á rosalega vel við mig að liggja yfir smáatriðum. Ég er mikill grúskari. En þessi blanda, mismunandi verkefni, mismunandi tónlist, mismunandi fólk hentar mér vel. Þarna sá ég að ég gæti unnið við tónlist og haft gaman.“ Valgeir tekur skýrt fram að hann sé tónlistarmaður frekar en tæknimaður. „Það er misjafnt hversu mikil áhrif hljóðupptökumaður hefur á tónlistina. Það fer eftir því hversu mikil þörf er á því eða hversu opið það er. Aðalatriðið í samstarfi er að einn plús einn verði meira en tveir. Að það verði til eitthvað kemistrí sem verður að einhverju nýju eða sterkara.“ Valgeir útskýrir að hann nýti stúdíóið eiginlega eins og hljóðfæri. „Ég er tónlistarmaður frekar en tæknimaður ef maður tekur það sem andstæða póla, þó það sé mikil skörun þar. Ég hafði mikinn áhuga á tækni og græjum en núna er það meira í blóðinu þannig að tæknin sjálf er bara áhald til að búa til tónlist,“ segir hann hugsi. „Þetta snýst líka um að vinna með fólki og að vinna með hugmyndir. Það er það sem heldur mér gangandi frekar en að sitja einn við græju. Það er þetta mannlega.“

### Góð eldamennska

Valgeir tók núna síðast upp Sprengjuhöllina, vinsælustu hljómsveit Íslands, á milli þess sem hann tók upp nýju plötuna hans Nicos Muhly. Tónlistin sem hann fæst við er mjög mismunandi og hann reynir að festast ekki í einhverju fari. „Fólk segir mér stundum að það heyri að ég hafi tekið upp plötu. Jú, ég held það séu einhver fingraför og ég hugsa að þau séu að verða sterkari með árunum.“ En hvað gerist þegar þú ræður öllu sjálfur, semur, tekur upp og pródúserar? „Það er þessi plata,“ svarar hann og hlær. „Þarna er ég ekki að vinna með hugmyndir annarra heldur mínar grunnhugmyndir. Lögin sem rötuðu á plötuna voru alveg tvímælalaust mín eigin. Það sem kjarnar þessa plötu er að öll þessi tónlist er mjög mikið ég, þó það séu gestahljóðfæraleikarar og söngvarar.“ Platan fer um víðan völl og er ekki bundin við eina tónlistarstefnu.

„Hún er kannski dálítið samansafn af ýmsu sem ég hef fengist við áður. Ég held hún sé mjög breið af því að hún er ekki samin öll í einu. Þetta er ekki konseptplata þannig að hún gangi út frá einhverju einu. Þetta hefur safnast á ferlinum. Ég hef kannski verið að vinna í einhverri hugmynd og beðið þann sem ég er að vinna með að spila eða hlusta og fengið einhver viðbrögð, og svo hefur það legið í frystikistunni. Svo fór ég að grafa þetta allt upp og þá kom ýmislegt í ljós.“ En hvernig tilfinning er það að vera búinn að hreinsa til? „Það er mjög góð tilfinning. Þetta er ágætis ferli að hreinsa svona út. Af því að ég er alltaf að vinna í tónlist, en ég hef ekki verið að koma fram undir mínu eigin nafni. Það safnast upp alls konar frosin læri, lundir, og það þarf að matreiða það,“ segir Valgeir og hlær áður en hann heldur áfram með þessa samlíkingu. „Maður er í einhverju verkefni og tekur eitthvað stykki með sér heim fyrir frystinn og svo er allt í einu kistan yfirfull. Þegar ég byrjaði að velja í súpuna þá var úr nógu að moða.“ Og búið að tæma frystinn núna? „Já, núna þarf ég bara að bíða eftir næstu sláturtíð,“ segir hann og brosir. „Það er gott að hafa kistuna tóma. Það verður allt önnur súpa næst.“

Næsta spurning segir sig sjálf, skyldi Valgeir elda oft? „Já, reyndar,“ segir hann og hlær. „Það er dálítið gott prójekt. Í svona vinnuferli er mjög gott að brjóta það upp og gera eitthvað annað en hugsa um tónlist. Þess vegna eru hér oft stór matarprójekt. Mér finnst mjög gaman að vinna með fólki sem er lagið við mat og hefur gaman af því að elda og borða. Þetta tengist alveg tvímælalaust.“

> Ég er mikill grúskari. En þessi blanda, mismunandi verkefni, mismunandi tónlist, mismunandi fólk hentar mér vel.

### Jafnvægislist

Eins og allir tónlistarmenn er Valgeir beðinn að útskýra hvaðan nafnið á plötunni Ekvilibríum er fengið. „Þetta er jafnvægispæling. Þetta er íslensk stafsetning á orðinu „equilibrium“ eða jafnvægi. Þetta snýst um ákveðið jafnvægi sem maður er að reyna ná. Bæði í svona skapandi vinnu og svo eitthvað innra jafnvægi. Fyrir mig, að koma þessari plötu frá mér, er að ná ákveðnu jafnvægi. Þetta jafnvægi að gera mína tónlist líka hefur svolítið vantað í það sem ég hef verið að gera vegna þess að ég er alltaf að vinna í tónlist fyrir aðra.“

### Á hótelherbergi í Kaíró

Margir góðir gestir koma fram á plötunni og nýtur hann fulltingis tónlistarmanna sem hann hefur unnið áður með. Til dæmis syngur Will Oldham tvö lög en Valgeir tók upp síðustu plötuna hans í Gróðurhúsinu. „Þá leyfði ég honum að heyra þessar hljóðmyndir sem ég var að vinna með. Ég fékk mjög jákvæð viðbrögð frá honum sem kom mér eiginlega á óvart, en hann var mjög spenntur og valdi tvö lög. Síðan hittumst við í Kaíró, það var eini sénsinn fyrir okkur. Hann var að túra á þessum slóðum og þetta var eini tíminn fyrir mig þannig að ég ákvað að fara þangað með græjurnar. Við vorum þarna í fimm daga, tókum upp á hótelinu, og fórum svo að skoða píramída og eltast við úlfalda. Það var alveg stórkostlegt.“

### Tónleikar í Hallgrímskirkju

Á kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju í kvöld, laugardagskvöld, mun Valgeir flytja titillagið Equilibrium is Restored í annarri útgáfu en á plötunni, en engir útgáfutónleikar eru fyrirhugaðir enn. Valgeir stefnir á tónleikaferð um Bandaríkin með Nico fljótlega og svo verða tónleikar á Airwaves. „Ég læri mikið á því flytja plötuna á tónleikum, ég er eiginlega að enduruppgötva það. Ég hætti „live“ spilamennsku fyrir mörgum árum. Ég spilaði áður til dæmis með Möggu Stínu og Unun og var túrandi og spilandi um allt á tímabili. En svo ákvað ég að hætta því alveg og einbeita mér að stúdíóinu. Núna er ég aftur að taka tónlistina úr stúdóinu, úr þessu verndaða umhverfi og vinna með hljóðfæraleikurum. Það gefur mér mikið núna og skilar sér aftur inn í stúdíóvinnuna.“ Þá er platan búin að rúlla í gegn og best að slökkva á upptökutækinu. Ég kveð Valgeir með plötu í farteskinu sem á líklega eftir að vera föst í spilaranum næstu daga, vikur og mánuði.


MAX
RAFTÆKI
84.989 kr.
Fullt verð 99.889
3ja ára KASKÓ
Acer Aspire 5633WLMi-1G80
• 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
• 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
• DVD+/-RW skrifari, 15,4"
CrystalBrite skjár (1280x800)
• Intel GMA950 128MB skjákort
• Þráðlaust a/b/g netkort
• Windows Vista Home Premium
• 3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt.
3ja ára KASKÓ
ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM
Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um tryggingunna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.
vörður
Tilboð gilda til 13. ágúst eða á meðan birgðir endast.
3ja ára KASKÓ
Asus A7CC-7S020C
• 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
• 1GB vinnsluminni
• 120GB harðdiskur, DVD+/-RW skrifari
• 17" skjár (1440x900), ATI X1450 512MB skjákort
• Þráðlaust a/b/g netkort ásamt Bluetooth
• Innbyggð vefmyndavél
• Windows Vista Home Premium.
• Mús og taska fylgir
• 3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt.
129.989 kr.
Fullt verð 139.989
Seljum yfir 30 gerðir af fartölvum
acer ASUS lenovo SONY hp FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
Canon prentarar, skannar, fjölnotatæki og allt er tengist tölvum á ótrúlegu góðu verði!
59.989 kr.
Fullt verð 79.989
Leikirnir Motorstorm
+ Resistance / Fall of Man
+ Tveir þráðlausir stýripinnar fylgja PS3
DVD
Simpsons seríur 1-9
Verð á hverjum DVD diski í seríunni
2.989 kr.
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Frábær tækjakaup
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA
MAX

**RÚSSARNIR FAGNA** Leiðangursstjórinn Artur Chilingarov, fyrir miðju, ásamt Vladimir Gruzdev þingmanni og Anatoly Sagalevich flugmanni, að loknum vel heppnuðum leiðangri til norðurskautsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





**FÁNANUM KOMIÐ FYRIR** Með því að koma rússneska fánanum fyrir á hafsbotni á norðurpólnum vildu Rússar leggja áherslu á kröfur sínar til hafsbotnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**PÚTÍN OG CHILINGAROV** Leiðangursstjórinn Chilingarov gekk á fund Vladimírs Pútín forseta sem lýsti ánægju sinni með framtakið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Aðdráttarafl norðurskautsins

Rússar vöktu heldur betur athygli umheimsins í síðustu viku þegar þeir komu fyrir fána á hafsbotni norðurpólsins og gerðu þar tilkall til eignarhalds. Kanadamenn voru snöggir til að mótmæla og núna um helgina ætla Danir í leiðangur til norðurpólsins. Bandaríkjamenn og Norðmenn vilja líka sinn skerf í auðlindunum sem hlýnun jarðar gerir æ aðgengilegri.

Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada, er nýkominn úr þriggja daga ferð um heimskautaslóðir þar sem hann ítrekaði harðlega að Rússar ættu engan veginn einir tilkall til norðurskautsins.

Ferð Harpers er farin í beinu framhaldi af leiðangri Rússa til norðurskautsins, þar sem þeir sendu niður kafbát og komu fyrir rússneska fánanum í títanhylki á hafsbotninum.

Rússar hafa allt frá árinu 2001 sagst eiga tilkall til stórs hafsvæðis á norðurskautinu, en ekkert annað ríki hefur viðurkennt þær kröfur, og Kanadamenn hafa brugðist hart við rússneska leiðangrinum.

„Rússar sendu kafbát til að setja lítinn fána á hafsbotninn. Við sendum forsætisráðherra okkar til að ítreka fullveldisrétt Kanada," hafði AP fréttastofan eftir ónafngreindum embættismanni í Kanada.

Þótt ferð Harpers á heimskautaslóðirnar í Kanada hafi verið skipulögð fyrir löngu, þá hefur norðurskautsleiðangur Rússa gefið þessari ferð aukið vægi og Harper fór ekki dult með að Kanadamenn muni í engu gefa eftir í deilunum við Rússa. Meðal þess sem Kanadamenn ætla gera á næstunni er að opna stóra höfn fyrir herskip á norðurströnd Kanada.

### Danir halda af stað

Á morgun ætla síðan Danir að senda af stað leiðangur til norðurskautsins, skipaðan 40 vísindamönnum sem ætla að gera ýmsar rannsóknir á svæðinu og fara áður ókannaðar slóðir.

Danir ætla að sigla frá Svalbarða, sem tilheyrir Noregi, á sænskum ísbrjót sem heitir Óðinn og njóta aðstoðar frá kjarnorkuknúnum rússneskum ísbrjót sem er nógu kraftmikill til að geta brotist í gegnum hart íslagið sem sums staðar er allt að fimm metra þykkt.

„Enginn hefur áður siglt um þetta svæði. Skipum hefur verið siglt meðfram ísjaðrinum en enginn hefur farið þarna inn," segir leiðangursstjórinn Christian Marcussen í viðtali við AP.

### Deilur fimm ríkja

Auk Rússlands, Kanada og Danmerkur gera Bandaríkin og Noregur einnig tilkall til hafsvæðis og þar með hafsbotnsins við norðurskautið. Deilur þessara ríkja um svæðið hafa staðið árum og áratugum saman.

Til dæmis gera bæði Danir og Kanadamenn tilkall til Hanseyju, sem er aðeins tæplega 1300 ferkílómetrar að stærð, og er norðaustur af Grænlandi. Þær deilur hafa staðið áratugum saman. Árið 1984 gerði Tom Høyem, þáverandi Grænlandsmálaráðherra Danmerkur, sér til dæmis ferð til Hanseyju og setti þar niður fánastöng með danska fánanum.

### Lomonosov-hryggurinn

Samkvæmt alþjóðalögum er norðurpóllinn alþjóðlegt hafsvæði sem ekkert ríki á tilkall til. Fimm ríki eiga þó 200 sjómílna efnahagslögsögu út frá ströndum umhverfis norðurpólinn.

Rússar byggja kröfur sínar hins vegar á því að Lomonosov-hryggurinn, stór neðansjávarhryggur sem teygir sig þvert yfir norðurskautið frá Síberíu til Kanada og Grænlands, sé í raun framlenging á landgrunni Síberíu.

Tilgangurinn með ferð Rússa til norðurskautsins var meðal annars sá að gera ýmsar mælingar og kortleggja betur Lomonosovhrygginn til þess að renna stoðum undir kröfur sínar.

Kanadamenn og Danir mótmæla hins vegar þessum rökum og benda á að á hinum enda hryggjarins sé hann beint framhald af landgrunni Kanada annars vegar og Grænlands hins vegar. Þess vegna eigi þeir jafnmikið tilkall til hans og Rússar.

### Kapphlaup um auðlindir

Samkvæmt bandarískri rannsókn er talið að undir hafsbotni norðurskautsins kunni að leynast fjórðungur af allri þeirri olíu og gasi, sem enn er ófundið. Það munar um minna, og nú virðist kapphlaupið um þessar auðlindir vera að hefjast fyrir alvöru.

Hlýnun jarðar á stóran þátt í því að þessar deilur koma upp núna, þar sem ísinn hefur bráðnað hraðar en menn áttu von á. Búist er við því að innan fárra áratuga verði hægt að halda uppi reglulegum siglingum norður fyrir Kanada og víðar um hafið við norðurskautið, og um leið verður auðveldara að vinna auðlindir úr hafsbotninum.

Allt fyrir ástina
með Páli Óskari
sem hringitónn
Hringitónar
Það er Síminn




## Kröfur Rússa á norðurskautinu

Frá árinu 2001 hafa Rússar formlega gert tilkall til stórs svæðis á norðurskautinu með öllum tilheyrandi auðlindum, svo sem olíu og gasi. Krafa Rússa er byggð á því að Lomonosovhryggurinn sé beint framhald af landgrunni Síberíu og tilheyri því Rússlandi.



**AKADEMIK FYODOROV** Rannsóknaskipið



**DJÚPSJÁVARKAFBÁTURINN MIR** Þriggja manna áhöfn kom fyrir fána á norðurpólnum.

### Hvað gerðist á tunglinu?

Artur Chilingarov, leiðangursstjóri Rússa í norðurskautsferðinni, er tæplega sjötugur, þekktur heimskautakönnuður í Rússlandi og jafnframt varaforseti Dúmunnar, neðri deildar rússneska þingsins.

Rússar virðast stoltir af þessu nýjasta afreki hans og meðal annars tók Vladímír Pútín Rússlandsforseti vel á móti Chilingarov og þakkaði honum framtakið.

„Mér er fjárans sama hvað allir þessir útlendu stjórnmálamenn segja um þetta," sagði Chilingarov um gagnrýni Kanadamanna um daginn. „Rússland hlýtur að sigra. Rússland hefur allt sem þarf til að ná sigri. Norðurheimskautið hefur alltaf verið rússneskt."

Rússneski utanríkisráðherrann, Sergei Lavrov, segir ennfremur ekki nema sjálfsagt að Rússar hafi sett niður fána á norðurpólnum: „Alltaf þegar könnuðir hafa komist á stað sem enginn annar hefur kannað, þá setja þeir niður fána," sagði hann. „Þannig var þetta gert á tunglinu."



## Andlit Avon

REESE WITHERSPOON ER TALSMAÐUR AVON SNYRTIVÖRUKEÐJUNNAR

Snyrtivörurisinn Avon hefur valið leikkonuna Reese Witherspoon til að vera sendiherra fyrirtækisins eða „global ambassador“ en þetta er í fyrsta sinn sem slíkur er valinn hjá Avon. Witherspoon verður heiðursformaður Avon-stofnunarinnar en aðalhlutverk stofnunarinnar er að auka vitneskju fólks um brjóstakrabbamein og heimilisofbeldi.






# Fasteign á fjórum hjólum

***Högni Jökull Gunnarsson vekur athygli hvarvetna fyrir Epic Coachman húsbílinn sinn, sem er með Ford 530 grind og frá árinu 2006.***

Vegfarendur í Árbæ hefur sjálfsagt marga rekið í rogastans við að sjá þar Epic Coachman húsbíl lagt við Glæsibæ, enda óalgengt að jafnstór bíll sjáist á götum Reykjavíkur. Eigandi þessa ferlíkis, Högni Jökull Gunnarsson, tekur undir það og segir nær að tala um fasteign á fjórum hjólum heldur en bíl.

„Ég viðurkenni að bíllinn vekur athygli,“ segir Högni. „Við vorum á honum núna síðast um verslunarmannahelgina og þar var ég með útsýnisferðir á fimmtán mínútna fresti.“ Hann bætir við að hann hefði öruggleg grætt á því að rukka inn.

„Þetta er auðvitað enginn venjulegur húsbíll, enda útbúinn öllum helsta lúxus sem hægt er að ímynda sér,“ útskýrir Högni og tekur að telja upp helstu eiginleika bílsins. Þar sem listinn virðist nær ótæmandi er kannski rétt að drepa á helstu atriðunum. Góð plássnýting er þar efst á blaði.

„Bíllinn skiptist í svefnherbergi með amerísku hjónarúmi og snyrtiaðstöðu, baðherbergi með þvottaaðstöðu, eldhús, stofu og forstofu auk athafnasvæðis bílstjóra og farþega fram í,“ segir Högni. „Þrátt fyrir það er nægilegt gólf- og setupláss. Í allt geta tíu manns setið og haft það gott.“

Að sögn Högna eru herbergin útbúin alls kyns tækjum og tólum. „Örbylgjuofn, ísskápur, bar, tölvutengi, tengi fyrir þvottavél og þurrkara, 50 ampera ljósarafstöð og gervihnöttur, sem er góður í vondu veðri.“

Blaðamaður getur þá ekki stillt sig um að spyrja hvort maður þurfi íbúð eigi maður á annað borð húsbíl af þessu tagi. „Í raun og veru ekki,“ svarar Högni hlæjandi og segist hafa verið himinlifandi með bílinn allt frá því að hann keypti hann. „Kostir svona bíls eru ótrúlega margir.“

Sjá nánar á næstu síðu.

*roald@frettabladid.is*



Högni teygir makindalega úr sér í bílnum framanverðum, enda gæti plássið nánast rúmað heila fjölskyldu. Högni hugleiðir nú að selja bílinn en hann mun kosta um 23 milljónir eða svo.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Ertu að spá í bílakaup?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á www.gf.is eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN



**Formúla 1** er gríðarvinsæl hér á landi. Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður FÍB og stjórnarmaður í LÍA, mun dæma í Formúlu 1 í Istanbúl í Tyrklandi helgina 25.-26. ágúst.


Þýskar álkerrur



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836



Allt á einum stað

SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



FJAÐRIR OG GORMAR
Í FLESTAR GERÐIR
JEPPA
Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



ekill ehf

Ökunám í fjarnámi !!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.
Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum
Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**



Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


# Glæsihús á þjóðveginum

***Högni Jökull Gunnarsson og fjölskylda létu drauminn rætast og notuðu húsbílinn sinn til að kynnast betur landi og þjóð.***

Högni, sem er eigandi Höfðabíla og mikill bílaáhugamaður, keypti sjálfur húsbílinn til að ferðast um landið. „Ég hafði aldrei átt svona bíl þrátt fyrir að vera mikill bíladellukarl. Hafði átt gamlan tjaldvagn sem við vinirnir notuðum í veiðiferðir.

Að sögn Högna hefur bílinn svo sannarlega staðið fyrir sínu þann tíma sem hann hefur verið í eigu fjölskyldunnar. Hefur hann verið notaður til að ferðast vítt og breitt um landið og ef marka má eigandann hefur hann langt í frá lokið ætlunarverki sínu.

Engu að síður er fjölskyldan að hugleiða hvort hún eigi að setja húsbílinn á sölu og segir Högni ástæðuna einfaldlega þá að allt sé til sölu í Höfðabílum. Það gangi þó aðeins eftir ef réttir aðilar hafi samband.

Hægt er að afla sér nánari upplýsinga um húsbílinn með því að hringja í síma 577-4747.

*roald@frettabladid.is*



Útdraganlegar hliðar eru á bílnum ásamt útisturtu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Svefnherbergi með amerísku hjónarúmi og snyrtiaðstöðu.



Hægt er að hafa það notalegt í setustofunni þar sem meðal annars má breyta sófanum í rúm fyrir börn.

# Nýr X-trail fær brekkuhjálp

***Nýr Nissan X-trail er stærri en gamla útgáfan og með nýju drifkerfi.***

Ný útgáfa af Nissan X-trail var kynnt hjá Ingvari Helgasyni í gær. Torfærubraut var útbúin við umboðið til að sýna fram á kosti nýja bílsins en helstu nýjungarnar eru þær að í bílnum er nú ALL MODE 4x4i fjórhjóladrifkerfi sem hefur verið í þróun hjá Nissan undanfarin ár. Þá er bíllinn rýmri en hann var áður.

Drifkerfið nýja stillir af afl og drifkraft að hverju hjóli, sem á að tryggja frammistöðu, grip og stefnufestu. Akstурseiginleikar verða þannig betri í margvíslegu landslagi, allt frá hálum vegum til grýttra vegarslóða vegna betri stöðugleika.

Nýjungarnar í hinu nýja drifi eru helst þessar fjórar:

Brekkuhjálpin aðstoðar ökumanninn í akstri upp og niður brekku. Við akstur upp brekku reynist oft erfitt að fara af stað úr kyrrstöðu. Búnaðurinn heldur bílnum í kyrrstöðu án þess að beita þurfi hemlunum og kemur sjálfkrafa á í halla sem er meiri en tíu prósent.

Sjálfvirk hemlun niður brekku takmarkar akstурshraðann við 7km/klst svo ökumaður getur einbeitt sér að því að stýra.

Stöðugleikakerfið ber saman stefnu bílsins og þá stefnubreytingu sem kölluð er fram með stýrinu og hemlar hvert hjól fyrir sig til að tryggja að bíllinn haldist í tilætlaðri stefnu.

Nýja 4x4-i kerfið fylgist með snúningsjafnvægi til hjólanna og deilir því niður á milli fram- og afturhjóla.



Nýtt drifkerfi Nissan X-trail fylgist með snúningsjafnvægi til hjólanna og deilir því niður milli fram- og afturhjóla. Þannig verður skakkhorn eins og þetta leikur einn að keyra í gegnum.


vísir.is
Fyrstur með fréttirnar



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ



**Gúmmístígvél** eru ekki aðeins til í Nokiasvörtu og eiga ekki einungis heima í sveitinni. Þeim má líka sporta í rigningunni í borginni.



Fötin sem George VI konungur klæddist á brúðkaupsdegi dóttur sinnar.



Kóróna úr demöntum og silfri sem Elísabet fékk að gjöf á brúðkaupsdegi sínum.

# *Konungleg klæði*

***Sextíu ár frá brúðkaupi Elísabetar og Filipusar.***

Dyr Buckingham-hallar voru opnaðar almenningi fyrir nokkru þar sem sett var upp sérstök sýning til að minnast þess að sextíu ár eru liðin frá því Elísabet Englandsdrottning og Filipus prins gengu í það heilaga. Sjálft brúðkaupsafmælið verður þó ekki fyrr en 20. nóvember nk. Meðal þess sem gestir fengu að líta voru brúðarkjóllinn og önnur falleg klæði sem drottningin og önnur fyrirmenni skrýddust á þessum gleðilega degi. Einnig voru nokkrar gjafir sýndar sem þau hjónin fengu í tilefni dagsins, forkunnarfögur demantshálsmen og krónur.



Brúðarkjóll Elísabetar var ekki af verri endanum. Sannkallaður prinsessukjóll og fór vel við einkennisbúning Filipusar úr konunglega sjóhernum. NORDICPHOTOS/AFP

## Hilton-skólína

PARIS HILTON HANNAR SKÓLÍNU.



Tískudrósin Paris Hilton sem þekkt er fyrir að flagga fögrum leggjum í skóm frá ekki síðri hönnuðum en Jimmy Choo og Christian Louboutin hefur ákveðið að setja á markað eigin skólínu.

Paris er sjálf mjög fótstór, númer 11 í amerísku stærðunum, og hefur þurft að láta sérhanna á sig skó. Hún gerði nýlega samning við Antebi Footwear Group og má búast við að sjá fyrstu skóna í hillum bandarískra tískuverslana í byrjun næsta árs.



Gucci.



CÉBÉ - Þrenn sólgleraugu sem eru vinsæl á meðal íþróttamanna.



Sólgleraugu frá Karen Millen.

## Sólgleraugu stærri í ár

TÍSKULÖGGUR TELJA AÐ STÓR SÓLGLERAUGU SÉU AFTUR MÁLIÐ Í ÁR.

Nú er tími til kominn að setja upp sólgleraugun og brosa framan í heiminn. Máli skiptir að vita hvað telst töff, ef maður á að tolla í tískunni, en samkvæmt tískulöggunum eru stór gleraugu aftur málið í ár. Jafnvel enn STÆRRI en í fyrra eins ótrúlega og það kann að hljóma.

Sólgleraugu með svörtum, hvítum og brúnum umgjörðum og svörtu eða dökku gleri verða áberandi, þótt lituð gler komi líka við sögu, frá tískurisum og framleiðendum á borð við Gucci, Karen Millen, Dolce og Gabbana og Armani.

Þá eykst sífellt framboð af sólgleraugum sem eru sérhönnuð fyrir útivistarfólk og íþróttamenn, en þau njóta vaxandi vinsælda hérlendis. - rve



Stjörnurnar fylgjast vel með tískunni og sem dæmi kýs Nicole Richie gjarnan að skarta sólgleraugum í stærri kantinum.

ÚTSÖLULOK
UM HELGINA
50-70%
AFSLÁTTUR



galleri sautján
CENTRUM
gs skór
eva
OPIÐ:
Í DAG 10 - 18
SUNNUDAG 13 - 17
galleri
laugavegi 91



Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



*Landsins mesta úrval af dömutöskum*

Kíkið á heimasíðuna okkar á th.is

Tösku og hanskabúðin ehf.

[ **Ferðafélagið Útivist** fer óhefðbundna leið yfir Fimmvörðuháls dagana 18. til 19. ágúst. Gengið verður vestan við Skógaá sem gefur alveg nýja sýn á þann fjölda fossa sem prýða ána. Þegar komið er niður á Heljarkamb verður haldið um Hvannárgil í Básа. ]



Ferðamannabólusetningar
og ráðgjöf
tímapantanir í síma: 535-7700
ferðavernd
Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1
www.ferdavernd.is ferdavernd@ferdavernd.is

Súpersól til Búlgaríu
20. ágúst frá kr. 39.995

Golden Sands í Búlgaríu hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú frábært tilboð til þessa vinsæla sumarleyfisstaðar sem býður þín með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugt næturlíf. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.




Kr. 39.995
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2 - 11 ára í stúdíó/íbúð/herbergi í viku.

Kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í stúdíó/íbúð/herbergi í viku.

Terra Nova PRIMERA GROUP
Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

# Aldrei of seint að setja sér háleit markmið

***Ljósmyndarinn Sigurveig Pálmadóttir er nú á ævintýralegu þyrluferðalagi um meginland Ameríku sem áætlað er að ljúki í september.***



Sigurveig Pálmadóttir á milli Stephan Goldberg og William Meiners. Þau vonast til að geta sýnt með ferðinni að aldrei er of seint að setja sér háleit markmið. MYND/SIGURVEIG PÁLMADÓTTIR

Sigurveig Pálmadóttir ljósmyndari er um þessar mundir á þyrluferðalagi um meginland Ameríku ásamt eigimanni sínum Willem Meiners, sem er fararstjóri ferðarinnar og flugmanninum Stephan Goldberg. Óhætt er að segja að þau hafi lent í hverju ævintýrinu á fætur öðru og oftar en ekki hefur bjartsýnin komið að góðum notum.

„Það hefur stundum kostað okkur tíma og erfiði að finna eldsneyti, sem inniheldur hvorki etanol eða alkóhól,“ segir Sigurveig. „Það hefur að meðaltali tekið þrjá klukkutíma. Metið var átta klukkutímar í Perú. Við þurftum að keyra meira en 200 kílómetra út fyrir bæinn sem við lentum í áður en rétt eldsneyti fannst.“

Þess utan segir Sigurveig ferðalagið að mestu leyti hafa gengið vel, ef frá er talin öll pappírsvinnan sem hefur þurft að afgreiða til að komast í gegn á flugvöllum. Þar á Perú aftur metið. Til marks um það urðu þau að bíða í heila sjö klukkutíma áður en þau komust út úr flugstöðinni til þyrlunnar, af engri sýnilegri ástæðu.

En hvað skyldi hafa orðið til þess að þau lögðu upphaflega af stað? „Hugmyndin kviknaði þegar við vorum á flugi yfir Flórída og hugleiddum hvort hægt væri að fljúga í kringum meginland Ameríku. Sáum að fyrst þyrfti að fljúga til Alaska, þaðan til Panama, yfir Panama-skurðinn og suður, þar til á hjara veraldar væri komið. Stuttu seinna lentum við til þess að fá okkur hádegisverð og fundum penní frá Panama á flugstöðvargólfinu. Þá ákváðum við að fara.“

Ferðin hófst í Frederick í Maryland 3. maí, flogið upp til Alaska og svo niður Kaliforníu. Þegar blaðamaður hafði samband við Sigurveigu voru félagarnir nýkomnir yfir miðbauginn við Macapa í Brasilíu. Þau voru þá á leið til Venesúela, þar sem ætlunin var að snúa við.



Hérna eru félagarnir á sveimi yfir Argentínu, sem er eitt þeirra fjölmörgu landa sem þau hafa heimsótt á ferðalaginu.

Eins og fyrr segir hafa þau lent í ýmsum ævintýrum á leiðinni, þótt Sigurveigu finnist erfitt að tiltaka einhverja hápunkta á ferðalaginu. Henni finnst þó frábært að hafa fengið að sjá alla þá framandi staði sem á vegi þeirra hafa orðið og segir sumt hafa komið á óvart. Meðal annars að vesturströnd Perú og norður Chile skuli að mestu leyti vera eyðimörk og eins að vetur skuli ríkja á þessum árstíma í Suður-Ameríku þegar sumar er á Íslandi.

„Fram undan verður síðan að vega og meta það sem bæst hefur við lífsreynsluna eftir ævintýrið,“ segir Sigurveig. „Finna leið til þess að deila henni með öðrum og sýna að aldrei er of seint að setja sér háleit markmið. Svo ætla ég að halda ótrauð áfram á vit nýrra ævintýra, þegar þau knýja að dyrum.“

Þess má geta að Sigurveig heldur úti bloggsíðunni www.hellocopter.org, þar sem hægt er að lesa sér frekar til um ævintýri hennar.

*roald@frettabladid.is*

# Rómantík svífur yfir vötnum

***Ný og glæsileg svíta hefur verið opnuð að Hótel Rangá, ásamt tíu nýjum lúxusherbergjum.***



Svítan á Hótel Rangá er með stóru rúmi, viðhafnarstofu og ljósu baðkari þar á milli. MYND/HALLDÓR KOLBEINS

Hótel Rangá stendur á bökkum lygnrar ár, mitt á milli Hellu og Hvolsvallar. Það er þekkt fyrir afbragðs þjónustu bæði í gistingu og mat og nú nýlega var 10 lúxusherbergjum bætt við þau 38 herbergi sem fyrir voru. Mestur ljómi stafar þó af 74 fermetra svítu með stóru ljósu baðkari í miðju rýmisins sem opnuð var í sumar. Hún gerir mikla lukku að sögn Friðriks Pálssonar, eins eigenda hótelsins. „Það sem við ætluðum okkur var að búa til dálítið stóra svítu sem jafnframt væri hlýleg. Ég tel að það hafi tekist. Þær Sólveig Berg Björnsdóttir og Ásdís Helga Ágústsdóttir í YRKI arkitektar leystu þetta verkefni snilldarvel og við erum mjög ánægð með útkomuna.“

Hótel Rangá er eitt af Icelandairhótelunum. Það er búið 48 þægilegum herbergjum með hornbaðkörum á snyrtingum, veitingasal, setustofu, ráðstefnusal og heitum pottum utandyra. Ekki spillir útsýnið með Heklu trónandi í norðri.

Fyrir utan laxveiðimenn segir Friðrik hótelið gera dálítið út á brúðkaupsmarkaðinn, bæði hér heima og erlendis. Stundum hafi hluta af öðrum gangi hótelsins verið lokað og svíta búin til þar fyrir innan en nú séu slíkar bráðabirgðalausnir úr sögunni. „Þennan stutta tíma sem svítan okkar hefur verið opin höfum við fengið góða gesti í hana, bæði íslenska og erlenda sem hafa ákveðið að láta sér líða vel,“ segir hann.

*- gun*

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

bílalind BÍLASALA



Nýr bíll MMC Pajero 3.2 intensive new óekinn bíll sjón er sögu ríkari v. 5850 fæst á yfirtöku 100% lán skipti mögu-leg.

**Bílalind**
**Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**
**www.bilalind.is**

Arnarbílar www.arnarbilar.is



MAZDA RX-8 HI-OUTPUT, árg 1/2006, ek 27.þ km, 6 gíra, leður, Verð 3.290. þ áhv 2.750.þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700



NISSAN PATROL SLX, árg 1995, ek 172. þ km, Dísel, 5 gíra, Verð 990.þ áhv 250. þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700



TOYOTA COROLLA VERSO 7 MANNA, árg 12/2005, ek 16.þ km, 5 gíra, Verð 1.995.þ áhv 1.460.þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

## Bílar til sölu



Peugeot 406 árg.'01 ljón á veginum 110 hst. rafmagn í rúðum, speglum, saml. abs, veltistýri, spolier. Vh. 700 þús. Skipti á Zodiac. S. 899 6825.



Toyota Avensis ssk. ek. aðeins 79 þ. Fæst á 990 þ. Gott eintak. Áhv.750 þ. Uppl. í s. 6975 363.



Suzuki Grand Vitara XL7 '05. Ek. 54 þ. 7 manna, Bensín, beinsk., álfelgur, drátt-arkúla og þakbogar. V. 2,4 millj. Uppl. í s. 820 8258.



Ford 150 V8 4x4, árg.'97 ek. 120 þ. bensín, 3 dyra, 5 manna, 4 naglad . V 950 þ. Uppl. 847 9600.



Subaru Impreza árg '03. Ek.94 þ. Ssk. Fæst á 100% láni. 24 Þ. á mán hjá lýsingu. ný tímareim, vasdæla, brenns-uklosar. Bíll í topp standi. Uppl. í s. 848 4992.



Mercedes Benz C55 AMG '05 ek. 78 þús. 5,5 V8, 0-100 á ca. 5sek, F1-style skipt-ing í stýri, leður, sóllúga, HarmanKardon hljómtæki. Ásett 6.990 þ. áhv. 5.100þ. Gott stgr.verð Uppl. í s. 895 5059.



Ducati Monster S2R 1000. Fullkomið hjól. 3.000km. Skr. 06/2006. Verð 1.200þ. S. 690 1025.



Ford Explorer Limited 2006 nýskr. 06/06. Ekinn 31þ. Bíllinn er sem nýr og er hlaðinn búnaði s.s leðri, V8 vél, 3ju sætaröð, topplúgu, hágæða hljóm-tækjum, krók o.m.fl. Nývirði með sama búnaði er 5.85m frá umboði.

12 mánaða alhliða ábyrgð fylgir. Verð 3.99m m.v. beina sölu. Ath. skipti. Sími 820 1050.



MMC Galant 2,4 árg.'02 ek 93 þús. m. Ný tímareim og margt fl. Töff bíll í góðu standi. Verð 920 þús. Uppl. í s. 897 9252.



Peugeot Partner '99. 1,1 L. Ek. 150 þús. Finn vinnubíll, eyðir eingu. Uppl. í s. 897 9252.



BMW 545 E60 svartur. M/ öllu, Ek. 65. þús. km. Ásett verð 7,2 mill. Lán 6 mill. Sk. öll skipti. Uppl. í s. 820 0636.



Opel Astra árg.'00. 1,2 L. Ek. 84 þús. Ný sko. Í góðu lagi. Sparibaukur. Verð 340 þús. Uppl. í s. 897 9252.



Nissan Primera árg. 98 ekinn 141 þús-und bsk. 1600cc góður og sparneytinn bíll. Verð 320 þúsund. Uppl. í s. 860 0045, Elvar.



Skodi VRS 2006 ek. 34 þús. Mjög falleg-ur og vel með farin bíll. 18" krómfelgur, sílsakitt, filmur og.fl. verð. Tilboð áhv. 2,6. Uppl. í s. 866 5573, Svavar.



Til sölu Nissan Patrol árg. 2000, ek. 183 þús., 33", áhv. um 1500 þús. góður bíll. Uppl. í síma 660 1704.



Til sölu grænn Subaru legacy 1999. v.650þ,e.148þ.Einn eig.Enginn skipti. uppl. s.8404209.



Renault Megane Sport Tourer staison '05. Ek. 62 þús. Filmur í rúðum. Selst á Yfirtöku á láni 1600 þús. 27 á mán. Uppl. í s. 848 3706.



Subaru Legacy árg. '98. Ek. 190 þ. Nýskoðaður án athugasemda. Verð 390þ. Uppl. í s. 664 1012.



Toyota Yaris árg.'01. Ek. 119 þús. Ný skoðaður. Beinsk. Topp eintak. Tilboð óskast. Uppl. í s. 898 9944.



Range Rover 1996 með leðri, topplúgu og krók. Bíll í góðu standi ek 302 þús. og skoðaður „08. Ásett verð 1.200.000 kr. Tilboð 790.000 kr. Uppl í síma 820 0901.



Grand Cherokee Laredo árg. 2001. Leðursæti, upphækkaður, keyrður 75þ m. Reisulegur og fallegur bíll. Verð 1.750.000. Haukur s. 820 0864.



Ford Escape XLT V6, árg. 2006. Ek. 40 þús. Leður, lúga, cruise og fleira. Uppl. í s. 693 5901 & 421 5160.



Mazta 6 árg.'03. Ek. 28 þús. Einn með öllu, 6 diska magacin og fl. Verð 1800 þús. Áhvílandi 800 þús. Uppl. í s. 860 5508.



VW Golf Variant 2,0 4x4 árg.'05. Ek. 45 þús. Uppl. í s. 865 8444.



Mazda 6 MPS 260 hö. Verð 3,2 stgr. Uppl. í s. 869 8896.



Ford Ka II árg. 02, ek. 67 þ.km. Silfurlitaður. TILBOÐ 450 þús. stgr. Sími 820 1708.



**GMC Sierra 1500 X-Cab- 4WD nýsk. '03 Sk. '08. Uppl. í s. 691 7979.**
**Uppl. í s. 691 7979.**



Til sölu Pajero árg. '99 V6 bensín ek. 218 þ. langur 7 manna, ssk., góð 33" dekk, dráttarkúla, toppl., gott viðhald. Verð 1250 þ. Uppl. í s. 557 8362 & 863 9362.



Mini Cooper 120 HÖ. árg. 2002 ek. 64 þús. Einn með öllu glertoppur með lúgu Álfelgur, loftkæling, leður ofl. Mjög vel með farinn. Áhvílandi samning um 1800 þús. 28 á mán. og 150 þús. út. Uppl. í s. 898 8228.



Toyota Corolla '94, nýskoðuð 08, silfur-grá, ek. 184 þ., 1300, sjálfskipt, nýlegt í bremsum, nýlegir afturdemparar, smur-bók frá upphafi. Snyrtilegur bíll. Ásett verð 220 þ. Uppl. í s. 660 1221.



Grand Cherokee Laredo árg.'06. Ek. 39 þús. km. Leður, blár, mjög fallegur og vel með farinn bíll. Tilboð 3 milj. Uppl. í s. 899 0309.



Til sölu Subaru Legacy árg. '95, ek. 170 þ., mjög vel með farinn og endurnýj-aður. Bíll í topp standi! Verð 310 þús. Selst með góðum stgr. afslætti. Uppl. í s. 899 2536.

Toyota Carina E árg.'94. Ek. 158 þús. 5 dyra. Bsk. Sk.'08. Verð 270 þús. Uppl. í s. 868 5922.



Ford Explorer. Eddie Bauer. Árg. '03 ek. 40.000.km. Einn með öllu. Sími 892 0941.



C200 Compressor ek. 37. þús. km. Lán 4,1 fæst á yfirtöku. Uppl. í s. 893 1627.



Ódýr góður bíll. Mazda 626 árg. '96 ssk., nýsk., sumar og vetrard. Ásett v. 350 þ. Uppl. í s. 895 3309.



Land Cruiser 80VX árgerð 1992, 8 manna 38" breyttur, ssk, intercooler, aukatank, aukaraf, með ac loftdælu, læsing að framan og aftan. Verð 1300 þús. Sími 861 6260.

Til sölu Yaris árg. '03 ek. 103 þ. Verð 730 þ. Uppl. í s. 843 6061.

Selst ódýrt vegna brottflutnings. Uppl. í s. 822 1941.

Toyota Yaris '05 5 dyra 1000 cc. Ek. 60 þ. Bíll í fínu standi enn í ábyrgð. Lán getur fylgt 930 þ. 13.500 á mán. + 250 þ. út. S. 861 9201, Stéfán.

Toyota Aygo árg.'05. Beins. Ek. 24.500 km. Álfelgur. Ákv. 467.000 þ. Ásettv. 1,170 þ. Uppl. í s. 693 3046.



VW Golf árg.'99. Ek. 155 þ. Ný kúpling, ný tímareim og ný sko. Ásett verð 470 þ. Tilboð 400 þ. Uppl. 822 5277.



**M. Benz CLK Kompressor**
Ek. 126 þ. ssk., 200 hö með leðri og öllu. 2 eigendur. 100% þjónustuaður hjá Öskju. Verð 2190 þ. S. 868 6813.



Discovery árg.'00. Ek. 148 þús. 35" dekk, kubbur, K/N sía. Topp bíll. Verð 2.190 þús. Uppl. í s. 860 4152.



Porsche 928-S4. V8 árg. 1987, ek. 67 þús. mílur, ssk., skoðaður '07. Skipti möguleg. Uppl. í s. 864 4904.



Ford Windstar árg. 1996, ekinn 96 þús. míl. 7 manna, sjálfskiptur, rafmagn, álf. ofl. Mjög góður bíll. Ásett verð 390 þús. gott stgr. verð. Uppl. í síma 849 1554.



VW Passat 06 Turbo m/öllu Ek. 24þ. 200hö. V. 3.190 þús. ákv 2.700 þús. S. 660 7037.



2stk Toyota Avensis beinsk., '02 ek. 97 þús., verð 980 þús. Og ssk. árg. '01 ek. 143 þús. verð 880 þús. S. 895 8956.



Galloper '00 dísel ek. 120 þ. 7 manna. Verð 450 þ. Uppl. í s. 897 3133.

Til sölu Musso árg. 00 sk. 08. Verð 800 þ. Uppl. í s. 897 3133.



Til sölu Suzuki Grand Vitara 4x4, árg. 05, ek. 59 þ.km, bsk., 2000vél. Verð aðeins 1650þ. Uppl. í síma 896 1339.



Toyota Avensis '99. 1600cc. ek. 133 þ. sk.'08 í topp standi.m/kúlu. Verð 650.000. S. 821 1397.



M.Benz E230 '96 ssk, ek. 211 þ, cruise control, nýsprautaður. Á 18" low profile felgur. Seljast strax v/flutninga. s. 664 8997. Tilboð óskast.

Ford S 350 King Range m. öllu árg. 05 ek. 50 þ. Lok á palli. Vél 6,0 L dísel. Vel með farinn í toppstandi. Verð 3.500 þ. Uppl. í s. 893 7040 & 554 6581.



**Ath. Tilboð**
Til sölu Subaru Legacy árg.'00 ssk. Ek. 130 þús. Verð 650 þús. Uppl. í s. 895 9590.



Langar þig í geðveikan fjölskyldubíl. Kíktu á þennan. BMW 330 TD árg. 12/01 ek. 192 þ. 17" álfelgur. leður, toppl., Navi ofl. Uppl. í s. 820 8215.

Honda Civic Vtec 1.6 sk.08 '98 ssk., ek. 112 þ. Ný tímareim, Nýtt púst. glænýjar 17" álf. og vetrard. Verð 550 þ. Lán 408 þ. S. 846 2565 & 567 6763.

Nissan Almera árg. '01 ek. 80. þús. Fæst gegn yfirtöku á láni. Heilsársdekk, nýr rafgeymir. Þjónustubók frá upphafi. Uppl. í s. 897 0553.

VW Golf GTI svartur nýskráður 31/3/06. Ek. 7600 km. Verð 2,9 millj. Í frábæru ástandi. Uppl. í s. 895 0903.

Til sölu Plymunt Grand Voyatger árg. '93 e-ð bilað í skiptingu. Litur vel út. Verð 40 þús. Uppl. í s. 848 4301

M Benz árg. '03 220 CDI diesel. Vel búin aukabúnaði. V. 3.490 Uppl. í s. 893 5005.

MMC Colt árg. 92 til sölu ek. 163 þ. km. Verð 70 þ. S. 895 5912.

Mazta 323 árg. '99. Ek. 140 þús. Vel með farinn bíll. Ásett verð 400 þús. Uppl. í s. 693 9655.

## BÍLAUPPBOÐ

KRÓKUR BÍLASTÖÐ
bilauppbod.is
Dalvegi 24, 201 Kópavogur - Sími 564 3800

## 0-250 þús.



Til sölu Peugeot 406 '99 Ek. 164 þús. Góður bíll og gott verð. Uppl. í s. 893 0818 & 557 7845.



Daihatsu Feroza '96,sk. '08. 150þ.km, 1,6 EFi 95hö, Bsk, 4x4,30" dekk, litur vel út,170þús kr S:8497909



Ódýr og góður Opel Corsa árg 96" ek. 112 þús nýskoðaður fallegur og góður bíll 3 dyra beinsk, verð kr 170 þúsund stgr. Uppl í síma 820 4640.



Suzuki Vitara 96 5dyr nýuppt. gírkassi, kúpling, vatns-kassi -dæla, diskar/klossar fr. Góður í snjó og hálku, v.1 80. S. 662 5029.



Ford Econoline E 150 árg. 1991, ekinn aðeins 139 þús. Algjörlega óslitinn bíll, mjög góður efniviður í húsbíl eða klár í hversdagsbrúk. 4.9 EFI mótor og Overdrive skipting. Ásett verð 290 þús., eða besta boð!! Uppl. í síma 849 1554.



Saab 9000 Túrbó, árg. 1988, skoðaður 08, ek, 234 þús. Leður, rafmagn, álfelgur, 3" ryðfrítt púst omfl. Ásett verð aðeins 170 þús. Fyrstur kemur fyrstur fær! Uppl. í síma 849 1554.

Skoda Felicia 96. Ek. 114 þús. Sk. '07 Vetrad. á felgum fylgja. Verð 120 þús. S. 869 1881.

Suzuki Vitara 98 með bilaða kúplingu, nýjar bremsur, v.dekk á felgum fylgja. Uppl. s. 847 3217.

Subaru Legacy Station 95. ek. 175 þ. Ssk. Krókur. Sk. 08. Gullfallegur. V.240 þ. stgr. S. 864 9296.

Golf Gti '96 ek. 147 þ. Leður, topplúga. Mjög fallegur. V.230 þ. stgr. S. 864 9296.

MMC Galant árg. '89. Sjálfsk. 2.0 Gamall en gangfær og selst ódýrt. Uppl. 8405949

Subaru Impreza 6/1997 ekinn 199þ,hvítur wagon 5g,16.l,fwd.eyðir engu. ásett 290þ,tilboð199þ s:898 3880

Hyundai H100 sendibíll árg. '97. Verð 140 þ. eða skipti á fjölskyldubíl. S. 699 2707.

Subaru Inpreza árg.'97. Ek. 165 þús. 5 gíra. Verð 190 þús. Uppl. í s. 660 8166.

Mjög góð Toyota Corolla árg.'96. Ek. 155 þús. Eyðir litlu, sko.'08. Verð 150 þús. Uppl. í s. 863 6346.

Peugeot 206 1,4l 2dyr. Ek 138. þús. mikið endurný. tímareim, kúpling, bremsur, stýrisendar, púst. Snyrtilegur bíll verð 390.000 tilboð 250.000 stgr. Uppl. í s. 697 6400.

## 250-499 þús.



Sparneytin, ný tímareim, CD, ný sumar og góð vetrardekk á stálf. sumardekk á álf. V.280þ. S.843 0004



Toyota CarinaE árg'96 ekinn 164.þ. Ssk. Skipt um vél og tímareim í c.a 100. þ/km, CD, dráttarkrókur. sumar & vetrardekk verð 310 þús. kr. S. 699 1004.



Toyota Corolla 1,6 árg. '98. Ek. 124. þús. Ný skoðaður. Verð 370. þús. Uppl. í s. 557 4052.



TOYOTA YARIS 1.0, árg 2000, ek 85.þ km, 5 gíra, 3 dyra og nýskoðaður. Mjög vel farinn að innan. Innbyggður CD spilari. Verð 430.þ, uppl. Sara í s: 6913369



Suzukie Vitara Sidekick '97. Ek 48 þ. á vél Vetrard fylgja. Tilboð stgr. 350 þús. S. 869 1881.

Toyota Corolla, Silfurgrár 3d ssk. Keyrður 90.000km, þjónustaður reglulega, ryðlaus og í góðu ásigkomulagi. Nýskr. 24.07.1998, aðeins 2 eigendur frá upphafi. Verð 430þús. Óli s. 847 7650.

## 500-999 þús.



Mitsubishi Galant árg. 2000 til sölu vegna flutninga erlendis.Í toppástandi nýsk.ek178þús,2Lvél,leðurákl,topplúga,sjálfsk,álfelgur.Nýl.vetrardekk fylgja.Verðhugm.780þús. Gunnhildur s:6984085



Toyota Avensis árg.'00 ek.105þús. beinskiptur, 1600cc vel með farinn. Áhv. 294 þús. verð 790 þús. Uppl. í s. 8694 545 & 861 2524.

Opel Astra 1,6 16V, ek. 80 þ. ás.v. 670 þ. TILBOÐ 520 þ. eða tilboð síma 848-4294

VW Golf Comfortline 16v. Árg. '02. Ek. 74. þús. Ásett verð 950 þús. 4 ný sumardekk, nýskoðaður, reyklaus. Uppl. í s. 847 0344

## 1-2 milljónir

Renault Scénic RX4. Árgerð 2002. Ekinn 72 þ.km, ný tímareim. Uppl. í s. 840 5749.



Audi A4 2,0 árg. 09/02, ssk. ekinn 57 þús. álf, topplúga, leður. raf í rúð og sætum og fl. ásett verð 1950 þús enginn skipti. Uppl. í s. 891 9366.



VW Golf '03. Ek. 49 þús., bsk., topplú., CD, álfelg, Verð 1.250 þ. Engin skipti. S. 660 9606.



Ford Galaxy, árg.05. Ek. 52 þús. 7 sæta með 2 innb. barnasæti verð 2.050.000 Uppl. 8214273



Ford Mondeo til sölu árg:2003.ek:45000 km. Einn með öllu selst á góðu verði skipti möguleg. Áhv.1,250,000kr.



VW Passat 4motion árg. 2002 ek. 97 þ.km verð 1100 þ stgr. Uppl í s. 660 9606.

## 2 milljónir +



Toyota Land Cruiser 100 4,2 Diesel, n. skr. 08' 99 ek.164 þ. km. ssk, leður, TEMS fjöðrun, dr. krókur, CD magasín o.fl. o.fl. Frábært eintak. Verð 3.390 þ.kr. Áhv.2.560 þ.kr. Uppl. í s. 825 5535.



Nissan QASHQAI SE 2.0 4WD árg. '07 ek. 3.500 km V. 2,7 yfirt. lán. Uppl. í s. 848 1620.

Frábært eintak! Nissan Double Cap árg. 2005 með plasthúsi, klæðn. á palli, dráttarkr., skíðabogum, þokuljósum, veltibúri, loftkælingu, 3 dekkjagangar, 2 álfelgugangar o.fl.o.fl. Til sýnis og sölu hjá Toyota Selfossi. Skrán.nr. TM025. Frábær fyrir ferðafólk, verktaka, bændur eða veiðimenn. Hagstætt verð. Frekari uppl. í s. 892 2469.

Volvo V50 Disel árg. 2005 ek. 30 þús. eyðsla um 7l. Blár. Uppl. í síma 820 9633.

## Bílar óskast

Ssk. Subaru Forester 1998-2000 óskast gegn staðgr. Sími 892 5157, ipg@simnet.is

**Óska eftir bíl**
Óska eftir VW Transsporter eða sambærilegum bíl. Má þarfnast einhverjar lagfæringar. Uppl. í s. 565 7449 & 864 7449.

## Jeppar

Til sölu góður Nissan Patrol '91 33" dekk. Verð 500 þ. Ath skipti. S. 821 3929.



Isuzu Trooper árg. 2000 3L D. 35", ssk., 7 manna. Ekinn 117 þ. Ný dekk, rafgeimar, tímareim ofl. Sk. 08. Verð 1450 þ. Skoða skipti. Sími 892 6387.



Verð aðeins 300 þ.stgr. Nissan Terrano II, árg. 95. 2,4 l bensín, ek. 162 þ., sk. 08, 7manna. Góður jeppi. Sími 825 8081.



MMC Pajero diesel 2800 turbo intercooler. 7 manna. Ek 250 þús. km. Sk. '08. V. 580 þús. Skipti á ódýari. Uppl. í s. 483 3833.



**Verður að seljast!!!!!**
Cherokee 4L '91 ek. 198 þ. ssk., Selst til hæstbjóð. f. sun kl. 12. S. 6941521



Patrol-Hjólhýsi. Til sölu 38" breyttur Patrol, gott eintak. Vel búinn. V. 990þús. Skipti möguleg á nýlegu hjólhýsi með milligjöf. Uppl. í s. 864 7100.



Góður bíll Range Rover 4.0SE 2000. Einn eigandi. Ekinn 140.000. Gott viðhald. Nýir loftpúðar. Verð 1.790.000.00 Sími 567 4000.

Til sölu MMC Galant Dynamic árg '93, 2,5 l V6. 4X4, 4WS ofl. Nýskoðaður vel búinn bíll í góðu standi og selst á góðu verði. Uppl í síma 899-1868

2 bílar. Gott útl og ást. Jeep Cherokee '98. 4L, 31" dekk, ssk, ek 107þ, sk „08, dr kr, far. box, V.650. Musso E32 '97, 3.2L, sk'08, 31" dekk, ssk, ek 117þ. dr kr, ABS, CD, leður, V.470. 8981420.

## Fornbílar



**Glæsilegur fornbíll**
Til sölu Oldsmobile Super 88 2d. ht. árg. '58. 8 cyl ss. Ek. aðeins 45 þ.m. frá upphafi. Til sýnis og sölu í Bílahöllinni Bíldshöfða 5 s. 567 4949

## Pallbílar

Ford F150 Lariat 5,4 með öllum aukahlutum. árg. 04 100% lán kr. 2.500.000. Pallhýsi verð 500000. Selst saman eða sitthvoru lagi. Uppl. í s. 695 0227.

# SPORT

» ÍÞRÓTTABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS 5.TBL 2007



» ÍVAR INGIMARSSON
MEÐ 200 MILLUR Á ÁRI

» DEAN ASHTON
HÉLT AÐ FERILLINN VÆRI BÚINN

» EIÐUR SMÁRI
BLÓÐ SVITI OG TÁR

» ANDY GRAY
FINNST RONALDO BESTUR Á ENGLANDI

HERMANN HREIÐARSSON TALAR UM ÁRIN TÍU Í ENSKA BOLTANUM

## TREYSTI Á HJARTAÐ
## – EKKI HÆFILEIKANA

Iceland Express
10-11 ...alltaf opið!
SÝN2
vodafone

## ÞEIR HAFA LÍKA SPILAÐ Í ÚRVALSDEILDINNI

**» Arnar Gunnlaugsson**



Arnar spilaði með **Leicester** í ensku úrvalsdeildinni í þrjú og hálft keppnistímabil á árunum 1999 til 2002. Arnar, sem kostaði tvær milljónir punda frá Bolton, spilaði 30 leiki fyrir Leicester og skoraði þrjú mörk.

**» Eiður Smári Guðjohnsen**



Eiður Smári spilaði með **Chelsea** í sjö tímabil á árunum 2000 til 2006 og varð tvívegis enskur meistari með liðinu. Hann kostaði fimm milljónir punda frá Bolton og skoraði 54 mörk í 186 leikjum fyrir Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.



**» Guðni Bergsson**

Guðni er langleikjahæsti Íslendingurinn í ensku úrvalsdeildinni. Hann lék alls 342 leiki fyrir **Tottenham** og **Bolton** á ferli sem náði frá árinu 1988 til 2003. Hann skoraði 24 mörk í þessum leikjum.

**» Jóhannes Karl Guðjónsson**



Jóhannes Karl lék tvö tímabil í ensku úrvalsdeildinni, fyrst 2002-2003 með **Aston Villa** og síðan árið eftir með **Wolves**. Hann lék 11 leiki fyrir Aston Villa og skoraði tvö mörk og 11 leiki fyrir Wolves. Hann var í láni frá spænska liðinu Real Betis í báðum tilvikum.



**» Jóhann B. Guðmundsson**

Jóhann B. lék með Watford í ensku úrvalsdeildinni veturinn 1999 til 2000. Hann spilaði níu leiki með liðinu.

**» Lárus Orri Sigurðsson**



Lárus Orri lék 29 leiki með **West Brom** í ensku úrvalsdeildinni tímabilið 2002 til 2003 sem var eina leiktíðin á ellefu ára ferli hans í Englandi í úrvalsdeildinni.

**» Þórður Guðjónsson**



Þórður lék með **Derby** í ensku úrvalsdeildinni tímabilið 2000 til 2001 þegar hann var lánaður frá Las Palmas. Hann lék tíu leiki með liðinu og skoraði eitt mark.

# YFIR 200 MILLJÓNIR Í ÁRSLAUN



**Varnarmaðurinn sterki ÍVAR INGIMARSSON gerir það gott með Reading í ensku úrvalsdeildinni. Hann var verðlaunaður í sumar með nýjum þriggja ára samningi sem færir honum rúmlega 200 milljónir í árslaun.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Ívar Ingimarsson er kominn í hóp örfárra íslenskra íþróttamanna sem þéna yfir 200 milljónir á ári fyrir atvinnu sína. Hann skrifaði undir nýjna þriggja ára samning við Reading fyrir skömmu og færir sá samningur honum rúmlega 200 milljónir í árslaun. Ekki er nema ár síðan Ívar framlengdi samning sinn við félagið síðast en hann fær nú ríflega launahækkun. Það eru aðeins Eiður Smári Guðjohnsen hjá Barcelona og Hermann Hreiðarsson hjá Portsmouth sem þéna meira en Ívar en heimildir Sports herma að hvorugur þeirra fái undir 400 milljónum í árslaun.

Ívar er í miklum metum hjá forráðamönnum Reading enda hefur hann verið einn af lykilmönnum liðsins í ævintýralegum uppgangi þess á undanförnum árum. Hann lék lykilhlutverk þegar Reading fór upp í ensku úrvalsdeildina tímabilið 2005 til 2006 og var síðan máttarstólpi í liðinu sem hafnaði öllum að óvörum í áttunda sæti úrvalsdeildarinnar á fyrsta tímabili félagsins í deildinni frá upphafi. Ívar lék hvern einasta leik með liðinu síðasta vetur og var kjörinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum þess.

Ívar vildi ekki tjá sig um launamál sín þegar Sport ræddi við hann en Ólafur Garðarsson, umboðsmaður hans, sagði í samtali við Sport að samningurinn væri afar góður og fæli í sér töluverða hækkun frá samningnum í fyrra. «

### » ÉG ER

Nafn: Ívar Ingimarsson

Aldur: 29 ára

Hæð: 183 cm

Þyngd: 80 kg

Félög í Englandi: Torquay, Brentford, Wolves, Brighton og Reading

Leikir/mörk í úrvalsdeild: 38/2

Landsleikir: 25







### LAUNAHÆSTU LEIKMENN ÚRVALSDEILDARINNAR

| | |
|---|---|
| John Terry, Chelsea | 829,6 |
| Michael Ballack, Chelsea | 767,5 |
| Anryi Shevchenko, Chelsea | 767,5 |
| Steven Gerrard, Liverpool | 760,9 |
| Cristiano Ronaldo, Man. Utd | 754,4 |
| Michael Owen, Newcastle | 697 |
| Fernando Torres, Liverpool | 565,8 |
| Didier Drogba, Chelsea | 565,8 |

*tölur eru í milljónum króna.

**16**

**MILLJÓNIR** er upphæðin sem **John Terry**, fyrirliði Chelsea og enska landsliðsins, fær í vikulaun frá Chelsea eftir að hann skrifaði undir nýjan fjögurra ára samning við ensku bikarmeistarana fyrir skömmu.

www.joiutherji.is
ENSKI boltinn!!



Þú færð treyjurnar hjá okkur
Mikið úrval af vörum tengdum liðunum.
Jói útherji
KNATTSPYRNUVERSLUN
Ármúla 36 – s. 588 1560

## DRAUMALIÐIÐ

**» GUÐJÓN ÞÓRÐARSON**, þjálfari Skagamanna, er eini Íslendingurinn sem hefur þjálfað í ensku knattspyrnunni. Guðjón stýrði Stoke, Barnsley og Notts County með hléum frá árinu 1999 til 2005. Hann kom Stoke upp í 1. deild árið 2001 og vann neðrideildarbikarinn árið 2000. Sport fékk Guðjón til að velja draumaliðið sitt í ensku úrvalsdeildinni. Í liði Guðjóns eru sex leikmenn frá Chelsea, fjórir frá meisturum Manchester United og einn frá Liverpool. Sex Englendingar eru í liðinu, einn Tékki, einn Serbi, einn Hollendingur, einn Portúgali og einn frá Fílabeinsströndinni.



„Þetta er feikiöflugt lið sem ég myndi treysta til að vinna sjálfa fernuna, deildina, meistaradeildina, bikarinn og deildarbikarinn. Svo einfalt er það," segir Guðjón.



MasterCard
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
Official Sponsor

TVÖ LIÐ, EINN FALLEGUR LEIKUR: ÓMETANLEGT

MasterCard



## HVAÐ SEGJA STUÐNINGSMENNIRNIR?



**SUE** „Hr. Magnússon er frábær. Hann hefur keypt inn góða leikmenn og sýnt að hann hefur mikinn metnað til að ná góðum árangri. Hann er mjög áhugasamur og hefur slegið í gegn hjá mér."



**MR. ATKINSSON** „Hr. Magnússon er frábær stjórnandi og mjög góður stjórnarformaður. Hann hefur keypt mjög góða leikmenn eins og Ljungberg og fleiri. Hann er stjórnarformaður sem menn ættu að vara sig á því hann getur farið langt með West Ham."



**TOM** „Fyrsta tímabilið hjá honum var afar erfitt en mé fannst hann komast vel frá því. Hann er gífurlega áhugasamur, mætir á alla leiki og það verður gaman að fylgjast með honum þegar hann fær heilt tímabil án vandræða fyrri stjórnar."



**PHIL** „Hann er góður stjórnarformaður sem hefur fært félaginu mikið. Hann hefur augljóslega komið með mikla peninga inn í félagið og ég er afskaplega ánægður með hann."



Eggert Magnússon er eins og kvikmyndastjarna í augum stuðningsmanna West Ham. SPORTMYND/ADAM SCOTT

# „STUÐNINGSMENNIRNIR ERU LÍFÆÐ FÉLAGSINS"

**Það fer ekki á milli mála að Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, er vinsæll meðal stuðningsmanna liðsins. Sport fór á leik Leyton Orient og West Ham fyrir rúmum tveimur vikum og komst að því að Eggert Magnússon er eins og kvikmyndastjarna í augum stuðningsmannanna.**

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON



Já, það er gaman að heyra þetta," segir Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, þegar Sport færir honum þær fréttir að hann sé nánast í guðatölu hjá stuðningsmönnum West Ham. Í samtölum við stuðningsmennina fyrir leik Leyton Orient og West Ham kom fram að þeir eru afar ánægðir með íslenska stjórnarformanninn sinn.

„Hr. Magnússon er frábær. Nýir eigendur virðast ætla að setja mikinn pening inn í félagið. Hann virkar sem afskaplega viðkunnanlegur og eðlilegur náungi. Hann hefur gert mikið fyrir félagið, fengið góða leikmenn og ég vona að við uppskerum eftir því," sagði Andrew King sem haldið hefur með West Ham í góð fjörutíu ár. Sama hljóðið er alls staðar. Eggert er vinsæll af því að hann gefur sér tíma fyrir fólkið, mætir á alla leiki og síðast en ekki síst virðast nýir eigendur ætla að setja mikla peninga inn í félagið sem nýtist til að fá góða leikmenn og borga þeim góð laun.

„Ég hef frá byrjun gefið mér tíma til að sinna stuðningsmönnunum enda eru þeir lífæð félagsins. Án þeirra væri félagið ekki neitt. Það verður að sýna þeim kurteisi og virðingu og það er kannski eitthvað sem leikmenn mættu gera meira af," segir Eggert. Á umræddum leik gaf Eggert sér tíma til að gefa eiginhandaráritanir til ungra aðdáenda og stillti sér upp í hverja myndatökuna á fætur annarri með bros á vör.

„Ég hef fundið fyrir miklum stuðningi frá því að ég kom hingað og ekki síður Björgólfur. Stuðningsmennirnir okkar eru frábærir og við látum þá finna fyrir því að þeir eru hluti af félaginu. Það er afskaplega mikilvægt," segir Eggert sem hefur ekki misst úr nema einn leik síðan hann tók við stjórnartaumunum í West Ham.

„Ég missti af leiknum gegn Watford í febrúar þegar ég var að hætta sem formaður KSÍ. Annars hef ég alltaf mætt á leiki enda er ég fyrst og fremst bara fótboltakall. Ég lifi og hrærist í þessu og sýni tilfinningar. Á leikjum er ég bara stuðningsmaður West Ham eins og allir hinir og upplifi bæði sorgina og gleðina," segir Eggert.

### STEFNAN SETT Á UEFA-SÆTI

**Það er engan bilbug að finna á Eggerti þrátt fyrir að tímabilið í fyrra hafi verið erfitt fyrir West Ham og að liðið hafi bjargað sér frá falli í síðustu umferðinni. Hann stefnir ótrauður að háleitum markmiðum og segir við Sport að markið sé sett á UEFA-sæti á komandi tímabili. „Ef við náum þeim leikmannahópi sem við vonumst eftir þá vil ég stefna á UEFA-sæti. Við ætlum okkur í það minnsta að vera í efri hluta deildarinnar," segir Eggert.**

**Koma Freddie Ljungberg frá Arsenal hefur haft mikil og góð áhrif á leikmenn West Ham að sögn Eggerts. „Það tók talsverðan tíma að klára það að fá Ljungberg hingað en það er sterkt fyrir félagið að fá mann sem hefur unnið næstum allt Hann veit út á hvað þetta gengur og mun færa okkur framar."**

NÝTT TÍMABIL AÐ HEFJAST.
ERTU FÉLAGI Í MANUTD KLÚBBNUM?

Allir stuðningsmenn Manchester United eiga að vera með í stuðningsmannaklúbbi MUFC á Íslandi.

Ársgjaldið er **einungis kr. 2.500 fyrir allt tímabilið** og í vetur fá félagar sent glæsilegt skírteini, medalíu, seðlaveski með merki Man Utd, borðdagatal fyrir árið 2008, sérmerkt endurskinsmerki, 2 - 3 glæsileg 24 síðna fréttabréf og gefum heppnum greiðandi félögum nýju ManUtd treyjuna.

Í ár á stuðningsmannaklúbburinn **52 ársmiða á Old Trafford** sem seldir verða í samstarfi við Úrval Útsýn.

MANCHESTER UNITED
ICELAND
NÝ VEFSÍÐA: www.manutd.is

AÐEINS KR. 2500 ALLT TÍMABILIÐ

Greiðið í netbanka inn á: 0111-26-115666 kt. 471294-2339

## DRAUMASKJÓLSTÆÐINGURINN

### » UMBOÐSMENNIRNIR LÁTA SIG DREYMA



**Arnór Guðjohnsen**

**Anderson, Manchester United**

„Hann er ungur og efnilegur og það er því hægt að vinna með honum í mörg ár. Ég sá hann á spólu þegar hann var sextán ára með brasilíska landsliðinu og það fór ekki á milli þá að þessi strákur ætti eftir að ná langt," segir Arnór Guðjohnsen, sem er meðal annars umboðsmaður sonar síns, Eiðs Smára Guðjohnsen hjá Barcelona.



**Ólafur Garðarsson**

**Hermann Hreiðarsson, Portsmouth, Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson, Reading**

„Ég er með þrjá frábæra drengi sem spila allir í ensku úrvalsdeildinni og ég gæti ekki hugsað mér neina aðra leikmenn sem ég vildi frekar hafa í ensku úrvalsdeildinni. Þetta eru frábærir fótboltamenn og ekki síðri einstaklingar," segir Ólafur Garðarsson.



**Guðlaugur Tómasson**

**Cristiano Ronaldo, Manchester United**

„Ég myndi segja að hann væri mest spennandi leikmaðurinn. Hann er á rétta aldrinum og á sín bestu ár eftir. Hann hefur allt með sér, bæði hæfileika og ímynd sem eru mikils virði í dag," segir Guðlaugur Tómasson, sem er meðal annars umboðsmaður Gunnars Heiðars Þorvaldssonar hjá Hannover í Þýskalandi.


http://www.myphotos.com/sumarfri
Google
MY PHOTOS
You aren't signed in Sign In Help
Home The Tour Sign Up Explore
Search Tóti's photos
Search
Sumarfrí í sólinni
View as slideshow
( New window )
Collections Sets Tags Map Archives Favorites Profile
Toppaði Viðey!
© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
7 comments
Það tekur 3,5 klst. að blása upp bát
© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
11 comments
Brimbrettið nýttist helst sem sólhlíf...!
© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
2 comments
Komið að landi með kvöldmatinn
© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
1 comments
Busl og vitleysa!
© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
6 comments
Bærinn sem við máluðum rauðan
© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
15 comments
Ég var ekkert eðlilega þreyttur daginn eftir!
© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
0 comments
Það var komin grilllykt af Danna!
© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
3 comments
Sendum börnin út af örkinni!
© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
12 comments
Ferðalán BYRS
• Hagstætt lán
• Lán til allt að 4 ára
• Lán allt að 500.000 kr.
• Afsláttur af lántökugjaldi fyrir aðila sem eru í Vildarþjónustu BYRS
ATH! Þú þarft ekki að vera í viðskiptum við BYR til að fá hagstæð ferðalán.
*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.
BYR SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is
DYNAMO REYKJAVIK

**Það þarf að hafa fyrir því að vera atvinnumaður í fótbolta. Krafan er að leikmenn séu í toppformi allt árið um kring. Sport fylgdist með Eiði Smára Guðjohnsen, besta knattspyrnumanni þjóðarinnar, undirbúa sig undir komandi leiktíð með Barcelona.**

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON



# BLÓÐ, SVITI OG TÁR EIÐS SMÁRA





Eiður Smári Guðjohnsen tók vel á því undir styrkri stjórn Þráins Hafsteinssonar á púlæfingu sem Sport fylgdist með honum á fyrr í sumar. SPORTMYNDIR/PJETUR

Eiður Smári Guðjohnsen er með fleiri hundruð milljónir á ári fyrir að spila fótbolta, deilir búningsklefa með mörgum af bestu knattspyrnumönnum heims og lifir oft á tíðum óraunverulegu lífi. Fyrirfram hefði mátt búast við því að hann undirbyggi sig fyrir komandi tímabil í flottasta líkamsræktarsal landsins en svo er aldeilis ekki raunin. Eiður Smári hefur æft undir leiðsögn frjálsíþróttaþjálfarans Þráins Hafsteinssonar á kastsvæðinu í Laugardal þar sem lítið er um flottheit en þeim mun meira um svita. Sennilega ólíkt því sem stórstjörnurnar og liðsfélagar Eiðs Smára Ronaldinho, Samuel Eto'o og Thierry Henry láta bjóða sér.

Það voru andstæður sem mættust í Laugardalnum. Innan um ryðgaða lyftingastöng, bláan medisinbolta og hrörlegar grindur mátti sjá Eið Smára, sólbrúnan og flottan með demtanslokkinn í eyranu. Það var hins vegar lítill glamúr þegar æfingin hófst. Keyrslan var mikil og Þráinn þjálfari gaf stórstjörnunni engin grið.

„Ég verð að taka svona á þessu annars útna ég allur út," segir Eiður Smári þegar hann loks fær tækifæri til að hvílast og hlær. Og hann tekur á. Hopp yfir grindur, ólympískar lyftingar, sprettir, armbeygjur og hlaup á dýnu í einn og hálfan klukkutíma undir heraga Þráins. Allt þetta klárar hann með sæmd, svita og metnaði og það fer lítið fyrir stjörnustælum hjá okkar manni að sögn Þráins.

„Það er mjög þægilegt að vinna með honum. Hann er sannur atvinnumaður og mætir á æfingarnar til að ná árangri. Það eru engir stjörnustælar í honum," segir Þráinn sem þjálfaði Eið Smára í þrjár vikur og fannst hann koma sér skemmtilega á óvart.

„Hann var og er í mjög góðu formi líkamlega. Það býr í honum mikill kraftur og snerpa og mitt hlutverk var að laða það fram. Hann tók miklum framförum á meðan æfingunum stóð og fékk síðan út með sér æfingapakka sem hann getur nýtt," segir Þráinn sem þjálfar að öllu jöfnu besta tugþrautarfólk landsins.

Hopp, lyftingar, armbeygjur, hlaup á dýnu og köst með medisinbolta eiga vonandi eftir að skila Eiði Smára fyrr í toppform þegar hann fær sig góðan af hnémeiðslunum sem eru að plaga hann þessa dagana. «

## VIÐ HVERJA ER EIÐUR AÐ BERJAST?

**LIONEL MESSI** Þessum 19 ára gamla Argentínumanni hefur verið líkt við sjálfan Maradona og ekki að ósekju. Hann er fljótur, með afbrigðum flinkur með boltann og skorar fullt af mörkum. Þrátt fyrir að vera lítill og léttur er hann harður af sér og það er fátt sem stoppar hann í því að verða einn af bestu knattspyrnumönnum heims. Hann varð í níunda sæti í nýlegu kjöri breska blaðsins The Times á 50 bestu knattspyrnumönnum í heimi.





**SAMUEL ETO'O** Þessi kamerúnski framherji er einhver almesti markaskorari í boltanum í dag. Hann hefur yfir að ráða ótrúlegum hraða og styrk. Hann er kjaftfor og með sjálfstraustið í lagi. Eto'o hefur þrívegis verið valinn knattspyrnumaður ársins í Afríku. Hann varð í fjórða sæti í nýlegu kjöri breska blaðsins The Times á 50 bestu knattspyrnumönnum í heimi.

**RONALDINHO** Þessi brasilíski snillingur er besti fótboltamaður heims þegar hann er í sínu besta formi. Styrkur hans, tækni og yfirsýn á varla sinn líka. Hann hefur tvívegis verið valinn besti leikmaður heims af alþjóða knattspyrnusambandinu og hlýtur að koma tvíefldur til leiks á komandi tímabili eftir að hafa valdið vonbrigðum í fyrra.
Hann varð í öðru sæti í nýlegu kjöri breska blaðsins The Times á 50 bestu knattspyrnumönnum í heimi.



**THIERRY HENRY** Franski framherjinn hefur ekki spilað frá því í mars en flestir vita að hann er besti framherji heims þegar hann er heill. Hann er ótrúlega fljótur og sterkur, mjög góður skotmaður og með frábæran skilning. Líkt og Messi og Ronaldinho er hann leikmaður sem getur unnið leiki upp á sitt einsdæmi. Hann varð markakóngur ensku úrvalsdeildarinnar fjórum sinnum Hann varð í tólfta sæti í nýlegu kjöri breska blaðsins The Times á 50 bestu knattspyrnumönnum í heimi. Það er þó tekið fram að hann hefði verið ofar ef hann væri ekki búinn að vera meiddur frá því í mars.



# LCD TILBOÐ




## JVC

**JVC LT37R71BU**
37" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix HD D.I.S.T., HD Ready 1.200:1 skerpu, Super DigiPure og Digital Comb Filter, fullkomnum litstýringum, 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 139.990**
FULLT VERÐ kr. 229.990

## NÍUTÍUÞÚSUND KRÓNA AFSLÁTTUR




## UNITED

**UNITED LTV27W63**
27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS, heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**VERÐ ▶ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 109.990




## UNITED

**UNITED LTV32W63**
32" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA200 veggfestingar.

**VERÐ ▶ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 119.990




## JVC

**JVC LT32R71BU**
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix HD D.I.S.T., HD Ready 800:1 skerpu, Super DigiPure og Digital Comb Filter, fullkomnar litstýringum, 20w RMS, BBE Nicam, stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

**VERÐ ▶ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 159.990




## THOMSON

**THOMSON 32LB320B5**
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix2 myndtækni, Progressive Scan, HD Ready, 1000:1 skerpu, 2x20w Nicam stereó hljóðkerfi með SRS TruSurround XT, 3 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, kortalesara og USB tengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**VERÐ ▶ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 159.990




## JVC

**JVC LT42A80ZU**
32" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix HD D.I.S.T., HD Ready 1000:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 20w RMS, BBE Nicam, stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




HD ready

## THOMSON

**THOMSON 42LB330B5**
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Hi-Pix2 myndtækni, Progressive Scan, HD Ready, 800:1 skerpu, 2x40w Nicam stereó hljóðkerfi með SRS TruSurround XT, 3 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, kortalesara og USB tengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ ▶ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# ENSKI BOLTINN MEÐ AUGUM ANDYS GRAY

**Andy Gray var staddur hér á landi fyrir skömmu í boði Sýnar til að vera viðstaddur kynningu stöðvarinnar á nýrri sjónvarpsstöð Sýn 2 þar sem enska úrvalsdeildin verður aðalefnið næstu árin. Sport króaði Gray af úti í horni á kynningunni.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Skotinn Andy Gray er einn virtasti knattspyrnulýsandinn. Hann er einn af aðalmönnum Sky Sports-sjónvarpsstöðvarinnar og sinnir bæði ensku úrvalsdeildinni og meistaradeildinni. Hermt hefur verið í enskum blöðum að hann hafi rúmlega 100 milljónir í árslaun auk þess sem hann hefur verið duglegur við að ljá tölvuleikjum rödd sína. Hann hefur lýst leikjum undanfarin 17 ár, allt frá því að hann lagði skóna á hilluna árið 1990 eftir gifturíkan feril sem knattspyrnumaður. Gray hefur alltaf verið umdeildur en um tvennt geta menn ekki deilt. Hann var frábær fótboltamaður og hann kann að lýsa og greina knattspyrnuleiki. Hann skoraði 29 mörk fyrir Aston Villa tímabilið 1976 til 1977 og var í lok þess valinn besti leikmaðurinn og besti ungi leikmaðurinn af leikmönnum ensku 1. deildarinnar. Það afrek var ekki leikið eftir fyrr en hinn portúgalski Cristiano Ronaldo hjá Manchester United fékk bæði þessi verðlaun í vor.

Gray hefur líka verið töluvert í sviðsljósinu fyrir einkalíf sitt. Hann á fimm börn með fjórum konum og hefur verið duglegur við að kynnast nýjum konum. Hann gengur undir nafninu „Randy Andy" hjá enskum slúðurblöðum sem gæti útleggst „Graði Gray" á okkar ylhýra en hann hefur verið með núverandi unnustu sinni Rachael Lewis frá því á síðasta ári.



Andy Gray hefur lýst leikjum í ensku úrvalsdeildinni sl. 17 ár.
SPORTMYND/HÖRÐUR

## 5 bestu leikmenn úrvalsdeildarinnar frá upphafi

1. **Thierry Henry**, Arsenal
2. **Gianfranco Zola**, Chelsea
3. **Eric Cantona**, Manchester United
4. **Alan Shearer**, Blackburn og Newcastle
5. **Roy Keane**, Mancheter United

## 5 skemmtilegustu viðmælendurnir

1. **Graeme Souness** „Hann er frábær og segir hlutina eins og þeir eru."
2. **Ruud Gullit** „Hann var mjög góður hjá okkur í meistaradeildinni. Hann er frábær náungi."
3. **Peter Reid** „Ég er kannski ekki hlutlaus þar sem ég spilaði með honum en hann er með frábært skopskyn. Hann er ekki of alvörugefinn sem er bara gott."
4. **Glenn Hoddle**
5. **Gary McAllister** „En það hafa jafnmargir lélegir setið í sófanum hjá okkur, menn sem hafa haldið að þeir séu ansi góðir," segir Gray og hlær.

## 5 lélegustu leikmenn úrvalsdeildarinnar

„Það væri afar ósanngjarnt að nefna einhver nöfn í þessu tilviki en ég held þó að ég geti með góðri samvisku sagt sögu af einum þeim allra slakasta. Southampton fékk hringingu frá einhverjum sem sagðist vera umboðsmaður George Weah. Sá sagðist vera með bróður Weah og spurði hvort Southampton hefði áhuga á að fá hann til reynslu. Stjórinn sagðist halda að það væri í góðu lagi fyrst George Weah mælti með honum. Hann var settur á bekkinn án þess að nokkur hefði séð hann spila. Þegar klukkutími var liðinn af leiknum ákvað Southampton að skipta honum inn á. Eftir fimm mínútur var honum skipt út af aftur. Hann er lélegasti leikmaður sem sést hefur frá því að byrjað var að sparka í bolta. Hann entist í fimm mínútur og þá var hann sendur heim að pakka. Hann var ekkert skyldur George Weah. Fullkomlega vonlaus," segir Gray og hlær dátt. Leikmaðurinn var Ali Dia, árið var 1996 og stjórinn var Graeme Souness.

## 5 vellir með bestu stemninguna

1. **Anfield Road** (Liverpool) „Það er erfitt fyrir Everton-mann eins og mig að segja þetta en stemningin þar er frábær, sérstaklega á Evópuleikjum. Þeir kunna svo sannarlega að búa til sérstaka stemningu á þeim leikjum."
2. **St. James's Park** (Newcastle) „Þar eru frábærir áhorfendur. Þeir eru ástríðufullir og ég elska hvernig þeir styðja við bakið á liðinu sínu sama hvernig gengur."
3. **Fratton Park** (Portsmouth) „Það er sérstakt andrúmsloft á Fratton Park. Þeir eru ótrúlegir stuðningsmenn Portsmouth."
4. **The Hawthorns** (West Brom) „Þegar þeir voru í deildinni þá var stemningin á vellinum hjá þeim frábær.
Þú tekur eftir því að ég nefni ekki lið eins og Chelsea, Arsenal eða Manchester United en ég held að þau nái ekki að mynda stemningu um hverja helgi. Þessi lið eru of sigursæl og hafa spillt stuðningsmönum sínum."
5. **Upton Park** (West Ham) „Stuðningsmenn West Ham eru stórkostlegir og þeir kunna að skapa stemningu eins og hún gerist best."

## 5 bestu leikmenn úrvalsdeildarinnar í dag

1. **Cristiano Ronaldo**, Manchester United
2. **Didier Drogba**, Chelsea
3. **Steven Gerrard**, Liverpool
4. **Cesc Fabregas**, Arsenal
5. **Paul Scholes**, Manchester United

## Íslensku leikmennirnir í úrvalsdeildinni

**Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson** (Reading) „Þeir stóðu sig báðir frábærlega á síðasta tímabili og komu mér mjög á óvart því ég hélt að þeir myndu lenda í vandræðum. Þeir eru miklir íþróttamenn og ég vona að þeir nái að endurtaka leikinn á þessu tímabili."

**Hermann Hreiðarsson** (Portsmouth) „Ég hef fylgst lengi með Hermanni. Hann er mjög fjölhæfur og getur spilað allar stöður í vörninni. Hann er leikmaður sem þú veist upp á hár hvað þú færð frá. Hann er búinn að falla oft með sínum liðum en treystu mér: Hann mun ekki falla á þessu tímabili. Ég hef ekki séð hann gera mörg mistök. Hann er afskaplega traustur og það er ástæðan fyrir því að Harry Redknapp vildi fá hann."

**Heiðar Helguson** (Bolton) „Já, það er leikmaður sem ég held að sé betri en hann hefur sýnt. Ég held að hann hafi ekki fengið að spila nógu reglulega til að fá sjálfstraust. Hann er frábær í loftinu, sérstaklega af manni sem er ekki í stærðarflokki Peters Crouch. Það verður áhugavert að fylgjast með honum."

## 5 bestu knattspyrnustjórarnir

1. **Alex Ferguson**, Manchester United
2. **Harry Redknapp**, Portsmouth
3. **Steve Coppell**, Reading
4. **Alan Curbishley**, West Ham
5. **Mark Hughes**, Blackburn




# PRESSAN ER Á ÞEIM

**» SVEN-GÖRAN ERIKSSON knattspyrnustjóra Manchester City** Einn af launahæstu stjórum deildarinnar sem mætir til leiks með heldur laskað mannorð eftir að hafa stýrt enska landsliðinu við litlar vinsældir. Fær fullt af pening og verður að ná árangri.



**» RAFAEL BENITEZ knattspyrnustjóra Liverpool** Það er eflaust rétt hjá Jose Mourinho, knattspyrnustjóra Chelsea, að Benitez verður að vinna ensku deildina í ár til að réttlæta alla þá peninga sem hann hefur fengið til leikmannakaupa. Hefur aldrei komist upp fyrir Chelsea og Manchester United í lokatöflunni og það þarf að breytast.



**» JOSE MOURINHO knattspyrnustjóra Chelsea** Mourinho sjálfur sleppur varla undan pressunni þótt hann reyni að tala sig frá henni. Það er óhugsandi að Roman Abramovich sætti sig við annað tímabil án enska meistaratitilsins og Mourinho veit það.



**» ALAN CURBISHLEY knattspyrnustjóra West Ham** Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, vill Evrópusæti og það sama má segja um leikmenn liðsins. Curbishley þarf að bretta upp ermarnar og breyta fallbaráttuliði í Evrópulið á einu sumri.



**» CESC FABREGAS miðjumanni Arsenal** Nú þegar Thierry Henry er farinn er þessi tvítugi spænski snillingur stjarnan í Arsenal-liðinu. Hann spilaði frábærlega í fyrra og þarf jafnvel að spila betur í ár ef Arsenal á að gera eitthvað af viti í deildinni.





**» CRAIG BELLAMY framherja West Ham** Enginn efast um það hversu góður Bellamy er þegar hann er í lagi. Vanstilling hans og undarlegar gjörðir hafa hins vegar gjaldfellt hann sem leikmann á undanförnum árum. Þarf að standa undir nafni sem dýrasti leikmaður West Ham frá upphafi.

**» MICHAEL BALLACK miðjumanni Chelsea** Er einn af launahæstu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar en stóð engan veginn undir væntingum með Chelsea í fyrra. Gæti átt í nógu miklum erfiðleikum með að komast í byrjunarliðið.



**» CARLOS TEVEZ framherja Manchester United** Tekst Tevez að fylgja eftir frábæru tímabili með West Ham í fyrra? Hann hefur nánast ekkert æft með Manchester United en allir vita hversu góður hann er. Þarf núna að skína við hlið Rooney og Ronaldo.



www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37389 08/07

## Hilux - Enn betri með stærri vél

Nú er ekki hægt að standast það lengur að setjast undir stýri á Hilux Double Cab, fjallkóngi, vinnuþjarki og borgarbarni sem enginn stenst snúning við íslenskar aðstæður. Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Nýr Hilux er með öflugri 3,0 lítra D-4D dísilvél (common rail turbo). Hann er rýmri, hljóðlátari, rennilegri og getur tekist á við mun kröfuharðari verkefni en áður.

Verð 2.990.000 kr.*

*Gildir fyrir Hilux Double Cab

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE

Iceland Express vodafone 1811 vörður

# TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SÝN 2

## ÓDÝRARA Á NETINU

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.



sýn2 enski boltinn



# FERGUSON FÆR LOKS SINN MANN

**Mál argentínska snillingsins Carlosar Tevez virðist loksins vera til lykta leitt. Þessi frábæri framherji er farinn frá West Ham og genginn í raðir Manchester United. Þar mun hann mynda ógnvekjandi þrenningu með Wayne Rooney og Cristiano Ronaldo** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Strákurinn hefur sýnt það að hann getur orðið einn af bestu framherjum heims. Það er eitthvað stórfenglegt við hann og ég trúi því varla hversu góður hann var á fyrstu tveimur æfingunum með okkur. Hann virkaði afar snarpur. Hafandi sagt það þá kemur mér það ekkert á óvart. Við kynntumst því frá fyrstu hendi í maí hversu góður hann er,“ segir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, um nýjasta leikmann sinn, argentínska framherjann Carlos Tevez.

Og Tevez er enginn venjulegur leikmaður. Hægt er að halda því fram án þess að skammast sín að þessi magnaði Argentínumaður hafi nær einsamall séð til þess að West Ham hélt sæti sínu í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili. Hann skoraði sjö mörk í síðustu tíu leikjum liðsins og leiddi ævintýralegan endasprett þar sem hápunkturinn var sigurmark hans gegn Manchester United á Old Trafford í lokaumferðinni þar sem úrvalsdeildarsætið var endanlega tryggt.

Æska Carlosar Tevez var enginn dans á rósum. Hann ólst upp í mesta glæpahverfi Buenos Aires, Fuerte Apache, og þurfti að hafa mikið fyrir hlutunum. Hann er með gríðarstórt og áberandi brunasár sem nær frá hægra eyra og niður á bringu en það fékk hann þegar hann var tíu mánaða. Þá hellti hann katli fullum af sjóðandi vatni yfir sig og fékk þriðja stigs brunasár. Hann hefur síðan neitað að láta lýtalækna laga sárið þar sem hann segir að það sé hluti af fortíð hans og hluti af honum sjálfum. „Þetta minnir mig á hvaðan ég kem og hver ég er,“ segir Tevez.

Og það er einmitt þetta sem gerir Tevez svona sérstakan. Þrátt fyrir óumdeilanlega knattspyrnuhæfileika þá er hann ekki síður þekktur fyrir baráttu og dugnað. Þeir eiginleikar komu honum að góðum notum hjá West Ham og munu eflaust verða dýrmætir fyrir Manchester United. Hann er engin prímadonna heldur venjulegur 23 ára gamall strákur sem vill spila fótbolta. Hæfileikar hans og karakter hafa gert það að verkum að hann hefur þrívegis verið valinn Knattspyrnumaður ársins í Suður-Ameríku.

Hjá Manchester United hittir hann fyrir herramenn á borð við Wayne Rooney og Cristiano Ronaldo, tvo af bestu fótboltamönnum heims og sjálfsagt þá bestu miðað við aldur. Rooney er 21 árs, Ronaldo er 22 ára og Tevez er 23 ára. Tilhugsunin um að þessir þrír snillingar muni spila saman næstu árin hlýtur að skelfa andstæðinga Manchester United.



Alex Ferguson segir Carlos Tevez geta orðið einn af bestu framherjum heims NORDIC PHOTOS/GETTY

**31.08.06** West Ham semur við argentínsku landsliðsmennina Carlos Tevez og Javier Mascherano.

**02.03.07** West Ham er kært af Ensku úrvalsdeildinni fyrir brot á reglum í tengslum við samninga félagsins við Tevez og Mascherano.

**04.04.07** Enska úrvalsdeildin skipar þriggja manna nefnd til að rannsaka samninga West Ham við Tevez og Mascherano.

**27.04.07** West Ham er sektað um 5,5 milljónir punda en sleppa við að stig séu dregin af félaginu eftir að hafa játað sekt sína. Úrskurðurinn hljómar einnig upp á að Enska úrvalsdeildin geti rift skráningu Carlosar Tevez en hann fær seinna leyfi til að spila áfram með West Ham.

**15.05.07** Alþjóða knattspyrnusambandið gefur út þá yfirlýsingu að það hyggist skoða úrskurð Ensku úrvalsdeildarinnar.

**16.05.07** –Sheffield United, sem féll úr úrvalsdeildinni í síðustu umferðinni, leggur fram kæru á hendur Ensku úrvalsdeildinni til sérstaks gerðardóms til að reyna að koma því í gegn að stig verði dregin af West Ham.

**22.05.07** Enska úrvalsdeildin ákveður að setja upp gerðardóm til að kveða upp dóm vegna kvartana Sheffield United yfir máli Carlosar Tevez. Úrskurður hans er endanlegur.

**02.06.07** Stjórnarformenn í ensku úrvalsdeildinni samþykkja nýja reglu sem neyðir félög til að leggja fram hvert einasta skjal í tengslum við félagsskipti leikmanna.

**13.06.07** Kevin McCabe, stjórnarformaður Sheffield United, hótar að snúa sér til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til að fá skaðabætur ef óháði gerðardómurinn færir þeim ekki aftur sæti í úrvalsdeildinni.

**03.07.07** Sheffield United tapar málinu gegn Ensku úrvalsdeildinni eftir að gerðardómur vísar máli þeirra frá.

**04.07.07** Sheffield United íhugar að áfrýja málinu til hæstaréttar vegna þess að gerðardómurinn gerði þau mistök að vísa ekki málinu aftur til hinnar upprunalegu óháðu þriggja manna nefndar sem sektaði West Ham í maí.

**06.07.07** Kia Joorabchian, umboðsmaður Carlosar Tevez, staðfestir að Tevez hafi náð samkomulagi við Manchester United. Enska úrvalsdeildin neitar hins vegar að samþykkja félagsskiptin þar sem þess er krafist að allur gróði félagsskiptanna fari til West Ham en ekki Joorabchian.

**11.07.07** West Ham hafnar formlegri ósk Carlosar Tevez um að rifta samningi hans við félagið.

**13.07.07** Í kjölfarið á lokuðu þinghaldi í Hæstarétti er ósk Sheffield United um að fá leyfi til að áfrýja ákvörðun gerðardómsins hafnað.

**03. 08.07** West Ham tilkynnir að félagið hafi komist að samkomulagi við Kia Joorabchian um að fá tvær milljónir punda fyrir að leyfa Tevez að yfirgefa félagið. Hann gengur í raðir Manchester United á tveggja ára lánssamningi.

**10.08.07** Tevez fær leikheimild með Manchester United og er því klár fyrir leikinn gegn Reading á sunnudag.

## 4-4-2 MEÐ GUÐNA BERGS

**Þátturinn verður ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Þátturinn verður á dagskrá öll laugardagskvöld og hefst skömmu eftir að flautað verður til leiksloka í síðasta laugardagsleiknum. Þar stendur tvíeykið vinsæla, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegri og nákvæmari hátt en áður hefur sést. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.**

**Fáir Íslendingar eru í nánari tengslum við enska boltann, þjálfara, leikmenn og stuðningsmenn liðanna heldur en Guðni Bergsson. Enginn sparkskýrandi hefur betri skilning og tilfinningu fyrir því hvað gerir Úrvalsdeildina svona einstaka og eftirsóknarverða.**

**Þessi fyrrum fyrirliði íslenska landsliðsins lék lengi á Englandi með Tottenham Hotspur og Bolton Wanderers þar sem hann var lengi vel fyrirliði. Hann lék 90 leiki með Tottenham frá 1988 til 1993. Með Bolton lék hann 316 leiki frá 1995 til 2003. Á sínum ferli lék Guðni meðal annars með stjörnum á borð við Gary Lineker, Paul Gascoigne, Chris Waddle, Gary Mabbut, Jay Jay Okocha og Youri Djorkaeff svo einhverjir séu nefndir. Er einhver annar sjónvarpsmaður á Íslandi sem getur tekið upp símann og fengið viðtal við Ryan Giggs, Sol Campbell, Sam Allardyce og Mark Halsey dómara? Það getur Guðni eins og dæmin sanna. 4-4-2 með Guðna Bergs verður á dagskrá klukkan 19.10 á laugardögum.**



**„Ég lék nokkrum sinnum á móti Guðna Bergssyni. Það var ekki auðvelt. Hann er einn erfiðasti varnarmaður sem ég hef leikið gegn á Englandi. Þegar ég lék gegn honum datt mér ekki í hug að hann yrði góður og aðlaðandi sjónvarpssmaður, jafn illskeyttur og hann var! Mér skilst að hann standi sig mjög vel í því starfi.“**

- Ruud van Nistelrooy leikmaður Real Madrid.

# GLÆSILEG DAGSKRÁ Á SÝN 2

**Sýn 2 er ný sjónvarpsstöð þar sem nákvæmlega allt snýst um enska boltann. Aldrei hefur verið boðið upp á fleiri útsendingar frá enska boltanum á Íslandi. Þær verða hátt í 380 talsins bæði frá úrvalsdeildinni og einnig frá næstefstu deild. Sýn er stöð sem enginn knattspyrnumaður getur verið án.**

Með tilkomu Sýnar 2 verður umgjörðin um enska boltann betri og veglegri en áður hefur þekkst hér á landi. Sýn 2 mun kappkosta að færa landsmönnum allt um enska boltann eins fljótt og mögulegt er. Ekki einungis beinu útsendingarnar, heldur einnig samantektir, mörkin umdeildu atvikin, umræðuna, viðtölin við þjálfarana og stjörnurnar.

**Premier League - Preview** *Upphitun fyrir helgina* Vikulegur þáttur þar sem hitað verður upp fyrir leiki helgarinnar. Sýndur glænýr á föstudögum með viðtölum sem tekin voru samdægurs við þjálfara og stjörnur liðanna.

**Premier League - Review** *Ensku mörkin* Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**Premier League World** *Heimur úrvalsdeildarinnar* Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**1001 Goals** *Þúsund og eitt mark* Niðurtalning á 1001 glæsilegustu mörkum Úrvalsdeildarinnar frá upphafi. Hver skoraði flottasta markið?

**Season highlights** *Hápunktar ársins* Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**Goals of the season** *Mörk leiktíðarinnar* Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**Ten Seasons - A decade of great goals** *Áratugur af glæsimörkum* Heill áratugur af ógleymanlegum mörkum.

**PL Classic matches** *Bestu leikir Úrvalsdeildarinnar* Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum Úrvalsdeildarinnar.

**The UK Masters Cup** Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters Cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

## STÆRSTU LEIKIRNIR Á SÝN 2 Í ÁGÚST

Sýn 2 hóf útsendingar sínar hinn 4. ágúst síðastliðinn. Enska úrvalsdeildin hefst laugardaginn 11. ágúst og þar með hefjast beinar útsendingar fyrir alvöru á þessari nýju og metnaðarfullu sjónvarpsstöð. Aldrei hafa fleiri Íslendingar náð útsendingum frá enska boltanum en Sýn 2 verður aðgengileg fyrir liðlega 98% landsmanna. Lengi hafa landsmenn haft mikinn áhuga á enska boltanum og áhuginn virðist vera að aukast með árunum ef eitthvað er. Sýn 2 kemur til móts við þennan áhuga með myndarlegum hætti og býður upp á 380 beinar útsendingar frá úrvalsdeildinni og 1. deildinni þar sem nokkrir Íslendingar leika. Ef litið er til stærstu leikjanna í ágústmánuði má nefna fjóra sérstaklega. Hinn 12. ágúst kl. 14.40 taka meistararnir í Manchester United á móti Reading. Það er því ekki létt verkefni sem bíður íslensku landsliðsmannanna hjá Reading, Ívars Ingimarssonar og Brynjars Björns Gunnarssonar, í 1. umferð deildarinnar. Þeir fara á hinn goðsagnakennda leikvang Old Trafford, og kljást við ríkjandi meistara í leikhúsi draumanna.

Hinn 18. ágúst mætast Portsmouth og Bolton. Hér er um Íslendingaslag að ræða strax í 3. umferð deildarinnar. Hermann Hreiðarsson gekk í sumar til liðs við Portsmouth og Heiðar Helguson gekk í raðir Bolton. Forvitnilegt verður að fylgjast mér þeim á nýjum vígstöðvum. Daginn eftir, 19. ágúst, er stórviðburður í boði þegar Manchester City og Manchester United leiða saman hesta sína. Sem sagt nágrannaslagur í Manchester. Leikmönnum City þætti fátt skemmtilegra en að klekkja á meisturunum í United í upphafi móts. Einstök stemning ríkir þegar nágrannalið mætast í enska boltanum. Sama dag er annar stórleikur á dagskrá þegar Liverpool tekur á móti Chelsea í Bítlaborginni. Segja má að þetta sé stórleikur 3. umferðarinnar. Liverpool lék til úrslita í Meistaradeildinni síðastliðið vor og Chelsea sigraði í báðum bikarkeppnunum á Englandi.




## MIKILL AFSLÁTTUR FYRIR ÁSKRIFENDUR

**Kaupin á sýningarréttinum frá enska boltanum er enn einn liðurinn í því að auka þjónustuna við áskrifendur Sýnar og M12 áskrifendur. Þegar skemmtilegasta knattspyrnudeild í heimi á í hlut, þá dugir ekkert minna en heil sjónvarpsstöð, enda á enski boltinn ekkert minna skilið. M12 áskrifendur fá Sýn 2 á hagstæðu verði en aldrei hefur verið boðið upp á jafn metnaðarfulla dagskrá frá enska boltanum á Íslandi.**

(viðbótarverð).

**Ársmiðahafar Sýnar 2 fá ókeypis áskrift að Arsenal-, Chelsea-, Man Utd-, og Liverpool-rásum Fjölvarpsins. Jafnframt fá þeir veglegan fastan afslátt hjá fjórum samstarfsfyrirtækjum:** • 5.000 kr afsláttur á öllum fótboltaferðum hjá Express ferðum. • 15.000 kr afsláttur af sjónvörpum hjá Bræðrunum Ormsson. (5000 kr af tilboðstækjum). • Fáðu mörkin hjá tveimur liðum í úrvalsdeildinni send frítt í símann í sex mánuði hjá Og Vodafone (andvirði 5.940 kr). • 1.000 kr afsláttur af öllum liðstreyjum og fótboltaskóm í Útilíf.

**VERÐSKRÁ:**

**STAKUR MÁNUÐUR Á SÝN 2:** 4.390 kr.

**M12 SILFUR:** Stöð 2 + Sýn 2: 2.704 kr. (viðbótarverð).

**SÝN + SÝN 2:** 2.837 kr. (viðbótarverð).

**FJÖLVARP STÓRI + SÝN 2:** 2.879 kr. (viðbótarverð).

**FJÖLVARP LITLI + SÝN 2:** 3.133 kr. (viðbótarverð).

**FJÖLVARP SPORT + SÝN 2:** 2987 kr. (viðbótarverð).

**M12 GULL:** Stöð 2 og Sýn + Sýn 2: 2.798 kr. (viðbótarverð).

**STÖÐ 2 OG FJÖLVARP STÓRI + SÝN 2:** 2.812 kr. (viðbótarverð).

**STÖÐ 2 OG FJÖLVARP LITLI + SÝN 2:** 2.897 kr. (viðbótarverð).

**STÖÐ 2 OG FJÖLVARP SPORT + SÝN 2:** 2.893 kr. (viðbótarverð).

**SÝN OG FJÖLVARP STÓRI + SÝN 2:** 2.848 kr. (viðbótarverð).

**SÝN OG FJÖLVARP LITLI + SÝN 2:** 2.941 kr. (viðbótarverð).

**SÝN OG FJÖLVARP SPORT + SÝN 2:** 2.893 kr. (viðbótarverð).

**M12 PLATINUM:**

**STÖÐ 2, SÝN OG FJÖLVARP STÓRI + SÝN 2:** 2.368 kr. (viðbótarverð).

**STÖÐ 2, SÝN OG FJÖLVARP LITLI + SÝN 2:** 2.452 kr. (viðbótarverð).

**STÖÐ 2, SÝN OG FJÖLVARP SPORT + SÝN 2:** 2.404 kr.

# FORRÉTTINDI AÐ FÁ AÐ SPILA



**Hermann Hreiðarsson er einn af launahæstu varnarmönnum ensku úrvalsdeildarinnar. Hann gekk í raðir Portsmouth í sumar og stefnir á Evrópusæti með liðinu. Eftir tíu ár í enska boltanum segir hann dvölina hafa verið ævintýri líkasta.**

**EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON**

Sumarið 1997 lagði Eyjapeyinn Hermann Hreiðarsson af stað í ferðalag sem enn sér ekki fyrir endann á. Hann gerði samning við enska úrvalsdeildarliðið Crystal Palace til þriggja ára og vissi í sjálfu sér ekkert hvað hann var að fara út í. Hann var þó fljótur að komast í liðið og stóð sig betur en flestir hefðu þorað að vona þrátt fyrir að Crystal Palace félli úr úrvalsdeildinni.

„Ég fór út fyrst sem hálfgerður gutti með þriggja ára samning og var keyptur upp á framtíðina. Ég vissi í raun ekkert út í hvað ég var að fara og átti alveg eins von á því að þurfa að fara heim eftir þrjú ár. Um leið og tímabilið byrjaði og ég sá stemninguna á völlunum þá vissi ég að þetta var málið. Ég var á bekknum í fyrstu leikjunum en vildi meira, komst í liðið og síðan hef ég eiginlega ekki litið um öxl. Þegar ég lít til baka þá er þetta búið að vera ævintýri líkast. Þegar ég fór út þá var ég helvíti hrár. Ég kunni varla að sparka í bolta 23 ára gamall. Ég hugsa oft hvar ég hefði eiginlega endað ef ég hefði kunnað að sparka í bolta þegar ég kom út," segir Hermann og hlær.

„Þetta er búið að vera frábært ævintýri og á meðan ég hef enn þá gaman af þessu þá held ég áfram. Ég fær þvílíka útrás á hverjum degi á æfingum og í leikjum og það eru forréttindi að fá að taka þátt í þessu," segir Hermann.

### HVAÐ VAR ÉG AÐ HUGSA?

Hermann hefur aldrei verið hræddur við að fara sínar eigin leiðir en það ráku margir upp stór augu þegar hann ákvað að ganga til liðs við Brentford í þriðju deildinni haustið 1998. Sú djarfa ákvörðun átti þó eftir að reynast honum happadrjúg á endanum.

„Ég spyr oft sjálfan mig enn þann dag í dag hvað ég hafi eiginlega verið að hugsa þegar ég tók þá ákvörðun en ég held að það hafi orðið til þess að ég varð enn hungraðri í að komast aftur í úrvalsdeildina. Ég fór niður í gömlu 3. deildina og þar sá ég fullt af góðum leikmönnum sem voru fastir þar. Þar lærði ég að það væru bara forréttindi að spila í úrvalsdeildinni. Ég held að eftir á að hyggja hafi þetta verið ein af mínum bestu ákvörðunum því ég þurfti að vera í algjöru toppformi til að spila í þessari deild og þurfti að taka sjálfan mig algjörlega í gegn. Það bjó líka meira á bak við þetta. Fjölskyldan var nýkomin út og krakkarnir byrjaðir í skóla í hverfinu. Æfingasvæðið hjá Brentford var við hliðina á skólanum þannig að það hentaði mjög vel. Mér gekk líka vel og það leið ekki nema ár þar til ég var kominn aftur í úrvalsdeildina með Wimbledon," segir Hermann.

### ÓTRÚLEGT HJÁ IPSWICH

Og frá Wimbledon lá leiðin til Ipswich þar sem Hermann upplifði sitt skemmtilegasta tímabil í enska boltanum til þessa. Hann var keyptur fyrir fjórar milljónir punda sumarið 2000 og sá ekki eftir því að hafa haft vistaskipti frá Wimbledon.

„Fyrsta árið hjá Ipswich var ótrúlegt. Félagið var að koma upp í úrvalsdeildina og keypti í raun og veru engan nema mig um sumarið. Við lentum í fimmta sæti með 66 stig og vorum bara einum leik frá því að komast í meistaradeildina. Það var ótrúlegur árangur og frábært í alla staði. Stuðningsmenn Ipswich eru stórkostlegir og félagið yndislegt. Ég held að þetta ár hafi verið toppurinn hingað til."

### FJÖGUR FÖLL HAFA ENGIN ÁHRIF

Tíu ára dvöl Hermanns hefur þó ekki verið eintóm sæla því að hann hefur orðið þess vafasama heiðurs aðnjótandi að falla fjórum sinnum með liðum sínum úr úrvalsdeildinni, fyrst Crystal Palace 1998, síðan Wimbledon 2000, Ipswich 2002 og síðan Charlton síðastliðið vor. Hermann lætur það þó hafa lítil áhrif á sig og segir það hluta af fótboltanum.

„Þetta er bara eins og það er, staðreyndir sem þýðir ekkert að reyna að fela. Ég get hins vegar ekki sagt að þetta hafi mikil áhrif á mig. Auðvitað er hundleiðinlegt að falla og þessi tímabil þar sem botnbaráttan hefur verið allsráðandi hafa mörg hver verið ömurleg. Stemningin í leikmannahópnum ber keim af genginu og er því oft döpur. Ég hef hins vegar alltaf átt fast sæti í byrjunarliðinu hjá þeim liðum sem ég hef spilað með og það segir mér það að ég hef verið að standa fyrir mínu. Ég neita alla vega að trúa því að ég sé ástæðan fyrir því að liðin hafi fallið.

Ef við skoðum þessi fjögur lið sem ég hef fallið með þá voru Crystal Palace nýliðar í úrvalsdeildinni og höfðu komist upp í gegnum umspil. Ég var auðvitað bara kjúklingur þar en eftir á að hyggju þá var liðið einfaldlega ekki nógu gott til að halda sæti sínu. Ég var keyptur til Wimbledon eftir einhverja tíu leiki og þá var liðið í botnsæti. Það var því vitað að það tímabil yrði endalaus barátta. Hjá Ipswich lentum við í hinum velþekkta 2. tímabils sjúkdómi sem hefur hrjáð mörg lið. Eftir frábært tímabil árið á undan átti svo sannarlega að blása til sóknar og gera enn betur. Það gekk hins vegar ekkert upp. Við vorum í Evrópukeppni, vorum með lítinn hóp og það fór allt í vaskinn. Varðandi Charlton þá gerðist það að Alan Curbishley hætti eftir frábært starf í fimmtán ár og nýr þjálfari [Ian Dowie] kom inn. Hann breytti miklu og reyndi að setja sitt mark á liðið. Mig grunaði þá að þetta síðasta tímabil yrði erfitt sem varð svo raunin," segir Hermann.

### STEFNUM Á EVRÓPUSÆTI

Í dag virðist hins vegar allt annað vera upp á teningnum og fallbarátta virðist fjarlægur möguleiki. Hermann fékk sig lausan frá Charlton eftir að tímabilinu lauk og gekk til liðs við Portsmouth. Þar hittir hann fyrir knattspyrnustjórann Harry Redknapp og afar metnaðarfulla forráðamenn sem ætla sér að koma Portsmouth í fremstu röð. Hermann segist finna fyrir því að Portsmouth sé öflugra félag en nokkurt annað sem hann hefur verið hjá.

„Mannskapurinn er sá sterkasti sem ég hef spilað með og metnaðurinn er gífurlegur. Það eru leikmenn hérna sem hafa spilað með bestu liðum Englands og enska landsliðinu. Markið er líka sett hátt og við stefnum á Evrópusæti. Það er ekki hægt að tala um neitt annað þegar horft er til þess hversu miklum peningum búið er að eyða í leikmenn í sumar. Það vilja allir setja markið hátt," segir Hermann.

Hjá Portsmouth fær hann tækifæri til að spila með varnarmönnum á borð við Sol Campbell, Sylvain Distin og Lauren og Hermann játar að það sé ekki amalegt að vera í varnarlínu með þessum mönnum. „Þetta er langöflugasta vörn sem ég hef spilað í og það er gott að vita af því að ef eitthvað klikkar þá eru mennirnir við hliðina á mér nægilega góðir til að

# MEÐ ÞEIM BESTU

## HERMANN HREIÐARS UM ...

**Harry Redknapp** „Hann er með gott auga á markaðnum. Hann hefur keypt nokkra leikmenn sem ég hafði aldrei heyrt um en þeir smella vel inn í liðið. Hann hefur greinilega aðdráttarafl til að ná í stór nöfn í fótboltaheiminum. Mín kynni af honum eru ekki löng en hann er sjarmerandi gaur. Það eru fáir stjórar sem er betra að vinna fyrir á meðan menn gera það sem fyrir þá er lagt. Síðan skemmir ekki fyrir að hann vildi gjarnan fá mig og hringdi dag-inn eftir að tímabilinu lauk.



**Erfiðasti mótherjinn** „Alan Shearer var alltaf í sérstökum klassa. Hann var ekkert sérstaklega stór en ótrúlega sterkur í loftinu og grimmur í teignum. Hann þurfti bara hálfan metra og þá vissi maður hvar boltinn myndi enda. Hann var ansi erfiður.“



**Besti stjórinn** „Steve Coppell tók áhættu og keypti mig til Crystal Palace á sínum tíma og ég á honum auðvitað mikið að þakka. Hann henti mér inn í liðið og lét mér líða frábærlega.“



**Besta stemningin** „Mér finnst alltaf andrúmsloftið vera best á Anfield. Það skemmir líka ekki fyrir að ég hef oft náð góðum úrslitum þar. Mér fannst líka frábært að spila á gamla Highbury. Það er sjarmi yfir þessum gömlu ensku völlum.“



**Besti samherjinn**

"Það er Matt Holland sem ég spilaði með hjá Ipswich og Charlton. Við vorum herbergisfélagar í fjögur ár og hann er algjör toppmaður. Hann er mikill atvinnumaður, hugsar vel um sjálfan sig, mikill öðlingur sem hefur náð að búa sér til góðan feril.“

redda því. Við munum fara í hvern leik vitandi það að andstæðingarnir þurfa að eiga sinn besta leik til að vinna okkur og það er miklu skemmtilegra. Sjálfstraustið í liðinu er mikið og menn ætla sér stóra hluti,“ segir Hermann. Það reynir líka fljótt á Portsmouth-liðið því á meðal andstæðinga í fyrstu sex leikjunum eru Manchester United, Liverpool, Chelsea og Arsenal.

Aðspurður segist Hermann vera viss um að Manchester United muni verja titil sinn á komandi leiktíð. „Þeir spiluðu frábæran fótbolta allt tímabilið í fyrra og eru með enn betra lið núna eftir að leikmenn eins og Tevez og Hargreaves gengu til liðs við það. Þegar ég ber saman leikmannahópana hjá Manchester United og Chelsea þá finnst mér United vera í öðrum klassa. Ég er samt viss um að stóru fjögur liðin, United, Chelsea, Liverpool og Arsenal, muni tapa fleiri stigum á þessu tímabili heldur en undanfarin ár. Fjölmörg lið hafa eytt miklum peningum í að styrkja sig og það mun skila sér í jafnari deild. Lið eins og Tottenham, West Ham og Newcastle verða stórhættuleg á þessu tímabili,“ segir Hermann.

> Ég held að fólki finnist gott að vinna með okkur því við erum ekkert að röfla yfir einu né neinu heldur gerum það sem við erum beðnir um.

### PENINGAR EKKI AÐALATRIÐIÐ

Hermann skrifaði undir tveggja ára samning við Portsmouth sem færir honum samkvæmt heimildum Sports um 400 milljónir króna í árslaun. Hermann segist ekki hugsa mikið um peninga og þeir séu fráleitt aðalatriðið.

„Það eru fyrst og fremst forréttindi að fá að spila í einni bestu deild heims og á móti bestu fótboltamönnum heims. Það er ekkert öðruvísi með þetta eða aðrar atvinnugreinar sem fólk stundar. Það vilja allir komast á toppinn og því fylgir yfirleitt launahækkanir og annað. Hins vegar er það svo að það er nú alltaf heilsan sem skiptir öllu máli. Peningar hjálpa bara til við að geta leyft sér hitt og þetta. Það er þó ekki aðalatriðið. Ef ég fengi minna borgað þá myndi ég einfaldlega leyfa mér minna. Það er gaman að mæta í vinnuna á hverjum degi, sinna áhugamálinu og að fá borgað vel fyrir það,“ segir Hermann og bætir við að líf atvinnumanns í ensku úrvalsdeildinni sé sjaldnast í líkingu við þá mynd sem er dregin upp í fjölmiðlum.

„Við erum bara venjulegt fólk. Það lifir hver sínu lífi. Þetta er bara eðlilegur vinnudagur en síðan tekur bara fjölskyldulífið við eins og hjá flestum. Við erum með börn og það þarf að skutla þeim í skólann, ná í þau þangað og sjá um heimalærdóminn. Við höfum reyndar verið með barnapíur þar sem við höfum ekki haft skyldfólk hérna úti til að henda grislingunum í. Það er nauðsynlegt að komast út úr húsi öðru hvoru. Það er ekkert öðruvísi hjá okkur en öðrum hjónum.”

### HÆFILEIKAR ERU EKKI ALLT

Hermann Hreiðarsson er ekki hæfileikaríkasti knattspyrnumaður sem Ísland hefur alið af sér. Afrek hans í enska boltanum eru hins vegar óumdeilanleg og hann velkist ekki í vafa um að hugarfarið skipti meira máli þegar upp er staðið. Þegar knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson er skoðaður má finna ótrúleg líkindi með leikmönnum eins og Lárusi Orra Sigurðssyni, Heiðari Helgusyni, Ívari Ingimarssyni og Brynjari Birni Gunnarssyni. Allt eru þetta leikmenn sem hafa staðið sig frábærlega í ensku knattspyrnunni og allir hafa þeir treyst á hugarfar, dugnað og hörku frekar en tækni og fínheit.

„Það er alveg á hreinu að hæfileikarnir eru ekki allt. Ég hef séð marga leikmenn í gegnum tíðina sem hafa verið ótrúlega efnilegir en svo er hausinn ekki í lagi og þeir enda í utandeildinni. Það er bara út af hugarfari. Við höfum það líka fram yfir Englendingana að við höfum allir unnið erfiða vinnu með fótboltanum og vitum hvað við höfum það gott. Ég held að fólki finnist gott að vinna með okkur því við erum ekkert að röfla yfir einu né neinu heldur gerum það sem við erum beðnir um. Við hugsum líka vel um okkur þannig að við þurfum ekki að treysta of mikið á hæfileikana. Ég treysti frekar á hjartað,“ segir Hermann og hlær dátt. «



# ÓTTAÐIST AÐ FÓTBOLTA-FERILLINN VÆRI BÚINN



**Dean Ashton, hinn 23 ára gamli framherji West Ham, er einn af bestu sóknarmönnum ensku úrvalsdeildarinnar. Hann missti af öllu síðasta tímabili vegna ökklameiðsla en miklar vonir eru bundnar við hann í ár. Sport hitti Ashton í London.**

EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Dean Ashton fær það erfiða hlutverk að taka við hlutverki Carlosar Tevez í framlínu West Ham. NORDIC



Crewe Alexandra 2000 til 2005 158 leikir/61 mark



Norwich City 2005 til 2006 44 leikir/17 mörk



Enska A-landsliðið 2006 til? 0 landsleikir Meiddist illa á ökkla í fyrsta sinn sem hann var valinn í landsliðshópinn



West Ham United 2006 til ? 11 leikir/3 mörk

Það er alveg yndislegt að vera kominn aftur. Það tekur mig reyndar meiri tíma að komast í toppform en að vera heill og að spila er frábært. Það skemmir heldur ekki fyrir að hafa skorað mitt fyrsta mark fyrir West Ham í ansi langan tíma í kvöld. Það er þungu fargi af mér létt,“ sagði Dean Ashton í samtali við Sport eftir æfingaleik Leyton Orient og West Ham í lok júlí. Ashton skoraði þá sitt fyrsta mark fyrir félagið eftir að hann kom til baka úr erfiðum ökklameiðslum sem héldu honum frá keppni í tæpt ár.

## GAMAN AÐ SJÁ ÁRANGUR

Ashton var keyptur til West Ham í janúar 2006 frá Norwich fyrir rúmar 7 milljónir punda sem var þá það mesta sem félagið hefur greitt fyrir einn leikmann. Hann spilaði gríðarlega vel fyrir West Ham og var valinn í enska landsliðshópinn þá um sumarið. Á æfingu með landsliðinu varð hann hins vegar fyrir því óláni að ökklabrotna og kom það í veg fyrir að hann spilaði sína fyrstu landsleiki. Það þýddi líka að hann missti af öllu síðasta keppnistímabili með West Ham.

“Þetta voru auðvitað gífurleg vonbrigði. Ég var kominn í landsliðið og í besta formi lífsins. Síðan þurfti ég að horfa upp á félaga mína í liðinu eiga mjög erfitt tímabil, bæði innan og utan vallar, og það tók líka á. Þessi meiðsli voru erfið og það kom sá tími að ég óttaðist að ferillinn væri búinn. Slíkar hugsanir flugu í gengum huga minn þegar þetta virtist engan enda ætla að taka. Sem betur fer gerðist það ekki enda lagði ég gífurlega hart að mér við að ná fullum bata. Ég eyddi endalausum klukkutímum í endurhæfingu og þurfti að berjast við sársauka. Það er líka gaman núna þegar maður sér árangur erfiðsins,” segir Ashton brosandi.

## EINN SÁ ALLRA BESTI

Það er óumdeilt að Ashton er frábær leikmaður. Þegar fylgst var með honum í leiknum gegn Leyton Orient mátti sjá að hann hefur yfir miklum hæfileikum að ráða. Hann er stór og sterkur, öflugur í skallaeinvígum, með fína tækni og móttöku og frábær skotmaður. Hann er af mörgum talinn vera einn albesti framherji ensku úrvalsdeildarinnar og margir sjá hann fyrir sér sem framherja enska landsliðsins. Eggert Magnússon, stjórnarformaður West Ham, bindur líka miklar vonir við hann.

“Þegar hann er kominn í sitt besta form þá er alveg ljóst að hann verður liðinu mikill styrkur. Dean er frábær leikmaður og einn allra besti sóknarmaðurinn í deildinni,” segir Eggert um framherja sinn.

En hvað finnst Ashton þá um Eggert?

“Hann hefur verið frábær. Hann er gífurlega áhugasamur og lifir sig inn í þetta. Það er alveg augljóst að hann vill komast eins langt og hann getur með félagið. Hann talar líka mikið við leikmenn sem er eitthvað sem við kunnum að meta.”

## STEFNUM Á EFRI HLUTANN

Ashton hefur verið lengi að þrátt fyrir ungan aldur. Hann er alinn upp hjá Dario Gradi í Crewe Alexandra sem hefur skilað af sér mörgum frábærum leikmönnum. Það lá leið hans til Norwich sem borgaði þrjár milljónir punda fyrir hann í janúar 2005. Ári seinna var hann svo kominn til West Ham fyrir meira en helmingi hærri upphæð. Ashton segist vera afar ánægður hjá félaginu

“Við erum með gott lið. Það hefur verið eytt miklum peningum í góða leikmenn og ég held að tímabilið verði afar spennandi. Ég vona að við verðum í efri hluta deildarinnar þegar uppi verður staðið,” segir Ashton.

Aðspurður um persónuleg markmið segir hann þau einföld. “Ég ætla að vera heill og njóta þess að spila fótbolta. Ég set mér engin markmið í fjölda marka eða að komast í enska landsliðið. Auðvitað er það draumurinn en aðalmálið er að West Ham gangi vel,” segir þessi geðþekki framherji.«





Enski boltinn á Sýn 2
í Sjónvarpi Símans
Njóttu þess að horfa á Enska boltann í bestu mögulegu myndgæðum í gegnum Sjónvarp Símans.
Tryggðu þér áskrift að Sýn 2 í síma 512 5100.
Þú færð líka aðgang að yfir 1100 bíómyndum í SkjáBíói með einum takka á fjarstýringunni – aðeins í gegnum Sjónvarp Símans.
800 7000 – siminn.is
Síminn

# FRÁ ARSENAL TIL LIVERPOOL

## » ARSENAL

**Stofnað:** 1886

**Heimavöllur:** Emirates Stadium (60.432 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Arsene Wenger

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** Meistarar 1997 til 1998, 2001 til 2002 og 2003 til 2004.

**Dýrasti leikmaður:** Thierry Henry frá Juventus (10,5 milljónir punda 1999)

**Komnir:** Bacary Sagna (Auxerre), Eduardo da Silva (Dinamo Zagreb), Lukasz Fabianski (Legia Varsjá) og Havard Nordtveit (Haugesund).

**Farnir:** Jose Antonio Reyes (A. Madrid), Freddie Ljungberg (West Ham), Thierry Henry (Barcelona), Jeremie Aliadiere (Middlesbrough), Fabrice Muamba (Birmingham), Arturo Lupoli (Fiorentina), Carlos Vela (Osasuna), Kerrea Gilbert (Southend) og Mart Poom (Watford)



**Robin Van Persie** Þessi ungi Hollendingur mun bera miklu meiri ábyrgð í sóknarleik Arsenal eftir brotthvarf Thierry Henry.

## » ASTON VILLA

**Stofnað:** 1874

**Heimavöllur:** Villa Park (tekur 42.573 áhorfendur)

**Knattspyrnustjóri:** Martin O'Neill

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 2. sæti 1992 til 1993

**Dýrasti leikmaður:** Ashley Young frá Watford (9,65 milljónir punda 2007)

**Komnir:** Marlon Harewood (West Ham) og Nigel Reo-Coker (West Ham)

**Farnir:** Lee Hendrie (Sheff. Utd), Chris Sutton (hættur), Stephen Henderson (Bristol City), Aaron Hughes (Fulham), Gavin McCann (Bolton), Jlloyd Samuel (Bolton), Steven Davis (Fulham), Liam Ridgewell (Birmingham) og Robert Olejnik (Falkirk).



**Ashley Young** Þessi eldfljóti og leikni kantmaður var keyptur fyrir metupphæð í janúar og er búist við miklu af honum í vetur.

## » BIRMINGHAM

**Stofnað:** 1875

**Heimavöllur:** St. Andrews (30.009 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Steve Bruce

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 10. sæti 2003 til 2004

**Dýrasti leikmaður:** David Dunn frá Blackburn (4,375 milljónir punda 2003)

**Komnir:** Rafael Schmitz (Lille), Daniel De Ridder (Celta Vigo), Richard Kingson (Hammarby) Oliver Kapo (Juventus), Garry O'Connor (L. Moskva), Fabrice Muamba (Arsenal), Liam Ridgewell (Aston Villa), Franck Queudrue (Fulham) og Stuart Parnaby (Middlesbrough).

**Farnir:** DJ Campbell (Leicester), Stephen Clemence (Leicester), Julian Gray (Coventry), Neil Kilkenny (Oldham) og Bruno N'Gotty (Leicester).



**Oliver Kapo** Þessi gríðarlega öflugi miðjumaður frá Fílabeinsströndinni hefur mikla reynslu þrátt fyrir að vera aðeins 26 ára gamall.

## » BLACKBURN

**Stofnað:** 1875

**Heimavöllur:** Ewood Park (31.367 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Mark Hughes

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** Meistarar tímabilið 1994 til 1995

**Dýrasti leikmaður:** Andy Cole frá Man. Utd (8 milljónir punda 2001)

**Komnir:** Maceo Rigters (NAC Breda), Roque Santa Cruz (Bayern München) og Gunnar Nielsen (BK Frem).

**Farnir:** Michael Gray (Wolves) og Andy Todd (Derby).



**Maceo Rigters** Þessi hollenski framherji varð markahæstur á Evrópumóti U-21 árs landsliða í sumar þar sem Holland varð Evrópumeistari.

## » BOLTON

**Stofnað:** 1874

**Heimavöllur:** Reebook Stadium (28.723 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Sammy Lee

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 6. sæti 2004 til 2005

**Dýrasti leikmaður:** Nicolas Anelka frá Fenerbahce (8 milljónir punda 2006)

**Komnir:** Heiðar Helguson (Fulham), Mikel Alonso (R. Sociedad), Gavin McCann (Aston Villa), Jlloyd Samuel (Aston Villa), Zoltan Harsanyi (FC Senec), Blerim Dzemaili (FC Zürich), Gerald Cid (Bordeaux), Danny Guthrie (Liverpool), Daniel Braaten (Rosenborg) og Christian Wilhelmsson (Nantes).

**Farnir:** Tai Ben Haim (Chelsea), César Martin (samningslaus), Quinton Fortune (samningslaus), Henrik Pedersen (samningslaus), Chris Howarth (Carlisle) og David Thompson (samningslaus).



**Heiðar Helguson** Heiðar ætti að njóta meira trausts hjá Sammy Lee heldur en hann gerði hjá Fulham.

## » CHELSEA

**Stofnað:** 1905

**Heimavöllur:** Stamford Bridge (42.055 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Jose Mourinho

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** Meistarar 2004 til 2005 og 2005 til 2006

**Dýrasti leikmaður:** Andryi Shevchenko frá AC Milan (30 milljónir punda 2006)

**Komnir:** Florent Malouda (Lyon), Tal Ben Haim (Bolton), Claudio Pizarro (B. München), Alex (PSV) og Steve Sidwell (Reading).

**Farnir:** Geremi (Newcastle), Khalid Boulahrouz (Sevilla), Juan Sebastian Veron (samningslaus), Yves Makabu-Ma-Kalambay (Hibernian), Nuno Morais (A. Nicosia), Jimmy Smith (Norwich), Jimmy Smith (Norwich), Ben Sahar (QPR) og Michael Mancienne (QPR).



**Andryi Shevchenko** Þessi markheppni Úkraínumaður olli miklum vonbrigðum á síðasta tímabili.

## » DERBY

**Stofnað:** 1884

**Heimavöllur:** Pride Park (33.597 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Billy Davies

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 8. sæti 1998-1999

**Dýrasti leikmaður:** Seth Johnson frá Crewe (3 milljónir punda 1999)

**Komnir:** Ben Hinchcliffe (samningslaus), Andy Todd (Blackburn), Tyrone Mears (West Ham), Claude Davis (Sheff. Utd), Lewis Price (Ipswich), Andy Griffin (Portsmouth) og Robert Earnshaw (Norwich).

**Farnir:** Lionel Ainsworth (samningslaus), Morten Bisgaard (samningslaus), Paul Boertien (samningslaus), Richard Jackson (Luton), Steven Cann (samningslaus), Lee Grant (Sheff. Wed.), Seth Johnson (samningslaus) og Paul Peschisolido (Luton).



**Giles Barnes** Er einn efnilegasti miðjumaðurinn í enska boltanum.

## » EVERTON

**Stofnað:** 1878

**Heimavöllur:** Goodison Park (40.569 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** David Moyes

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 4. sæti 2004-2005

**Dýrasti leikmaður:** Andy Johnson frá Crystal Palace (8,6 milljónir punda 2006)

**Komnir:** Leighton Baines (Wigan), Phil Jagielka (Sheff. Utd), Steven Pienaar (B. Dortmund) og Lukas Jutkiewicz (Swindon Town).

**Farnir:** Gary Naysmith (Sheff. Utd), James Beattie (Sheff. Utd), Alessandro Pistone (samningslaus) og Richard Wright (West Ham).



**James Vaughan** Það hefur tekið hann lengri tíma að slá í gegn en menn bjuggust við.



Símaverið
Við svörum fyrir þig
-í símann á meðan þú vinnur.
Þjónusta Símaversins er:
- Að annast símsvörun fyrir fyrirtæki.
- Símasala.
- Kynna vöru og þjónustu og bóka kynningarfundi.
- Fylgja eftir markpósti.
- Önnur þjónusta sérsniðin að óskum viðskiptavina.

Símaverið ehf, Pollgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fax 450 5501
heimasíða www.simaverid.is, netfang simaverid@simaverid.is


## » FULHAM

**Stofnað:** 1879

**Heimavöllur:** Craven Cottage (tekur 26.300 áhorfendur)

**Knattspyrnustjóri:** Lawrie Sanchez

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 9. sæti 2003 til 2004

**Dýrasti leikmaður:** Steve Marlet frá Lyon (11,5 milljónir punda 2001)

**Komnir:** Lee Cook (QPR), David Healy (Leeds), Paul Konchesky (West Ham), Chris Baird (Southampton), Steven Davis (Aston Villa), Diomansy Kamara (West Brom), Adrian Leijer (Melbourne Victory), Hameur Bouazza (Watford) og Aaron Hughes (Aston Villa).

**Farnir:** Heiðar Helguson (Bolton), Tomasz Radzinski (samningslaus), Claus Jensen (samningslaus), Mark Pembrigde (samningslaus), Mark Crossley (Oldham), Franck Queudrue (Birmingham), Michael Brown (Wigan) og Matty Collins (Swansea).



**David Healy** Ef Healy væri jafngóður með félagsliðum sínum og hann er með norður-írska landsliðinu þá væri hann með betri fótboltamönnum heims. Hann hefur skorað níu mörk í sex leikjum fyrir Norður-Írland í undankeppni EM 2008 og hann hlýtur að halda áfram á sömu braut með Fulham.

## » LIVERPOOL

**Stofnað:** 1892

**Heimavöllur:** Anfield Road (tekur 45.362 áhorfendur)

**Knattspyrnustjóri:** Rafael Benitez

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 2. sæti 2001 til 2002

**Dýrasti leikmaður:** Fernando Torres frá Atletico Madrid (26,5 milljónir punda 2007)

**Komnir:** Ryan Babel (Ajax), Yossi Benayoun (West Ham), Fernando Torres (Atletico Madrid), Lucas Leiva (Gremio), Sebastian Leto (Lanus), Andriy Voronin (Bayer Leverkusen), Mikel San Jose (Athletic Bilbao), Nikolay Mihaylov (Levski Sofia), Krisztian Nemeth (MTK Hungaria), Andras Simon (MTK Hungaria) og Ryan Crowther (Stockport).

**Farnir:** Craig Bellamy (West Ham), Djibril Cisse (Marseille), Luis Garcia (Atletico Madrid), Florent Sinama-Pongolle (Recreativo Huelva), Jerzy Dudek (Real Madrid), Bolo Zenden (Marseille), Robbie Fowler (Cardiff), Danny Guthrie (Bolton) og Adam Hammill (Southampton).



**Fernando Torres** Dýrasti leikmaður í sögu Liverpool sem á að verða markaskorarinn sem Liverpool hefur ekki átt frá því að Michael Owen var og hét.

# BESTA FÓTBOLTATÆKIÐ Á MARKAÐNUM Í DAG

LOKSINS GETURÐU NOTIÐ ÞESS AÐ HORFA Á BOLTANN EINS OG Á AÐ HORFA Á HANN.




**TECH SPEC :**
100hz
Motionflow
3x HDMI tengi
Theatre sync -
sem auðveldar tengingu við heimabíókerfi..
Og margt fleira

**SONY BRAVIA D3000 32"**
Með nýrri motionflow tækni losnarðu við allt hökt í myndinni og getur því notið þess að horfa á boltann í kristaltærum gæðum.

Komdu við í Sony Center og leyfðu okkur að sýna þér besta LCD tækið á markaðnum í dag.

SC
Sony Center®
www.sonycenter.is sími 588 766

# FRÁ MANCHESTER CITY TIL WIGAN

## » MAN CITY

**Stofnað:** 1887

**Heimavöllur:** City of Manch. Stadium (47.726 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Sven-Göran Eriksson

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 8. sæti 2004 til 2005

**Dýrasti leikmaður:** Nicolas Anelka frá Paris St. Germain (13 milljónir punda 2002)

**Komnir:** Geovanni (Benfica), Gelson Fernandes (Sion), Martin Petrov (Atletico Madrid), Elano (Shakhtar Donetsk), Vedran Corluka (Dinamo Zagreb), Javier Garrido (Real Sociedad), Valeri Bojinov (Fiorentina) og Rolando Bianchi (Reggina).

**Farnir:** Trevor Sinclair (Cardiff), Nicky Weaver (Charlton), Stephen Jordan (Burnley), Hatem Trabelsi (samningslaus), Joey Barton (Newcastle), Nathan D'Laryea (Rochdale) og Sylvain Distin (Portsmouth).



**Rolando Bianchi** Ef framherji skorar 18 mörk með miðlungsliði í ítölsku A-deildinni hvað getur hann þá gert með miðlungsliði í ensku úrvalsdeildinni?

## » MAN. UTD

**Stofnað:** 1878

**Heimavöllur:** Old Trafford (47.726 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Alex Ferguson

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** Meistarar 1992 til 1993, 1993 til 1994, 1995 til 1996, 1996 til 1997, 1998 til 1999, 1999 til 2000, 2000 til 2001, 2002 til 2003, 2006 til 2007.

**Dýrasti leikmaður:** Rio Ferdinand frá Leeds (30 milljónir punda 2002)

**Komnir:** Anderson (Porto), Nani (Sporting Lisbon), Owen Hargreaves (Bayern München), Carlos Tevez (West Ham) og Tomasz Kuszczak (West Brom).

**Farnir:** Kieran Richardson (Sunderland), Guiseppe Rossi (Villarreal) og Alan Smith (Newcastle).



**Nani** Þessi ungi Portúgali fagnar mörkum með tvöföldum heljarstökkum. Honum hefur verið líkt við landa sinn Cristiano Ronaldo og má teljast góður ef hann stendur undir því.

## » MIDDLESBOROUGH

**Stofnað:** 1881

**Heimavöllur:** Riverside Stadium (35.100 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Gareth Southgate

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 7. sæti 2004 til 2005

**Dýrasti leikmaður:** Massimo Maccarone frá Empoli (8,15 milljónir punda 2002)

**Komnir:** Luke Young (Charlton Athletic), Tuncay Sanli (Fenerbahce), Jeremie Aliadiere (Arsenal) og Jonathan Woodgate (Real Madrid).

**Farnir:** Mark Viduka (Newcastle), Danny Graham (Carlisle United), Malcolm Christie (samningslaus), Stuart Parnaby (Birmingham City), James Morrison (West Brom) og Abel Xavier (Los Angeles Galaxy).



**Tuncay Sanli** Þessi um 25 ára gamla tyrkneska framherja er ætlað að fylla skarðið sem Mark Viduka skilur eftir sig í framlínu Middlesbrough. Skoraði mikið fyrir Fenerbahce en það verður erfiðara í ensku úrvalsdeildinni.

## » NEWCASTLE

**Stofnað:** 1881

**Heimavöllur:** St. James' Park (52.387 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Sam Allardyce

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 2. sæti 1995 til 1996 og 1996 ti 1997

**Dýrasti leikmaður:** Alan Shearer frá Blackburn (15 milljónir punda 1996)

**Komnir:** Jose Enrique (Villarreal), Geremi (Chelsea), David Rozehnal (Paris Saint Germain), Joey Barton (Man. City), Alan Smith (Manchester United) og Mark Viduka (Middlesbrough)

**Farnir:** Olivier Bernard (samningslaus), Lee Clark (hættur), Kris Gate (samningslaus), Craig Moore (samningslaus), Pavel Srnicek (samningslaus), Scott Parker (West Ham), Alan O'Brien (Hibernian), Titus Bramble (Wigan) og Antoine Sibierski (Wigan).



**Joey Barton** Skapmikill miðjumaður sem Manchester City gat ekki beðið eftir að losna við. Enginn deilir um getuna sem skipar honum í hóp bestu miðjumanna deildarinnar. Allir efast hins vegar um skapið sem hleypur oft með hann í gönur. Ef Allardyce nær að róa Barton þá verður hann frábær.

## » PORTSMOUTH

**Stofnað:** 1898

**Heimavöllur:** Fratton Park (tekur 20.224 áhorfendur)

**Knattspyrnustjóri:** Harry Redknapp

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 9. sæti 2006 til 2007

**Dýrasti leikmaður:** Sulley Ali Muntari frá Udinese (7 milljónir punda 2007)

**Komnir:** David Nugent (Preston), Hermann Hreiðarsson (Charlton), Sylvain Distin (Man. City), Sulley Ali Muntari (Udinese), Martin Cranie (Southampton), Arnold Mvuemba (Rennes) og John Utaka (Rennes).

**Farnir:** Svetoslav Todorov (Charlton) og Andy Griffin (Derby).



**David Nugent** Komst í enska landsliðið á síðasta tímabili þrátt fyrir að spila í 1. deildinni. Er talinn vera efnilegasti framherji Englands en á eftir að sanna sig í efstu deild.

## » READING

**Stofnað:** 1871

**Heimavöllur:** Madejski Stadium (tekur 24.000 áhorfendur)

**Knattspyrnustjóri:** Steve Coppell

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 8. sæti 2006 til 2007

**Dýrasti leikmaður:** Leroy Lita frá Bristol City (1 milljón punda 2005)

**Komnir:** Emerse Fae (Nantes) og Kalifa Cisse (Boavista).

**Farnir:** Scott Davies (Aldershot), Jonathan Hayes (Leicester City), Steve Sidwell (Chelsea), Alan Bennett (Southampton) og Greg Halford (Sunderland).



**Leroy Lita** Hann er 23 ára gamall framherji sem skoraði 14 mörk fyrir Reading á síðasta tímabili. Hann var besti maður enska U-21 árs landsliðsins á EM í sumar og má búast við honum tvíefldum til leiks á komandi tímabili.

## » TOTTENHAM

**Stofnað:** 1882

**Heimavöllur:** White Hart Lane (36.240 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Martin Jol

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 5. sæti 2005 til 2006 og 2006 til 2007

**Dýrasti leikmaður:** Darren Bent frá Charlton (16,5 milljónir punda 2007)

**Komnir:** Danny Rose (Leeds United), Younes Kaboul (Auxerre), Darren Bent (Charlton Athletic), Adel Taarabt (Lens), Kevin-Prince Boateng (Hertha Berlín) og Gareth Bale (Southampton).

**Farnir:** Emil Hallfreðsson (Lyn), Mark Yeates (Colchester United), Reto Ziegler (Sampdoria) og Charlie Lee (Peterborough United).



**Gareth Bale** Þessi 17 ára gamli bakvörður sló í gegn með Southampton á síðasta tímabili og það ber flestum saman um að hann eigi afar bjarta framtíð fyrir höndum. Það verður gaman að sjá hvaða framförum hann tekur undir stjórn Martins Jol.

## » SUNDERLAND

**Stofnað:** 1879

**Heimavöllur:** Stadium of Light (49.000 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Roy Keane

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 7. sæti 1999 til 2000 og 2000 til 2001

**Dýrasti leikmaður:** Craig Gordon frá Hearts (7 milljónir punda 2007)

**Komnir:** Craig Gordon (Hearts), Paul McShane (West Brom), Dickson Etuhu (Norwich City), Kieran Richardson (Man. Utd), Michael Chopra (Cardiff City), Russell Anderson (Aberdeen) og Greg Halford (Reading).

**Farnir:** Stephen Elliott (Wolves), Arnau Riera (Falkirk), Dan Smith (Aberdeen), Kenny Cunningham (samningslaus), Tommy Miller (Ipswich), William Mocquet (samningslaus) og Kevin Smith (samningslaus).



**Michael Chopra** Framherji sem var afskrifaður hjá Newcastle en átti síðan frábært tímabil með Cardiff í fyrra þar sem hann skoraði 22 mörk í 1. deildinni. Á enn eftir að sanna að hann geti staðið sig á meðal þeirra bestu.


Hjá SérEfnum vinnur fagfólk

Nordsjö viðarvörn, útimálning, þakmálning og verkfæri frábær ending

Nördsjö gæða málning fæst hjá SérEfnum Lágmúla 7




SérEfni ehf. International

Lágmúli 7, bakhús. Sími 517 0404


## » WEST HAM

**Stofnað:** 1895

**Heimavöllur:** Upton Park (35.567 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Alan Curbishley

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 5. sæti 1998 til 1999

**Dýrasti leikmaður:** Craig Bellamy frá Liverpool (7,5 milljónir punda 2007)

**Komnir:** Fredrik Ljungberg (Arsenal), Craig Bellamy (Liverpool), Richard Wright (Everton), Julien Faubert (Bordeaux), og Scott Parker (Newcastle).

**Farnir:** Marlon Harewood (Aston Villa), Paul Konchesky (Fulham), Yossi Benayoun (Liverpool), Roy Carroll (Rangers), Shaun Newton (Leicester City), Nigel Reo-Coker (Aston Villa), Tyrone Mears (Derby County), Carlos Tevez (Manchester United) og Teddy Sheringham (Colchester United).



**Matthew Upson** Varnarmaður sem var keyptur til West Ham í janúar en spilaði aðeins tvo leiki á síðasta tímabili vegna meiðsla. Hann þykir hafa allt til að bera til að komast í enska landsliðið en hefur ekki enn náð að standa undir væntingum.

## » WIGAN

**Stofnað:** 1932

**Heimavöllur:** JJB Stadium (25.135 áhorf.)

**Knattspyrnustjóri:** Chris Hutchings

**Besti árangur í úrvalsdeildinni:** 10. sæti 2005 til 2006

**Dýrasti leikmaður:** Emile Heskey frá Birmingham (5,5 milljónir punda 2006)

**Komnir:** Jason Koumas (West Brom), Mario Melchiot (Rennes), Titus Bramble (Newcastle), Antoine Sibierski (Newcastle), Andreas Granqvist (Helsingborgs), Antonio Valencia (Villarreal), Michael Brown (Fulham) og Carlo Nash (Preston).

**Farnir:** Leighton Baines (Everton), Andreas Johansson (Álaborg BK), Lee McCulloch (Rangers), Arjan De Zeeuw (Coventy), David Unsworth (samningslaus), Andy Webster (Rangers) og Matt Jackson (Watford).



**Jason Koumas** Þessi 27 ára gamli velski landsliðsmaður var keyptur frá West Brom nú í sumar fyrir 5,3 milljónir punda. Hann var valinn besti leikmaðurinn utan úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili.



PREDATOR F.C.
EST. 1994
CLUB DE FŪTBOL
F50
EST. 2004
adidas
SOLVE THE PUZZLE
CAUSE THE TROUBLE

## HVAÐVEISTU

### » UM DIDIER DROGBA?

1. Hvað skoraði hann mörg mörk í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili?

2. Í hvða stjörnumerki er Drogba?

3. Hvaða liði spilaði hann fyrst með?

4. Hversu oft hefur hann verið valinn knattspyrnumaður ársins í Afríku?



5. Hvað borgaði Chelsea mikið fyrir Drogba þegar hann var keyptur frá Marseille?

6. Hvenær lék hann sinn fyrsta landsleik fyrir Fílabeinsströndina?

7. Hvað heitir hann fullu nafni?

8. Fyrir hvaða súkkulaði hefur hann leikið í auglýsingu?

9. Hvað er Drogba stór?

10. Hvað heitir bróðir hans sem reyndi að komast að sem atvinnumaður hjá Leyton Orient án árangurs?



Svör: 1. Hann skoraði 20 mörk. 2. Hann er fiskur (fæddur 11. mars 1978). 3. Hann spilaði fyrst með franska 2. deildarliðinu Le Mans. 4. Hann hefur einu sinni verið valinn, 2006 til 2007. 5. Chelsea borgaði 24 milljónir punda fyrir hann. 6. Hann lék sinn fyrsta landsleik 9. september 2002 gegn Suður Afríku. 7. Hann heitir Didier Yves Drogba Tébily. 8. Hann hefur leikið í auglýsingu fyrir Kinder Bueno. 9. Hann er 188 sm á hæð. 10. Hann heitir Joel Drogba.



### DARREN BENT

Aldur: 23 ára
Þjóðerni: enskur
Númer: 23
Kaupverð: 16,5 milljónir punda
Fyrri félög: Ipswich og Charlton
Leikir/mörk í fyrra: 32/13
Landsleikir/mörk: 2/0



### DIMITAR BERBATOV

Aldur: 26 ára
Þjóðerni: búlgarskur
Númer: 9
Kaupverð: 10,9 milljónir punda
Fyrri félög: CSKA Sofia (Búlgaríu) og Bayer Leverkusen (Þýskalandi)
Leikir/mörk í fyrra: 33/12
Landsleikir/mörk: 47/28



### JERMAIN DEFOE

Aldur: 24 ára
Þjóðerni: enskur
Númer: 18
Kaupverð: 7 milljónir punda
Fyrri félög: Charlton, West Ham og Bournemouth (lán)
Leikir/mörk í fyrra: 34/10
Landsleikir/mörk: 24/3



### ROBBIE KEANE

Aldur: 27 ára
Þjóðerni: írskur
Númer: 10
Kaupverð: 7 milljónir punda
Fyrri félög: Wolves, Coventry, Internazionale (Ítalíu) og Leeds
Leikir/mörk í fyrra: 27/11
Landsleikir/mörk: 72/29

# » HINIR FJÓRIR FRÆKNU

**Tottenham hefur sennilega á að skipa bestu framherjasveit ensku úrvalsdeildarinnar. Fjórir framherjar í hæsta gæðaflokki og ljóst að Martin Jol, stjóri liðsins, er ekki öfundsverður af því að velja tvo þeirra í byrjunarliðið hverju sinni.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Fimmta sæti ensku úrvalsdeildarinnar hefur verið niðurstaðan fyrir Tottenham undanfarin tvö ár. Nú vilja forráðamenn félagsins að Martin Jol, knattspyrnustjóri liðsins, geri atlögu að því að komast upp í hóp toppliðanna Manchester United, Chelsea, Liverpool og Arsenal.

Til þess að ná því markmiði hefur félagið til að mynda komið sér upp framherjakvartett sem flest öll lið Evrópu horfa öfundaraugum til. Darren Bent, framherji Charlton, var keyptur fyrir metupphæð í sumar en fyrir voru á fleti Búlgarinn Dimitar Berbatov, Jermain Defoe og Robbie Keane. Þeir skoruðu allir yfir tíu mörk í ensku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili og Jol veit sem er að honum er vandi á höndum þegar kemur að því að velja byrjunarliðið fyrir fyrsta leik.

„Allir framherjarnir verða að leggja hart að sér til að komast í liðið. Við eyddum 16,5 milljónum punda í Darren Bent en Jermain Defoe er jafnverðmætur og Dimitar Berbatov myndi sjálfsagt vera dýrari," segir Jol sem stendur frammi fyrir því gamalkunna vandamáli að halda öllum fjórum framherjunum ánægðum.

Jol hefur þó hrósað Íranum Robbie Keane sérstaklega en hann fór á kostum seinni hluta tímabilsins í fyrra. „Robbie hefur skipt mestu máli undanfarin tímabil. Hann hefur alltaf verið til staðar þegar ég hef þurft á honum að halda og hefur mikil áhrif á aðra leikmenn liðsins," segir Jol. Hann viðurkennir að pressan sé töluverð. „Fólk ætlast til að við náum árangri og auðvitað er meiri pressa. En við erum með sterkara lið en í fyrra og ef við byrjum vel þá getum við gert eitthvað sérstakt," segir Jol.

Ekki hefur gætt mikillar sundrungar meðal framherjanna fjögurra þrátt fyrir mikla samkeppni og til að mynda segir Robbie Keane að samkeppni sé alltaf góð því hún geri það að verkum að menn leggja harðar að sér. „Það þarf að hafa fyrir því að komast í liðið og sannfæra þjálfarann um að þú sért rétti maðurinn. Það er hverjum manni hollt," segir Keane.

Darren Bent veit sem er að samkeppnin er hörð en hann hræðist hana ekki. „Miðað við þá framherja sem eru til staðar þá veit ég vel að það verður erfitt að komast í liðið. Ég held hins vegar að ég sé öðruvísi en hinir framherjarnir að því leyti að þeir vilja koma aftur og sækja boltann á meðan ég einblíni á svæðið fyrir aftan varnarlínuna. Vonandi gengur mér vel að spila með þeim öllum," segir Bent.

Í nýlegri könnun sem gerð var meðal stuðningsmanna Tottenham telja flestir að Dimitar Berbatov og Robbie Keane munu byrja saman frammi í fyrsta leiknum gegn Sunderland á Leikvangi ljósanna. «



Martin Jol, stjóri Tottenham, á við lúxusvandamál að stríða því hann getur valið á milli fjögurra frábærra framherja.






## TUGURINN

### TÍU SEM HAFA SKORAÐ YFIR 25 MÖRK Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI

1. **THIERRY HENRY, Arsenal** Skoraði 27 mörk fyrir Arsenal tímabilið 2005 til 2006, 25 mörk tímabilið 2004 til 2005 og 30 mörk tímabilið 2003 til 2004.



2. **RUUD VAN NISTELROOY, Manchester United** Skoraði 25 mörk fyrir Manchester United tímabilið 2002 til 2003.



3. **ALAN SHEARER, Newcastle og Blackburn** Skoraði 25 mörk fyrir Newcastle tímabilið 1996 til 1997, 31 mark fyrir Blackburn tímabilið 1995 til 1996, 34 mörk fyrir Blackburn tímabilið 1994 til 1995, 31 mark fyrir Blackburn tímabilið 1993 til 1994.

4. **ROBBIE FOWLER, Liverpool** Skoraði 28 mörk fyrir Liverpool tímabilið 1995 til 1996, 25 mörk tímabilið 1994 til 1995.

5. **LES FERDINAND, Newcastle** Skoraði 25 mörk fyrir Newcastle tímabilið 1995 til 1996.

6. **ANDY COLE, Newcastle** Skoraði 34 mörk fyrir Newcastle tímabilið 1993 til 1994.

7. **CHRIS SUTTON, Norwich** Skoraði 25 mörk fyrir Norwich tímabilið 1993 til 1994.

8. **KEVIN PHILLIPS, Sunderland** Skoraði 30 mörk fyrir Sunderland tímabilið 1999 til 2000.



9. **MATTHEW LE TISSIER, Southampton** Skoraði 25 mörk fyrir Southampton tímabilið 1993 til 1994.

10. **PETER BEARDSLEY, Newcastle** Skoraði 25 mörk fyrir Newcastle tímabilið 1993 til 1994.

WWW.GETRAUNIR.IS

# ENSKI BOLTINN

## TUGMILLJÓNIR FYRIR TÍKALL – EASY MONEY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 07-1124

„Liverpool: Alltaf líklegir …
í Framrúðubikarnum.“




### TIPPAÐU Á ENSKA BOLTANN

á 1x2.is eða á næsta sölustað!
opið á sölustöðum til kl. 13.00 laugardag

Íslenskar getraunir styrkja íþróttafélögin í landinu
um tugir milljóna á hverju ári.

GETRAUNIR GERA LEIKINN SKEMMTILEGRI





## ÍBÚNINGS-KLEFANUM

**» MEÐ BRYNJARI**

**1. Hver er verst klæddur?**



„Það er Jen Little. Hann er týpískur breskur í sínum gallabuxum, pólóbol og strigaskóm. Svo er hann líka í verstu nærbuxunum.“

**2. Hver hlustar á verstu tónlistina?**
„Það er Marcus Hahnemann. Hann býður upp á þungarokk af þyngri gerðinni, Slitknot og eitthvað álíka. Það sleppur þegar hann er með heyrnartólin á eyrunum.“



**3. Hver á flottasta bílinn?**
„Það er Ibrahima Sonko. Hann á hvítan Range Rover með öllu tilheyrandi.“

**4. Hvaða vonda siði er herbergisfélaginn þinn með?**
„Hann Ívar er ekki með neina vonda siði. Hann á það reyndar til að fara að sofa svolítið snemma, á milli 9 og 10, þannig að það þarf að taka tillit til hans þá. Ég lækka þá bara í sjónvarpinu.“

**5. Hver er stæltastur?**
„Það er Ibrahima Sonko. Hann er alveg hrikalegur. Ég held að hann sé fæddur svona. Hann er hátt í tveir metrar og bara vöðvar.“

**6. Hver er alltaf á síðustu stundu?**
„Það er Sonko líka. Hann sér um sektarsjóðinn og borgar mest í hann sjálfur.“

**7. Hver eyðir mestum tíma fyrir framan spegilinn?**
„John Halls er svolítill súkkulaðitöffari og eyðir miklum tíma fyrir framan spegilinn.“

# 5 ERFIÐUSTU ANDSTÆÐINGARNIR

**Framherjinn Heiðar Helguson, sem gekk á dögunum til liðs við Bolton, hefur spilað tvö og hálft tímabil í ensku úrvalsdeildinni á átta ára ferli sínum í enska boltanum. Sport fékk Heiðar til að segja frá fimm erfiðustuandstæðingunum.** EFTIR ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON

Ég er nú aldrei smeykur þegar ég mæti þessum mönnum. Þetta eru allt svo miklir klumpar að ég pæli ekkert í stærðinni á þeim,“ segir framherjinn harðskeytti Heiðar Helguson þegar Sport spurði hann um fimm erfiðustu andstæðingana í ensku úrvalsdeildinni.

Heiðar, sem hefur leikið tvö og hálft tímabil í ensku úrvalsdeildinni með Watford og Fulham, hefur mætt mörgum af bestu varnarmönnum heims og átti í vandræðum með að finna þá fimm erfiðustu. „Mega þeir ekki frekar vera tíu?“ spurði hann og hló.

Heiðar, sem er nýgenginn í raðir Bolton, gat þó fundið fimm erfiðustu andstæðingana eftir nokkra umhugsun. Það kemur varla á óvart að harðjaxlar eins og John Terry og Sol Campbell séu meðal þeirra erfiðustu sem Heiðar hefur mætt auk Rio Ferdinand, William Gallas og Ledley King, varnarmanns Tottenham. Fjórir af þeim eru enskir og einn franskur. „Ég vildi að ég gæti bætt Jamie Carragher við. Ég er mikill aðdáandi hans,“ segir Heiðar.«



### LEDLEY KING

**Félag:** Tottenham
**Aldur:** 26 ára

„Ég hef spilað þrisvar á móti honum, síðast með Fulham á síðasta tímabili. Hann er hrikalega erfiður. King hefur allt, hann er svakalega fljótur, sterkur og það er mjög erfitt að komast framhjá honum. Síðan er hann líka gífurlega öflugur í loftinu, sá besti sem ég hef lent í,“ segir Heiðar um Ledley King.



### WILLIAM GALLAS

**Félag:** Arsenal
**Aldur:** 29 ára

„Hann er ekki mikið fyrir að vaða í tæklingar heldur er hann klókur og les leikinn vel. Gallas er líka mjög sterkur og lúmskt fljótur. Ég spilaði á móti honum þegar hann var hjá Chelsea og það var svakalega erfitt,“ segir Heiðar um William Gallas.



### JOHN TERRY

**Félag:** Chelsea
**Aldur:** 26 ára

„Eins og flestir hafa séð þá veður hann í allt. Fólk gleymir því stundum hversu góður hann er í raun og veru með boltann því hugrekki hans og barátta er oft meira áberandi. Hann er líka mikill leiðtogi og sífellt talandi ofan í hálsmálið á manni,“ segir Heiðar um John Terry.



### SOL CAMPBELL

**Félag:** Portsmouth
**Aldur:** 32 ára

„Campbell er einn sá allra harðasti sem hægt er að lenda í. Hann er algjör járnkarl og hikar ekki við að tækla menn. Það er ekkert sérstakt að fá hann á sig á fullri ferð enda mikið stykki,“ segir Heiðar um Sol Campbell.



### RIO FERDINAND

**Félag:** Man United
**Aldur:** 28 ára

„Það sem ég tók eftir þegar ég spilaði á móti Ferdinand er að hann fer ekki í einvígi heldur les hlaupin. Hann virðist hafa þá náðargáfu að sjá aðeins á undan hvert maður ætlar að fara. Hann er mjög rólegur og yfirvegaður á boltanum, afar erfiður andstæðingur,“ segir Heiðar um Rio Ferdinand.




SPORT
Útgefandi: 365, Ritstjóri: Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Útlitshönnun: Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is

Forsíðumyndina tók Adam Scott af Hermanni Hreiðarssyni, knattspyrnumanni hjá Portsmouth.




Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

## AF HVERJU HELD ÉG MEÐ



**» MANCHESTER UNITED** „Ég man ekki eftir því í den að hafa haft neinar sérstakar taugar til fótboltaliða, og gerði jafnvel grín að fullorðnum karlmönnum, sem voru ekki mönnum sinnandi ef þeir annaðhvort misstu af leik með uppáhaldsliðinu, eða það sem verra var; horfðu á tapleik og eyddu næstu dögum í þunglyndi. Hin síðari ár hef ég öðlast aðeins meiri skilning á þessum trúarbrögðum og er næstum farin að sýna þessum sveiflum í sálarlífi fótboltaáhugamanna umburðarlyndi. Logi á heiðurinn af þessum sinnaskiptum mínum, því ég held að það sé ekki hægt að búa með slíkum áhugamanni um enska boltann án þess að smitast. Manchester United er lið heimilisins, ég á það jafnvel til að setjast niður með manninum mínum og gleyma mér yfir leikjum, sérstaklega þegar mikið er í húfi. En ég græt mig svo sem ekki í svefn þótt United tapi.“

**Svanhildur Hólm Valsdóttir, fjölmiðlakona**


TOSHIBA
image is everything
REGZA
Örþunn LCD sjónvörp
með ótrúlegum myndgæðum
á frábæru verði.
Eitt það fullkomnasta sem völ er á!
HD ready
HDMI
PICTURE FRAME LCD
digital
Active Vision LCD
ONKYO
HÁTALARAR
Lægra gengi = lægra verð!
179.900,-
229.900,-
289.900,-
68 línan
32" WL68
1366x768 - 3500:1
ActiveVision M100 myndvél
Viðbragðstími: 8ms
3 HDMI tengi
HDMI 1.3 - tekur við 1080P
37" WL68
1366x768 - 3500:1
ActiveVision M100 myndvél
Viðbragðstími: 8ms
3 HDMI tengi
HDMI 1.3 - tekur við 1080P
42" WLT68
1366x768 - 3500:1
ActiveVision M100 myndvél
Viðbragðstími: 8ms
3 HDMI tengi
HDMI 1.3 - tekur við 1080P
TILBOÐ!
199.900,-
149.900,-
66 línan
tilboð
TOSHIBA
HD DVD
HDE1 - HDspilari
Verð áður 71.434,-
Verð nú:
49.900,-
99.900,-
42" WL66
1366x768 - 800:1 - 500 cd/m
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
2HDMI tengi
2scart tengi
37" WL66
1366x768 - 1000:1 - 500 cd/m
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
2HDMI tengi
2scart tengi
26" WL66
1366x768 - 800:1 - 500 cd/m
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
2HDMI tengi
2scart tengi
67 línan
Einnig til í 1920x1080 upplausn í 37" og 42"
Öll verð eru staðgreiðsluverð
MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVARPSTÆKI:
EDITOR'S CHOICE
www.ef.is
EF
P VIÐ DYRNAR
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is


ALLIR SEM SKRÁ SIG Í SPRON NÁMSMENN FÁ:
FLOTTAN FARTÖLVUBAKPOKA
3.000 KR. GJAFABRÉF Í GRIFFIL*
TVO BÍÓMIÐA Á MYNDINA DISTURBIA**
ÉG NENNI AÐ PÆLA Í ÞESSU AF ÞVÍ AÐ ÉG NENNI AÐ EIGA PENINGA
SPRON NÁMSMENN
Þegar þú gerist félagi í SPRON NÁMSMENN átt þú möguleika á eftirfarandi:
FRÍU DEBETKORTI
150 FRÍUM DEBETKORTAFÆRSLUM Á ÁRI
FRÍU EINKAKLÚBBSKORTI
FARTÖLVUTILBOÐI Í MAX RAFTÆKJUM
NÁMSSTYRKJUM, BÍLPRÓFSSTYRKJUM & BÓKASTYRKJUM
TÖLVUKAUPALÁNI***
NÁMSLOKALÁNI***
DESEMBERUPPBÓT
...ÁSAMT ÖÐRUM FRÁBÆRUM FRÍÐINDUM OG KJÖRUM
Frá Memphis lá leiðin til New Orleans. Gert var við bílinn meðan við dvöldum í Memphis og var því keyrslan meðfram Mississippi-ánni einstaklega ánægjuleg. Við keyrðum fáfarna sveitavegi, gegnum litla bæi úr alfaraleið. Í Greenville stoppuðum við í „Mama's Country Shop“ til að taka bensín. Starfsfólkið rak strax augun í að við vorum utanbæjarfólk og tóku okkur tali. Einhverra hluta vegna fékk eigandi búðarinnar, „Mama“, þá flugu í hausinn að við værum að ferðast með bát niður Mississippi-fljótið. Einn viðskiptavinurinn var fljótur að lagfæra þann misskilning: (lesist með mesta rauðhálsa hreim sem hugsast getur) „No mama, they like them hippies. Them travel in a van.“ Starfsfólkið kvaddi okkur með ráðleggingunum „Don't take the wrong turn around this neck of the woods, they'll make a woman out of you“. Við læstum því bílhurðum, skrúfuðum upp glugga og þutum suður.

Dýrin sem verða fyrir bílum verða þeim mun furðulegri eftir því sem við komumst sunnar. Í byrjun ferðar mátti oft sjá íkorna og þvottabirni í vegköntum. Stuttu eftir að við yfirgáfum Memphis sáum við beltisdýr birtast hér og þar. Þegar við keyrðum inn í Louisiana og nálguðumst New Orleans lá hvorki meira né minna en dauður krókódíll á veginum. Ég vona risaeðlur séu útdauðar í Texas.

New Orleans er í ansi skrýtnu ástandi. Eyðileggingin er enn mjög mikil í nokkrum hlutum borgarinnar, en franski fjórðungurinn, sem er helsta túristasvæðið ber nánast engin ummerki um hvirfilbylinn Katarínu fyrir utan nokkur hjólhýsahverfi, sem hýsa heimilislausa. Þrátt fyrir allt fjörið á „Bourbon Street“ í franska fjórðungnum, er stefnan tekin til Texas eftir nótt í New Orleans til að sjá hina sönnu Ameríku.

## HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

# BT




**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið sem 40" tölvuskjá eða sem hluta af mediacenter.

**HDMI tengi**
Tækið er búið stafrænu hljóð & mynd tengi fyrir háskerpumynd og næstu kynslóð dvd spilara.

**8ms svartími**
Hröð og skörp mynd fyrir krefjandi efni eins og hasarmyndir og fótbolta.

## MEDION®

MD30058
MEDION 40" LCD SJÓNVARP 30058
Skjástærð: 40 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
3D Comb Filter
Contrast: 1:1000
Birta cd/m2: 450
Svartími: 8ms
Textavarpsminni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 1
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Tengi fyrir heyrnartól: 1
Hátalarar: 2x5W

**30.000 verðlækkun**

**Ekkert út og fyrsta greiðsla 1.nóv**

**149.999**

BT LÁN™
Verð frá: **4.223**
59 mánaða

# TILBOÐ ALDARINNAR




Motorstorm
Resistance Fall of Man
Fantastic Four Silver Surfer

Playstation 3 tölvan

2 stýripinnar

**69.999**
87.999

# CANON 400D

**Vinsælasta VÉLIN komin aftur**




## Canon

CANON400DBUNDLE
CANON EOS 400D 2X KIT LINSUR
10 megapixla D-SLR
Rykvörn á myndflögu
Anti-static yfirborð á myndflögu
2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar
Níu punkta autofokús kerfi (úr 30D)
Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)
Nemi við leitara slekkur á skjá þegar hún er borin að auganu
Batterígrip fylgir
18-55mm f/3,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
55-200mm f/4,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
Highly Recommended - dpreview.com
"Verðugur arftaki 350D" - Phil Askey

**139.999**

BT LÁN™
Verð frá: **3.958**
59 mánaða

BT Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri


NÝR X-TRAIL
STÆRRI EN HIN
Fullkomnasta fjórhjól
150 hestafla dísilvél
6 gíra sjálfskipting
Ingvar Helgason








## FRUMSÝNUM NÝJAN X-TRAIL UM HELGINA

Komdu um helgina og kynntu þér nýjan Nissan X-trail. Betur búinn, stærri og á hagstæðara verði en nokkru sinni fyrr. Þér gefst kostur á að reynsluaka bílnum á sérútbúinni jeppabraut, nokkuð sem aldrei áður hefur staðið til boða hjá íslensku bílaumboði.

Láttu það eftir þér að upplifa nýjan X-Trail, jeppa sem gerir aksturinn öruggan og ánægjulegan á hvaða undirlagi sem er.

## FRÁBÆRT VERÐ

**X-Trail SE – 3.590.000**
Dísilvél, sjálfskipting, 17” álfelgur, þokuljós, leðurstýri, hraðastillir, regnskynjari á rúðuþurrkum, 6 diska geislaspilari, bluetooth, ESP, USS, DDS og VDC

**X-Trail LE – 3.790.000**
Allt sem er í SE gerðinni, en auk þess rafstýrð leðursæti, Xenon ljós, aðfellanlegir speglar, sóllúga og litað gler.

## TEST TRACK

## NISSAN X-TRAIL

**Komdu núna um helgina og reynsluaktu nýjum X-trail á sérútbúinni jeppabraut!**

NISSAN

Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: laugardag og sunnudag frá kl. 12 - 16.

Gott og öruggt
símasamband
á miðunum
GSM, NMT og Iridium
Það er Síminn

Kringukráin
Stuðbandalagið
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill öll kvöld vikunnar

Betri leið í GSM
Það er Síminn

Óskum eftir starfsfólki
Starfsfólk óskast í sal á
veitingastaðina Banthai og
Na na Thai sem fyrst.
Við notum:
Vel valið hráefni t.d.
-kjúklingabringur
-nauta fillet
-svína fillet
-Lamba fillet
-ferskt grænmeti
-gæða krydd
(innflutt af okkur)
-litla olíu
-og fleira
Viðkomandi verður að tala íslensku.
Upplýsingar í síma 896 3536
Matseðill á
www.thaimatur.com
na na thai
Thai Restaurant & Store
BANTHAI
Laugavegi 130

Öflugur aðdáandi
sem fylgir þér
í útrásinni
Fyrirtækjaþjónusta
Það er Síminn

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Hvað átti að gera við ælandi unglinga?

**TRYGGVI GUNNARSSON** HEFUR RÁÐ UNDIR RIFI HVERJU



Verslunarmannahelgin er búin. Frí og tóm hamingja í fjallasal fyrir alla. Nema auðvitað unga fólkið. Það fékk hvergi inni á tjaldstæðum. Meira að segja „Ein með öllu“ var orðin „Ein með öllu nema unga fólkinu, það er alltaf fullt“.

Hrein móðgun við ungu kynslóðina segja margir. Unga fólkið er upp til hópa mjög ábyrgðarfullt. Kannski er það rétt en vandamálið er bara að unga fólkið á það einnig til að haga sér eins og svín. Full og útúrdópuð svín á hestasterum. Nauðgandi og lemjandi hvert annað þessa þrjá daga sem verslunarmannahelgin nær yfir. Hvað er til ráða? Í fyrsta lagi var stjarnfræðilega slæm hugmynd að hleypa ekki unga fólkinu á tjaldsvæðin. Þá fór það á fyllerí einhvers staðar úti á víðavangi þar sem það kúkaði og ældi í næsta skurð. Ég sé bara eitt í stöðunni fyrir næsta ár. Klóróform. Og mikið af því. Bara grípa skrílinn á leið út úr bænum og svæfa hann yfir helgina. Gætum haft stór skýli vítt og breitt um landið þar sem hrjótandi unglingar sofa af sér óværuna og sómakærir landsmenn skemmta sér á kristilegan hátt.

Við gætum líka fengið víkingasveitina til að framfylgja útgöngubanni. Hún er svo vel þjálfuð að hún ætti að ráða við nokkur krakkakríli. Hún bara handtekur þau sem ekki haga sér og setur í klefa með Saving Iceland-fólkinu og Falun Gong-meðlimunum sem gleymdust.

Enn eitt ráðið er að halda útihátíð fyrir krakkana uppi á Vatnajökli. Krakkarnir geta þá hírst í tjaldi í þrjátíu metrum á sekúndu og haglféli. Greifarnir sjá um að halda uppi fjörinu. Önnur góð ástæða til að halda sig inni í tjaldi. Þau gera að minnsta kosti ekkert af sér á meðan.

Við getum líka búið til risastórar umferðarslaufur fyrir utan alla helstu byggðakjarna þar sem unga fólkið keyrir endalausa hringi alla helgina án þess að komast á útihátíð.

Við gætum líka komið fram við það eins og fólk og tekið á okkur ábyrgðina á að ala það upp. Djók.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


vodafone
digital ísland
TIL HAMINGJU
MEÐ DAGINN
vodafone
Velkomin


HOPPU-
KASTALAR
FYRIR
BÖRNIN
BOÐIÐ
VERÐUR UPP Á
PYLSUR OG GOS
FYRIR ALLA
FJÖLSKYLDUNA
BYLGJAN
VERÐUR Á
SVÆÐINU
FÖGNUM
ENSKA BOLTANUM
SEM HEFST Í DAG
LAUGARDAGINN 11. ÁGÚST
Á PLANINU HJÁ VODAFONE
Í SKÚTUVOGI KL. 11-15
Komið við hjá Vodafone og takið
þátt í hátíðahöldunum með okkur.
Tryggðu þér í leiðinni áskrift að Sýn 2
og fylgstu með frá upphafi.
sýn2
enski boltinn

Að vinna heima
þegar það hentar
Fjarvinnulausnir
Það er Síminn

EINSTAKUR VIÐBURÐUR
KIRKJULISTAHÁTÍÐ
FESTIVAL OF SACRED ARTS 2007
11.–19. ágúst
MESSA Í H-MOLL
eftir J. S. BACH
FLYTJENDUR:
Monika Frimmer, Robin Blaze, Peter Kooij og Gerd Türk.
Alþjóðlega barokksveitin í Haag og Mótettukór Hallgrímskirkju.
STJÓRNANDI: Hörður Áskelsson.
HALLGRÍMSKIRKJU 11. ÁGÚST KL. 17 Uppselt
HALLGRÍMSKIRKJU 12. ÁGÚST KL. 19
SKÁLHOLTSKIRKJU 13. ÁGÚST KL. 19
MIÐAVERÐ: 4.900/3.600 kr.
„Ég vil lofsyngja Drottni“
KIRKJULISTAHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU – SÍMI 510 1010 – MIÐASALA OPIN 9-20

Halló, góðan daginn
200 manna Þjónustuver
þjónustar þig í 800 7000
Það er Síminn

3
Þrefaldur pottur!
Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is
Lottó
lotto.is

# Hálf öld í Árbæ

**Í dag verður flaggað í Árbæ. Þess er nú minnst að hálf öld er liðin frá því minjasafnið var opnað á því forna býli sem öldum saman var áningarstaður þeirra sem komu utan af landi og áttu erindi til Reykjavíkur, jafnvel Bessastaða. Árbær var alltaf landkostajörð og bærilega húsuð.**



**MINJAVERND** Árbæjarsafn er dægilegur staður á fögrum degi.

Jörðin var komin í eyði en húsin uppistandandi þegar borgarbúar og yfirvöld í höfuðborginni sáu að illa var komið vörslu fornra minja í þéttbýlinu. Margt sögufrægra húsa í Reykjavík hafði farið forgörðum og var ekki lát á. Því var þar stofnað almenningssafn sem geyma skyldi eldri hús úr elstu hlutum borgarinnar. Samt hélt áfram stöðugum árekstrum hins forna og nýja í borginni. Þangað var flutt Smiðshúsið þremur árum eftir stofnun safnsins í Árbæ og 1961 var flutt þangað Dillonshús sem reist var á öðrum áratug 19. aldar og var á Suðurgötu 2. Eftir stóð auð lóð og hefur síðan verið nýtt undir bílastæði.

Á hálfri öld hefur fjöldi húsa verið fluttur af lóðum sínum í Reykjavík og þau endurbyggð á túnunum í Árbæ. Höfuðdjásn safnsins er gamli bærinn og kirkjan, en þar eru að auki fjöldi annarra húsa sem liðu fyrir þá sök að steinsteypukynslóðin leit á timburhús sem liðna tíð. Sum þeirra stóðu í vegi fyrir nýjum götum, önnur á dýrmætum lóðum sem keyptar voru með það að augnamiði að þar risu ný hús og oftast miklu stærri. Sum hús sem voru tekin niður og skyldu rísa að nýju í Árbæ hafa ekki enn risið, eins og til dæmis Sjóbúðin, heimili Geirs Zoëga sem stóð við Vesturgötu. Það var tekið niður með áheitum um að það skyldi rísa í Árbæ að nýju en er ekki enn risið og viðir þess voru nýttir í aðrar byggingar.

Óumdeilt er að safnið í Árbæ varð til fyrir atbeina Lárusar Sigurbjörnssonar sem var skjalavörður hjá Reykjavíkurborg og fyrsti minjavörður borgarinnar. Hann hratt þessu safni af stað og bjargaði fjölda gripa sem samankomnir mynda brot af sögu Reykjavíkur. Það var svo 1968 að Árbæjarsafn og Minjavernd Reykjavíkur urðu eitt: þá var mönnum orðið ljóst að verndun minja var víðari en svo að túnskikinn í Árbæ tryggði hana. Minjar voru víðar. Síðasta átak Minjasafns Reykjavíkur frá liðnu ári um verndun Grímsstaðavarar er lýsandi dæmi: á Nesinu öllu voru með strandlengjunni beggja megin varir sem róið var úr um aldir en þær eru flestar horfnar. Það er fyrst nú að menn vakna við vondan draum og vilja geyma eina þeirra.

Árbæjarsafn er opið almenningi yfir sumartímann en safnið hefur ekki haft bolmagn til að vera opið allt árið. Þangað sækja hópar skólabarna yfir veturinn og fá leiðsögn um fjölbreytilegan húsakost sem þar er að finna. Safnið hefur um langt árabil búið við fjársvelti og líkast að yfirvöld velkist enn í vafa um hvaða stefnu skuli fylgt í húsavernduninni í borginni. Nýlega var opnað uppgert hús Innréttinganna í Aðalstræti, en fyrir fáum árum hefði mönnum komið það eitt í hug að flytja það í Árbæ. Gamla kirkjan í Landakoti sem var lengst af íþróttahús var flutt í Árbæ og endurbyggð þar þótt nægilegt rými væri á Landakotstúni til að endurbyggja hana þar.


**MINJAVERND** Lárus Sigurbjörnsson skjalavörður kom Árbæjarsafni á fót af mikilli þrautseigju.

Nú hafa um nokkra hríð verið harðar deilur um nýjan stað fyrir hús Benedikts Gröndal sem er við Vesturgötu en reynt er að finna því stað í Grjótagötu í nágrenni við hús Innréttinganna og sýningarskálann í Aðalstræti. Hafa ýmsir gagnrýnendur safnastefnu Minjasafns Reykjavíkur lýst þeirri skoðun að sum húsanna í Árbæ ætti að flytja á sinn forna stað eða sem næst honum, eins og Dillonshús. Og deilan um örlög eldri húsa í Reykjavík er enn í fullum gangi og nú eru elstu húsin við Laugaveg í brennidepli og verða mörg verkefni tökum að bráð næstu misserin.

Það verður mikið um dýrðir í Árbæ um helgina og þangað mun margt bæjarbúa leita. Safnið gefur ágætt yfirlit um byggðasögu Reykjavíkur og jafnframt lýsandi dæmi um hvernig eldri hús geta verið njóti þau tilhlýðilegrar virðingar eigenda og þekkingar í endurbótum og stöðugu viðhaldi. Og nú á tímum er hið dáða byggingarefni Reykjavíkur, steinsteypan, að ganga í gegnum sinn fyrsta stóra og dýra viðhaldsfasa, eins konar áminning um að öll hús þurfa samfellt viðhald.

pbb@frettabladid.is

# H-moll messan flutt í dag

Í dag kl. 17 verður h-moll messan eftir J. S. Bach flutt í Hallgrímskirkju á upphafsdegi Kirkjulistahátíðar. Hún verður flutt öðru sinni á morgun kl. 19 og í Skálholti á mánudagskvöld. Það er Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi Kirkjulistahátíðar sem leiðir föngulegt lið í þessum mikla flutningi. Erlendar stórstjörnur koma fram í flutningi þessa stórvirkis mannsandans: Monika Frimmer sópran, Peter Kooij bassi, Robin Blaze kontratenór og Gerd Türk tenór. Öll eru þau fremst meðal jafningja þegar kemur að flutningi á verkum frá barokktímanum.

Bassasöngvarinn Peter Kooij, sem er frá Hollandi, hefur hlotið sérstaklega mikið lof fyrir túlkun sína á verkum Bachs í gegnum tíðina. Breski kontratenórinn Robin Blaze sem er aðalgestur hátíðarinnar í ár tók þátt í eftirminnilegum flutningi á Matteusarpassíunni á Kirkjulistahátíð 2005.

Monika Frimmer sópransönkona frá Þýskalandi hefur sérhæft sig í flutningi barokktónlistar og hún hefur starfað mikið með áðurnefndum Peter Kooij. Gerd Türk tenórsöngvari hefur látið mjög að sér kveða á óperusviðinu víða um Evrópu undanfarin ár. Söngur hans hljómar á fjölmörgum verðlaunuðum geisladiskum og ber þar hæst heildarútgáfu á kantötum og óratoríum eftir J. S. Bach með Bach Collegium Japan.

Auk fjórmenninganna eru það meðlimir í Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag og Mótettukór Hallgrímskirkju sem taka þátt í flutningi á h-moll messunni. Einsöngvararnir komu til landsins á miðvikudaginn en kvöldið áður sungu þeir Peter Kooij, Robin Blaze og Gerd Türk á svokölluðum BBC proms tónleikum í Royal Albert Hall í London. Hátt í hundrað manns taka þátt í flutningi h-moll messunnar.


**TÓNLIST** Hópurinn á fyrstu æfingu messunnar í Hallgrímskirkju.

- pbb



Magni
If I promised you the world
Words unspoken
Play with me
See you tonight
Alone
Addicted
Mistake
Tear us apart
You say
Creep
Let me in the dark
World alone
Bonus Track
The dolphins cry
NÝR DISKUR
kominn í verslanir Hagkaupa
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## > TÍSKUFRÉTTIR

Hönnuðurinn **Stella McCartney** mun verða með nærfatalínu undir eigin merki sem er væntanleg næsta vor. Hún lofar miklum lúxus …

Ilmvatn er væntanlegt frá fyrirsætunni **Kate Moss**. Ilmurinn ber nafnið Kate og er blanda af léttum blómailmi og þyngri nótum eins og patchouli, rafi og sandalviði.

# stíll

utlit@frettabladid.is



Systurnar **Sienna og Savannah Miller** hafa sett á fót fatamerkið Twenty8Twelve en í fyrstu línunni voru rómantískir kjólar í anda fyrri hluta tuttugustu aldar.

## OKKUR LANGAR Í …



**… ofurskvísuleg sólgleraugu** frá Gucci. Fást í Gleraugnasmiðjunni í Kringlunni.



**… Bonpoint barnafötin frönsku.** Dásamlega fágaðir litir og krúttleg snið. Fást í Kisunni.




**… Warhol ilmvatn frá Bond no 9** gert í samvinnu við The Warhol Institute. Sixtís blanda af reykelsi og fjólum.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Kúltúr og kynþokki*

Ég hef áður dásamað franskar konur í þessum pistli vegna þess að mér finnst þær flestar búa yfir miklum stíl, klassa og kvenlegheitum á hvaða aldursskeiði sem er. Um daginn spjallaði ég lengi við franska konu og auk þess að dást að því hversu smart hún var á sinn yfirvegaða hátt (svartar buxur og peysa, slétt dökkbrúnt hár, postulínshúð, Hermés-úr og Todds-skór) þá rifjaðist upp fyrir mér hvað mér finnst einna mest sjarmerandi við þær frönsku: hvernig þær tala. Ég á ekki við tungumálið sjálft, heldur fáguð umræðuefnin og fínlegar handahreyfingarnar sem fylgja í kjölfarið. Þessi ákveðna kona sem gæddi sér á íslensku vínarbrauði á meðan að Bonpoint-klædd börn hennar teiknuðu við stofuborðið, var að ræða um nútímalist og hvernig hún kynnti torræð vídeóverk fyrir litlum dætrum sínum. Svo byrjuðu samræðurnar að snúast um bandaríska jaðarlistamenn. Ekki misskilja, þetta er alls ekki snobb: svona eru þær bara alltaf. Menning er þeim einhvern veginn í blóð borin. Franskar konur eru fyrst og fremst kynþokkafullar vegna þess að þær eru vel að sér, klárar og skemmtilegar en ekki af því að þær ganga endilega um í mínípilsum með stút á vör. Hér á landi myndi það flokkast undir snobb hjá mörgum að ræða heimspeki, listir og ný eða gömul ritverk við matarborðið. Í París er það eðlilegasti hlutur í heimi. Kúltúr og kynþokki haldast í hendur og ég er fullviss um að þess vegna beri þær þennan klassa sem er sjaldgæfari hér í norðurhluta Evrópu. Franskar konur sitja ekki yfir Sex and the City eins og við og lesa ekki kvennabækur eins og „Hann er bara ekki nógu hrifinn af þér“. Þær vitna hins vegar í Camus í gríð og erg og kunna verk Simone de Beauvoir og Colette utan að. (Reyndar mæli ég með því að allar konur lesi verk eftir Colette. Hún var frjáls, óheft, kynþokkafull og eldklár og ég lofa því að þú leggur ekki frá þér bók eins og „Chéri“). Menning er ekki aðeins fyrir þær ríku eða vel menntuðu í Frakklandi. Þættirnir sem fá mest áhorf í franska sjónvarpinu eru tveggja tíma langir menningarlegir spjallþættir, ekki franska-Idol, og flestallir skólar eru ríkisskólar sem leggja áherslu á bókmenntir og heimspeki. Í Frakklandi er til máltæki sem heitir „Avoir du chien,“ og það felur í sér að vera sjálfstæð, sexí, aðlaðandi og klár. Það er sem sagt ekki nóg að heilla karlmann með sokkaböndum og silkimjúku hári einu saman, þó að það sé auðvitað nauðsynlegur hluti af heildarpakkanum ásamt áskrift að franska Vogue og Clarins-brjóstastinningargeli.



**FRANSKI RITHÖFUNDURINN COLETTE** Klár, sexý, og sjálfstæð og enn fyrirmynd franskra kvenna í dag.







**MARC JACOBS** Úr tískusýningunni fyrir næsta vetur sem haldin var í London vegna opnunar á nýrri Marc by Marc Jacobs verslun í borginni. Venjulega sýnir Marc Jacobs báðar línurnar sínar í New York.

# UNGI DÝRLINGAHERINN



Yngri og örlítið budduvænni lína Marc Jacobs, Marc by Marc Jacobs, er komin til landsins og er fáanleg í Kronkron á Vitastíg. Jacobs á ótalmarga aðdáendur um allan heim og eflaust margir þeirra íslensku sem eru nú örlítið hamingjusamari en áður. Vörurnar eru úr vetrarlínunni fyrir næsta vetur en sú var alveg sérdeilis girnileg. Stútfull af þykkum kápum og peysum, köflóttum efnum, treflum og fallegum kjólum og buxum. Alvöru haustlína þarna á ferð sem bæði innihélt herra- og kvenflíkur.

„Mér finnst alltaf svolítið kjánalegt að tala um áhrif og þemu,“ sagði Marc Jacobs á sýningunni. „Línan snýst alltaf um þennan unga dýrðlingaher. Í henni má nú finna mörg ullarlög, stóra kafla og grófa sokka en í rauninni er aðalmálið hvernig ungt fólk mun taka henni og velja flíkurnar saman á sinn hátt.“ **- bor**











Hönnun Marcs Jacobs er loks fáanleg hérlendis og í versluninni Kronkron má finna alls konar huggulegar flíkur sem væri yndislegt að klæðast í hinum íslenska kulda.

Bestu mögulegu myndgæði og ekkert loftnet

Sjónvarp Símans

Það er Síminn




# VILTU BESTA STARF Í HEIMI?

## Frístundaheimili ÍTR óska eftir starfsfólki sem getur tekið þátt í að stýra starfi með 6-9 ára börnum á eftirfarandi sviðum:

- List- og verkgreinar, s.s. tónlist, myndlist, leiklist, smíði og textíl
- Íþróttir og leikir, s.s. útileikir og innileikir
- Útivist og umhverfismennt, s.s. gönguferðir og náttúruskoðun
- Barnalýðræði og lífsleikni, s.s. hópastarf, barnafundir, lesa sögur, vinátta og samvera

Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi en starfshlutfall og vinnutími geta verið sveigjanleg

### Við leitum að:

- Einstaklingum með mismunandi menntun og reynslu sem nýtist í starfi með börnum
- Einstaklingum með mismunandi áhugamál
- Ungum sem öldnum
- Konum sem körlum
- Einstaklingum með mismunandi menningarlegan bakgrunn
- Einfaldlega góðu fólki sem hefur áhuga á að starfa með börnum

### Í boði er:

- Skemmtilegt starf
- Sveigjanlegur vinnutími
- Fjöldi starfstengdra námskeiða
- Fjölskylduvænt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Öruggt starfsumhverfi hjá Reykjavíkurborg
- Traust starfsmannafélag, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

### Við leggjum áherslu á:

- Að skapa skemmtilegt og heilbrigt vinnuumhverfi
- Að starfið veiti góða reynslu fyrir fólk sem hefur áhuga á samskiptum, uppeldi, tómstundafræði og skapandi starfi
- Að allir starfsmenn njóti sín í starfi
- Að halda úti öflugu starfsmannafélagi innan ÍTR sem skipuleggur ýmsa viðburði og heilsurækt fyrir starfsmenn

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á frístundaheimilunum, (sjá símanúmer hér fyrir neðan), og hjá starfsmannaþjónustu ÍTR, sími 411 5000. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is

### Vesturbær

**Undraland við Grandaskóla**
Umsjónarmaður: Auður Sturludóttir
S: 561-1400, 695-5054

**Selið við Melaskóla**
Umsjónarmaður: Hjörvar Rögnvaldsson
S: 535-7514, 695-5061

**Skýjaborgir við Vesturbæjarskóla**
Umsjónarmaður: Laufey Hrönn Jónsdóttir
S: 562-2249, 695-5053

### Miðborg - Hlíðar

**Draumaland við Austurbæjarskóla**
Umsjónarmaður: Ólafur Bjarki Brynjarsson
S: 561-2686, 695-5062

**Frístund við Háteigsskóla**
Umsjónarmaður: Lena Hákonardóttir
S: 530-4305, gsm: 664-7614

**Hlíðaskjól við Hlíðaskóla**
Umsjónarmaður: Elísabet Ragnarsdóttir
S: 562-5071, 664-7615

### Austurbær

**Álftabær við Álftamýrarskóla**
Umsjónarmaður: Jóhanna Bjarnarson
S: 510-8804, 664-7611

**Sólbúar við Breiðagerðisskóla**
Umsjónarmaður: Hildur Rudolfsdóttir
S: 517-1738, 664-7612

**Neðstaland við Fossvogsskóla**
Umsjónarmaður: Hildur Rudolfsdóttir
S: 568-0202, 664-7613

**Krakkakot við Hvassaleitisskóla**
Umsjónarmaður: Gunnhildur Hekla Jóhannsdóttir
S: 570-8809, 664-7616

**Glaðheimar við Langholtsskóla**
Umsjónarmaður: Rakel Ólafsdóttir
S: 553-4139, 664-7617

**Langholtshöll**
Umsjónarmaður: Eva Kamilla Einarsdóttir
S: 664-7646

**Laugarsel við Laugarnesskóla**
Umsjónarmenn:
Lára Magnea Jónsdóttir
og Andrés Úlfur Helguson
S: 568-7718, 664-7618

**Vogasel við Vogaskóla**
Umsjónarmaður: Arndís Björk Huldudóttir
S: 517-1938, gsm: 664-7619

**Vesturhlíð við Öskjuhlíðarskóla**
Gula hús, 1.-3. bekkur
Umsjónarmaður: Heiður Baldursdóttir
S: 695-5145
Rauða hús, 4.-6. bekkur
Umsjónarmaður: Helga Agnarsdóttir
S: 695-5143
Græna hús, 7.-10. bekkur
Umsjónarmaður:
Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir
S: 695-5144

### Breiðholt

**Bakkasel við Breiðholtsskóla**
Umsjónarmaður:
Ragnheiður Anna Þorsteinsdóttir
S:557-3009, 695-5039

**Plútó við Fellaskóla**
Umsjónarmaður: Svala Georgsdóttir
S: 557-3389, 695-5037

**Álfheimar við Hólabrekkuskóla**
Umsjónarmaður: Herdís Snorradóttir
S: 557-4466, 695-5139

**Denni dæmalausi við Seljaskóla**
Umsjónarmaður: Sandra Þóroddsdóttir
S: 587-1289, 695-5038

**Frissi fríski við Ölduselsskóla**
Umsjónarmaður: Siriworraluck Boonsart
S: 557-5522, 695-5036

### Árbær

**Töfrasel við Árbæjarskóla**
Umsjónarmaður: Silja Rut Jónsdóttir
S: 567-1320, 695-5092

**Skólasel við Ártúnsskóla**
Umsjónarmenn: Erla Björnsdóttir
og Magnea Einarsdóttir
S: 517-3531, 664-7621

**Víðisel við Selásskóla**
Umsjónarmaður: Hildur Björnsdóttir
S: 567-2604, 664-7622

**Stjörnuland við Ingunnarskóla**
Umsjónarmaður: Kristín Einarsdóttir
S: 517-4750, 695-5091

**Fjósið við Sæmundarskóla**
Umsjónarmaður: Anna Karen Ágústsdóttir
S: 664-7620

**Klapparholt við Norðlingaskóla**
Umsjónarmaður: Halla Ösp Hallsdóttir
S: 664-7624

### Grafarvogur

**Hvergiland við Borgarskóla**
Umsjónarmaður: Ingunn M. Óskarsdóttir
S: 577-2905, 695-5198

**Brosbær við Engjaskóla**
Umsjónarmaður: Þóra Melsted
S: 510-1309, 695-5191

**Regnbogaland við Foldaskóla**
Umsjónarmaður: Jóna B. Óttarsdóttir
S: 567-2122, 695-5192

**Simbað við Hamraskóla**
Umsjónarmaður: Helena Línudóttir Kristbjörnsdóttir
S: 587-9050, 695-5193

**Kastali við Húsaskóla**
Umsjónarmaður: Björg Blöndal
S: 567-6100, 695-5194

**Kátakot við Klébergsskóla**
Umsjónarmaður: Fríða Birna Þráinsdóttir
S: 566-8176, 695-5009

**Ævintýraland við Korpuskóla**
Umsjónarmaður: Ingunn Björk Jónsdóttir
S: 525-0604, 695-5195

**Tígrisbær við Rimaskóla**
Umsjónarmaður: Dagný Edda Þórisdóttir
S: 587-2406, gsm: 695-5196

**Vík við Víkurskóla**
Umsjónarmaður: Ragnheiður Gísladóttir
S: 545-2719, 695-5197

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is

> VISSIR ÞÚ?

Fræga fólkið á það til að skíra börnin sín furðulegum nöfnum. Í Flórída býr hins vegar alls ófrægur drengur að nafni **Truewilllaughinglifebuckyboomermanifestdestiny**. Millinöfn hans eru George James.



Fólk

folk@frettab

# Fékk hríðir í Idol-áheyrnarprufu

Þátttakandi í nýjustu syrpu American Idol fékk hríðir í miðri áheyrnarprufu þáttarins sem fram fór í Texas á mánudag. Hin tvítuga Antoria Gillon hafði sungið í nokkrar sekúndur fyrir framan dómarana Simon Cowell, Randy Jackson og Paulu Abdul þegar hún fann fyrir nístandi sársauka í kviðnum. „Ég vissi strax hvað var að gerast,“ sagði Gillon. Cowell spurði hina upprennandi söngkonu hvort það væri í lagi með hana en Gillon svaraði að bragði að hún vildi bara fá að klára lagið sitt. Sem og hún gerði. „Það kom ekki til greina að hætta við þrátt fyrir sársaukann. Ég hafði beðið alltof lengi eftir tækifærinu til að láta það fara til spillis og það kom aldrei til greina að fara á fæðingardeildina fyrr en eftir að ég hafði sungið.“

Dillon söng lagið „Get it together“ og stóð sig með stakri prýði, enda komst hún áfram í næstu umferð þrátt fyrir að hafa sungið sárþjáð. Eftir að hafa fengið staðfestingu á að hafa komist áfram var Gillon flutt í flýti á sjúkrahús og nokkrum klukkustundum síðar fæddi hún hraustan dreng sem skírður var á staðnum. Hann hlaut nafnið Jamil Labarron Idol McGowan.



**SIMON COWELL** Gat ekki annað en hrifist af lygilegri ákefð og dugnaði Gillon.



**ANTORIA GILLON** Var með stöðuga samdrætti á meðan á söngnum stóð en komst á endanum áfram í næstu umferð. Hér sést hún ásamt syninum nýfædda.





**SÆT SAMAN** Mr. Big og Carrie sameinast á ný í kvikmyndinni Sex and the City.

# *Mr. Big verður með*

Framleiðendur fyrirhugaðrar kvikmyndar gerðar eftir sjónvarpsþáttunum vinsælu Sex and the City hafa tilkynnt að samningar hafi náðst við leikarann Chris Noth, sem var í hlutverki hins eftirminnilega Mr. Big í sjónvarpsþáttunum sálugu. Mr. Big var sá bólfélagi og kærasti Carrie Bradshaw, leikin af Söruh Jessicu Parker, sem kom fram í flestum seríum þáttanna.

„Mr. Big er á lífi og hefur það gott í New York. Myndin hefði ekki verið söm án hans,“ lét leikstjórinn og handritshöfundurinn Michael King hafa eftir sér þegar tilkynnt var um þátttöku Noth.

Stökktu til
Fuerteventura
21. ágúst
frá kr. 34.990
Ótrúlegt tilboð - 2 vikur

Verð kr. 34.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 2 vikur.

Verð kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/ stúdíó/íbúð í 2 vikur.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Fuerteventura 2 vikur 21. ágúst. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á þessum vinsæla sumarleyfisstað. Ath. mjög takmarkaður sætafjöldi í boði á þessu verði!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa





NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES





**DÖNSK TÍSKA**
Tískuvikan í Kaupmannahöfn stendur nú sem hæst en þar sýna margir helstu tískuhönnuða á Norðurlöndunum. Tískufrömuðir líta í meiri og meiri mæli þangað og mörgum þykir skandinavísk hönnun vera einstaklega fersk.

# Glæsileg tískuvika í Köben

**Tískuvikan í Kaupmannahöfn hófst á fimmtudaginn og verður glæsilegri með hverju árinu sem líður.**

Þangað koma margir flottustu hönnuða í Norðurlöndunum.

Á meðal þekktra nafna sem sýna þar eru Ann-Sofie Back, Day Birger et Mikkelsen, Jens Laugesen og Baum und Pferdgarten. Við Íslendingar fáum að sjálfsögðu okkar skerf af athyglinni og eigum allnokkra hönnuði á hinum stóra lista.

Þetta er í tuttugasta sinn sem tískuvikan í Kaupmannahöfn er haldin en í byrjun voru sýnendur einungis áttatíu og tveir. Þeir eru nú orðnir þrjú hundruð og tuttugu og tískugúrúar um allan heim eru farnir að fylgjast spenntir með þessari vaxandi tískuviku.

hilda@frettabladid.is



Stöð 2, Sýn, Sýn 2, Rúv og SkjárEinn
í bestu mögulegu myndgæðum
Sjónvarp Símans

Það er Síminn

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**John Travolta** hefur sagst njóta þess að misnota frægð sína og láta stjana við sig. Við tökur á myndinni Old Dogs, sem hann leikur í með **Robin Williams**, var Travolta því með persónulegan „kælara“ á setti. Á milli taka kom aðstoðarmaðurinn hlaupandi með regnhlíf, til að skýla Travolta við sólinni, á meðan Williams lét bakast.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Ellen Pompeo**, sú sem leikur titilhlutverkið í þáttunum vinsælu Grey's Anatomy, lætur stallsystur sínar í Hollywood heyra það í nýlegu blaðaviðtali og sakar þær um að sinna ekki hlutverki sínu sem fyrirmyndir. Á



Pompeo þar sérstaklega við stúlkur á borð við **Lindsay Lohan, Nicole Richie, Paris Hilton** og **Britney Spears.** „Við erum að kenna ungum stúlkum að það sé töff að vera ríkur og frægur fyrir ekki neitt og drekka og djúsa við hvert tækifæri. Hvað eiga yngstu kynslóðirnar að halda? Þetta er mjög óábyrg framkoma,“ segir Pompeo hin fúlasta.

Ítalski óperusöngvarinn **Luciano Pavarotti** er að ná sér eftir að hafa verið lagður inn á sjúkrahús á miðvikudag vegna hás hita. Að sögn eiginkonu Pavarottis er söngvarinn orðinn samur við sig, byrjaður að hlæja og gera grín að öðrum – eins og honum finnst svo skemmtilegt að gera.



„Læknar eru jákvæðir og við vonumst til að hann geti farið heim sem fyrst. Hann er rólegur og líður miklu betur,“ sagði eiginkonan **Nicoletta Mantovani.**

**Pete Waterman**, sem var dómari í fyrstu þáttaröðunum í breska Idol-inu, segir það fáránlegt að enn skuli verið að sýna slíka hæfileikaþætti. Waterman vill meina að allir þeir söngvarar sem búi yfir hæfileikunum til að verða vinsælir hafi þegar komið fram á sjónarsviðið. „Eftir alla þessa þætti, Idol, X-Factor eða hvað þeir heita, er efniviðurinn ekki lengur til staðar. Það er búið að uppgötva þá sem er þess virði að uppgötva,“



sagði Waterman í tilefni af því að ný sería af X-Factor er um það bil að fara í loftið í Bretlandi. „Þeir hljóta að vera grínast ef þeir halda að þeir geti fundið tíu fleiri **Will Young**,“ bætti dómarinn fyrrverandi við.

Eurobandið, með söngfuglana **Friðrik Ómar** og **Regínu Ósk** í fararbroddi, treður upp á Gauki á Stöng í kvöld, á aðaldegi Gay Pride. Með þeim eru **Grétar Örvarsson** á hljómborð, **Róbert Þórhallsson** á bassa, **Einar Valur Scheving** á trommur og **Kristján Grétarsson** á gítar.



Hljómsveitin spilar að eigin sögn öll bestu Eurovisionlög sem tekið hafa þátt í Eurovisionkeppninni bæði hér heima og erlendis. Friðrik Ómar mun hafa í nógu að snúast á laugardaginn. Hann opnar skemmtanahald á Fiskideginum mikla á Dalvík, og heldur þaðan rakleiðis á Gauk á Stöng. Miðaverð á Eurobandið er 1.500 og húsið opnar klukkan 22.




Að hóa stórfjölskyldunni saman í lambalæri fyrir aðeins 0 krónur

Í Betri leið í heimasíma (Langbestur, mánaðargjald 3.490 kr.) er ekkert mínútugjald fyrir símtöl úr heimasíma í alla aðra heimasíma á Íslandi

Það er Síminn

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 1, 4, 7 og 10-POWER | 10 |
| PLANET TERROR | kl. 8 og 10.20 | 16 |
| SIMPSONS enskt tal | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | L |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 2, 4 og 6 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!
EIN BESTA ÁSTARSAGA ALLRA TÍMA BYGGÐ Á ÆVI RITHÖFUNDARINS JANE AUSTEN.
BECOMING JANE
BAKVIÐ ALLAR GÓÐAR ÁSTARMYNDIR ER FRÁBÆR SAGA
TRANSFORMERS
F.G.G. FBL. BLAÐIÐ
ÞEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR
Sýnd í LÚXUS
43.000 manns
Ó.H.T. - RÁS 2
STEFÁN BIRGIR STEFÁNSSON
33.000 manns

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| TRANSFORMERS LÚXUS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 - 10.45 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BECOMING JANE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| PLANET TERROR | kl. 3 - 5.20 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 3 - 6.30 - 8.30 - 10.30 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 10 | 16 |
| 1408 | kl. 3 - 8 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 3 - 6 - 9 | 7 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 8 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | 16 |
| DEATH PROOF | kl. 10 | |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 10 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| THE INVISIBLE | kl. 8 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu
MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is
STÆRSTA MYND SUMARSINS
DIGITAL mynd og hljóðgæði
ÞEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR
TRANSFORMERS
FRÁ MICHAEL BAY OG STEVEN SPIELBERG
HJ. MBL DREW
Georgia Rule

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 DIGITAL | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 VIP | |
| NANCY DREW | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 | L |
| BLIND DATING | kl. 4 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| ROBINSON... ÍSL TAL | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 1 - 3:45 - 6:30 - 9:15 | 7 |
| SIMPSONS ENSK TAL | kl. 1 - 3 - 5 - 7 | L |
| PLANET TERROR | kl. 9 - 11 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS DIGITAL | kl. 1 - 4 - 7 - 10 | 10 |
| NANCY DREW | kl. 5:50 - 8 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 10:10 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 1 - 7 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 7 |
| NANCY DREW | kl. 6 - 10 | 7 |
| SIMPSONS M/- ENSK TAL | kl. 4 - 8 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 5 | 10 |
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |


# Moksala á fyrstu plötu Mika

Platan Live in Cartoon Motion með bresk-líbanska tónlistarmanninum Mika hefur selst í fimm þúsund eintökum hér á landi síðan hún kom út í febrúar. Er hún þar með orðin langsöluhæsta erlenda plata ársins á Íslandi.

Halldór Baldvinsson, vörustjóri erlendrar útgáfu hjá Senu, segist ekki muna eftir annarri eins sölu síðan Coldplay gaf út X&Y fyrir tveimur árum. „Best Of-platan með Johnny Cash seldist reyndar álíka vel en það gerðist á lengri tíma. Hún kom út hálfu ári áður en bíómyndin kom út og þá kom aftur aukinn kraftur í söluna," segir Halldór, sem býst við að plata Mika seljist í sex til sjö þúsund eintökum á þessu ári. Hefur hún alls selst í um þremur milljónum eintaka um heim allan.

Í öðru sæti yfir söluhæstu erlendu plötur ársins er Not Too Late með Noruh Jones sem hefur selst í tæplega þrjú þúsund eintökum og því ljóst að hún er nánast hálfdrættingur á við Mika.

Halldór segir að Mika nái til mjög breiðs aldurshóps með tónlist sinni og það ráði vinsældum hans fyrst og fremst. „Þetta höfðar til krakkanna líka og þessi tónlist fer eiginlega allan skalann. Það er ekki oft sem svona gerist, að plötur höfði bæði til eldra og yngra fólks."

Þeim sem vilja kynnast Mika betur er bent á tónleika hans í London sem verða sýndir í Ríkissjónvarpinu í kvöld. Þar mun hann væntanlega syngja öll sín vinsælustu lög á borð við Grace Kelly, Lollipop, Big Girl, You Are Beautiful og Relax, Take It Easy. - fb



**MIKA** Tónlistarmaðurinn Mika á langsöluhæstu erlendu plötu ársins hér á landi.

# Laddi syngur með Millunum

**Hinn árlegi sparidansleikur Milljónamæringanna verður haldinn á Broadway í kvöld. Laddi verður heiðursgestur kvöldsins.**



**FAGNA 15 ÁRA AFMÆLI** Laddi fellur vel í hóp allra hinna snyrtipinnanna í Milljónamæringunum og mun vafalaust fara á kostum á sviðinu á Broadway í kvöld.

„Ég á eitt lag á þessari nýju plötu og syng með þeim nokkur lög á dansleiknum en ég veit ekki hvort það er rétt að kalla mig nýjasta meðlim sveitarinnar," segir grínistinn og tónlistarmaðurinn Þórhallur Sigurðsson, betur þekktur sem Laddi, en hann mun troða upp með Milljónamæringunum í fyrsta sinn í kvöld þegar hljómsveitin sameinar allt í senn; hinn árlega sparidansleik, sinn útgáfu- og afmælistónleika.

Milljónamæringarnir hafa starfað frá árinu 1992 og fagna því fimmtán ára afmæli á árinu. Nýjasta hljómplata sveitarinnar, Allt-af að græða, kemur til landsins í dag og verður til sölu á „karnivalverði" á Broadway, eftir því sem fram kemur í tilkynningu.

Laddi mun alls taka sex lög í kvöld, þar af lagið Milljarðamæringurinn, sem nú hljómar ótt og títt á öldum ljósvakans. „Kalli (Karl Olgeirsson píanóleikari) hafði samband við mig og vildi endilega fá mig á nýju plötuna. Hann vildi meina að ég væri svolítið gleymdur tónlistarmaður og bað mig um að semja eitt lag," segir Laddi og útilokar ekki frekara samstarf við Milljónamæringana í framtíðinni. „Ef eitthvað fellur til er ég tilbúinn að skjótast með þeim í eitt og eitt gigg og syngja. Þetta er svo rosalega skemmtilegt," segir Laddi.

Þeir söngvarar sem hafa lagt Milljónamæringunum lið í gegnum tíðina verða á Broadway í kvöld, þeir Bogomil Font, Bjarni Arason, Ragnar Bjarnason og Stefán Hilmarsson. „Þetta er flottur hópur söngvara en þótt þeir séu allir mikiu vanari en ég vill ég nú meina að ég eigi eitthvað í þá," segir Laddi að lokum og glottir.

vignir@frettabladid.is

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
ATH. SÝND KL. 1
TRANSFORMERS
THE SIMPSONS MOVIE
ATH. SÝND KL. 2
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag
www.SAMbio.is SAMBÍÓIN
HARRY POTTER 5 - KL. 2 Í ÁLFABAKKA
SHREK 3 MEÐ ÍSLENSKU TALI KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG KEFLAVÍK
TRANSFORMERS KL. 2 Í ÁLFABAKKA
EVAN ALMIGHTY KL. 2 Í ÁLFABAKKA

Að nota Frelsið að vild í útlöndum og borga bara þegar maður kemur aftur heim
Frelsi í útlöndum
Það er Síminn

# Hans hátign í fínu formi



**TÓNLIST**
**Planet Earth**
Prince
★★★★

Prince lítur til baka og uppfærir og endurvinnur sumar af gömlu hugmyndunum með góðum árangri.

Prince er búinn að vera á góðri siglingu síðan hann sneri aftur í sviðsljósið fyrir þremur árum eftir sérviskutímabilið sem fylgdi í kjölfar málaferla hans við Warner-plötufyrirtækið. Bæði Musicology frá 2004 og 3121 sem kom út í fyrra eru ágætar plötur þó að þær jafnist auðvitað ekki á við Dirty Mind, 1999, Parade eða Sign 'O' The Times. Á Planet Earth horfir Prince til baka og uppfærir og endurvinnur sumar af sínum bestu hugmyndum. Lög eins og Planet Earth og Guitar minna á gítarhetjuna sem maður upplifði í Purple Rain á meðan Somewhere here on Earth og Future Baby Mama eru ekta soul-popp að hætti Prince. Mr. Goodnight er mjúkt og hip-hop skotið grúv og Chelsea Rodgers er fönksmellur. Það er líka fullt af gömlum Prince-vinum á plötunni, m.a. Sheila E., Wendy og Lisa og Maceo Parker, þó að verðlaunin fyrir besta leik í aukahlutverki á plötunni hreppi eflaust söngkonan Marva King fyrir frammistöðu sína í laginu Chelsea Rodgers.

Prince er ennþá óhræddur við að fara sínar eigin leiðir og skrífur ekki fyrir plötufyrirtækjum eða neinum öðrum eins og hann sýndi með þeirri djörfu ákvörðun að gefa Planet Earth með blaðinu Mail On Sunday fyrir nokkrum vikum. En þó að hann sé villtur á markaðssviðinu þá er Prince frekar gæfur tónlistarlega þessa dagana. Planet Earth er full af poppsmellum með skemmtilegum textum sem ættu að geta höfðað til bæði nýrra og gamalla aðdáenda.

Á heildina litið fín seinni tíma Prince-plata. Betri en bæði Musicology og 3121.

**Trausti Júlíusson**




INNANHÚSSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
Hönnun á:
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

NÝTT FRÁ
The Academy of Colour and Style


Anna F. Gunnarsdóttir

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússstílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir hönnun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 562-3220
INNRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN



TIL HAMINGJU
22.934
VINNINGSHAFAR

Nú brosa 2.911 vinningshafar breitt eftir síðasta útdrátt en þá eru þeir orðnir 22.934 á árinu.

Gefðu þér færi á brosi 24. ágúst, því þá drögum við út 10 milljónamæringa.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings


GOTT FÓLK

## > Sport – Íþróttablað Fréttablaðsins í dag

Í miðju Fréttablaðsins í dag má finna glæsilegt 24 blaðsíðna sérblað um enska boltann. Þar gefur meðal annars að líta ítarlegt viðtal við Hermann Hreiðarsson, Heiðar Helguson leysir frá skjóðunni um fimm erfiðustu andstæðingana, enski boltinn er séður með augum Andys Gray, blóð, sviti og tár Eiðs Smára Guðjohnsen, einkaviðtal við Dean Ashton og ýmislegt fleira.




sport

sport@frettabladid.is

HEIÐARI HELGUSYNI LÍKAR LÍFIÐ HJÁ BOLTON: LÁTINN GANGA UM Á NÆRFÖTUNUM Í -110 GRÁÐU KLEFA

## Þetta er ekki eins slæmt og það hljómar

Heiðar Helguson verður ekki í byrjunarliði Bolton sem mætir Newcastle í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar í dag. Heiðar staðfesti þetta við Fréttablaðið í gær en hann hefur átt við meiðsli að stríða undanfarið. „Ég fékk högg á bakið og hef ekki getað æft sem skyldi. Ég er reyndar orðinn góður núna en ég byrja í það minnsta ekki," sagði Heiðar í gær.

Hjá Bolton eru einmitt notaðar sérstakar aðferðir til að fyrirbyggja meiðsli. Leikmenn eru látnir ganga um sérstakan klefa í sokkum og nærbuxum og með vettlinga. Inni í klefanum er frostið -110 gráður að sögn Heiðars. Meðferðin ku vera góð fyrir vöðva, taugakerfið, form leikmanna og ýmislegt fleira.

„Við löbbum þarna um í eina mínútu en þetta er ekki eins slæmt og þetta hljómar af því þetta er svo stutt. Ef við værum þarna lengur yrði þetta líklega óbærilegt," sagði Heiðar.

Framherjinn sagði jafnframt að leikmenn færu í þetta þegar þeir vildu en þjálfarateymið fyrirskipaði þeim einnig að fara. „Þetta er kalt en ekki þannig að maður sé alveg að drepast," sagði Dalvíkingurinn.

Heiðar hefur nú æft í tvær vikur með Bolton og líkar lífið vel í Norður-Englandi. „Þetta er búið að vera mjög fínt. Strákarnir hérna eru flottir eins og þetta hefur verið á flestum stöðum sem ég hef verið á," sagði Heiðar, sem hefur ekki kynnst neinum einum betur en öðrum.

„Ég er búinn að vera hérna í um hálfan mánuð og er að komast inn í þetta. Mér hefur verið tekið mjög vel alls staðar."



Sammy Lee er stjóri Bolton en hann tók við liðinu af lærifföður sínum Sam Allardyce. Þessir stjórar mætast einmitt í dag í fyrstu umferðinni. Heiðar ber Lee góða söguna. „Ég hef ekkert nema gott að segja um hann. Hann er mjög fínn náungi en getur alveg látið í sér heyra þegar svo ber undir," sagði Heiðar.



**BRYNJAR** Lætur Benny McCarthy finna fyrir því. NORDICPHOTOS/GETTY

Brynjar Björn Gunnarsson:

## Ætlar sér að festa sig í sessi

**FÓTBOLTI** Brynjar Björn Gunnarsson er staðráðinn í því að festa sig í sessi sem byrjunarliðsmaður inni á miðjunni hjá Reading. Samkeppnin þar um stöður er hörð. „Þetta er mín besta staða en ég ákveð ekki hvar ég spila," sagði Brynjar við staðarblað í Reading en hann hefur einnig spilað í vörninni hjá liðinu.

„Markmið mitt er að spila fleiri leiki en á síðasta tímabili. Það er mikil samkeppni og ég veit vel af henni. Sem betur fer get ég spilað í öðrum stöðum, ég er líklega fjölhæfur," sagði Brynjar sem lék 27 leiki á síðasta tímabili.

Reading mætir Manchester United í fyrstu umferð á morgun og Chelsea í þeirri næstu. „Það er ekki hægt að byrja á erfiðari leikjum," sagði Brynjar sem var þó bjartsýnn fyrir leikina. - hþh

Tevez-farsanum loks lokið:

## Tevez löglegur með United

**FÓTBOLTI** Félagaskiptafarsa sumarsins á Englandi lauk í gær þegar Carlos Tevez fékk leikheimild með Manchester United. Enska úrvalsdeildin fékkst loks á að gefa heimildina en talið er að Tevez sé á tveggja ára lánssamningi.

Litlar líkur eru á því að Tevez spili með á morgun gegn Reading en hans fyrsti leikur verður líklega grannaslagurinn gegn Manchester City um næstu helgi. „Carlos hefur komið okkur á óvart. Við héldum að hann þyrfti meiri tíma á æfingum en hann lítur frábærlega út," sagði Ferguson. - hþh

# Eyddu 47 milljörðum króna í sumar

**Enska úrvalsdeildin hefst í dag og liðin í deildinni hafa aldrei eytt meira í kaup á leikmönnum. Manchester United og Chelsea er spáð bestu gengi en einnig bíða menn spenntir eftir hvað Liverpool gerir.**

**FÓTBOLTI** Það eru 90 dagar liðnir síðan síðasta tímabili lauk í enska boltanum og þessir dagar hafa verið lengi að líða hjá þeim hörðustu. Spennan er því mikil þegar veislan hefst á ný í dag. Liðin hafa eytt yfir 47 milljörðum í sumar og það eru komnir fullt af nýjum knattspyrnusnillingum inn í deildina.

Manchester United og Chelsea háðu einvígi um titilinn í fyrra þar sem United hafði betur og endaði tveggja ára sigurgöngu Lundúnaliðsins. Menn búast áfram við að baráttan standi á milli þeirra í vetur.

United keypti miðjumanninn Owen Hargreaves frá Bayern München, unglingana Nani frá Portúgal og Anderson frá Brasilíu og er félagið langt komið með að fá til sín Argentínumanninn Carlos Tevez frá West Ham. „Efstu fjögur liðin hafa öll verið að kaupa nýja leikmenn og styrkja sig. Chelsea er með breiðan og góðan hóp og maður bjóst ekki við miklum breytingum þar. Arsenal og Liverpool voru meira en 20 stigum á eftir okkur á síðasta tímabili en það gerist ekki aftur," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United.

Í tíð Romans Abramovich hefur Chelsea eytt alltaf langmestu í leikmannakaup en það var ekki í sumar. Félagið fékk þó til sín Claudio Pizarro frá Bayern München, Florent Malouda frá Lyon og Tal Ben Haim frá Bolton. „Aðalsamkeppnisaðilar okkar hafa styrkt sig en við einnig. Sá sem eyðir mest vinnur ekki deildina. Það hefur aldrei verið þannig. Þetta hefur alltaf snúist um baráttuandann, liðsheildina og að bestu leikmenn liðsins eigi gott tímabil," sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea.

Liverpool hefur farið mikinn á leikmannamarkaðnum þökk sé nýju bandarísku eigendunum. Liverpool hefur ekki unnið enska titilinn síðan 1990 og það verður fróðlegt að sjá hvort sextán nýir leikmenn breyta einhverju þar um. Stjórinn Rafael Benitez hefur aðallega styrkt sóknina og menn eins og Fernando Torres, Ryan Babel Yossi Benayoun og Andriy Voronin frá Bayern Leverkusen eru komnir á Anfield.

„Hópurinn er sterkari, stjórinn fékk peninga til að kaupa leikmenn og eyddi honum vel og nú þurfum við leikmennirnir að skila okkar. Við leggjum aðaláhersluna á að vinna deildina," sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool.

Arsenal leikur nú án Thierrys Henry og þeir misstu einnig Fredrik Ljungberg og það eru því fáir leikmenn eftir sem voru í meistaraliðinu sem tapaði ekki leik 2003-2004. Eftir standa Jens Lehmann, Gilberto Silva og Kolo Touré og svo allir unglingarnir sem Wenger hefur safnað að sér. Það er því ekki að ástæðulausu að menn tali um að met Wengers sé í hættu, það er að Arsenal endi í fyrsta sinn utan toppliðanna fjögurra frá því að hann tók við stjórnvölnum í október 1996.

Augu Íslendinga verða einnig á okkar mönnum. West Ham hefur verið mikið í umræðunni og þar á bæ ætla menn ekki að vera í fallbaráttunni aftur. Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson og það erfiða verkefni ásamt félögum sínum í Reading að fylgja eftir frábæru tímabili í fyrra og þeir Hermann Hreiðarsson (Portsmouth) og Heiðar Helguson (Bolton) reyna fyrir sér hjá nýjum liðum í sumar. Þá verður forvitnilegt að sjá hvort Bjarna Þór Viðarssyni (Everton), Gylfa Sigurðssyni (Reading) og Viktori Unnari Illugsyni (Reading) takist að vinna sér sæti í aðalliðum sinna félaga.

Framundan er enn eitt æsispennandi tímabilið í vinsælustu og að margra mati bestu deild í heimi og því fagna margir þegar boltinn byrjar að rúlla í hádeginu í dag. ooj@frettabladid.is



**LEIKNIR** Nani hjá Man. United og Florent Malouda hjá Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY



**MARKASKORARAR** Eduardo hjá Arsenal og Torres hjá Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY

Allar íslensku sjónvarpsstöðvarnar og yfir 60 erlendar í bestu mögulegu myndgæðum

Sjónvarp Símans

Það er Síminn

Eggert Magnússon bauð 100 milljónir punda:

## Eggert fékk ekki að kaupa Ólympíuleikvanginn

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússyni varð ekki að ósk sinni um að taka yfir Ólympíuleikvang Lundúna sem nú er í byggingu. Eggert bauð 100 milljónir punda fyrir hönd West Ham til að taka við leikvangnum eftir leikana árið 2012 en því var hafnað.

„Fyrir mér sem kaupsýslumanni er ekkert vit í því að byggja 80 þúsund manna völl og fækka svo sætum niður í 25 þúsund," sagði Eggert við The Times en það eru einmitt áætlanir Ólympíunefndarinnar. Aðeins verður hægt að keppa á leikvangnum í frjálsum íþróttum eftir breytinguna.

Þess í stað ætlar Eggert að byggja nýjan 60 þúsund manna völl, steinsnar frá Ólympíuleikvangnum. Byggingu á honum á að ljúka árið 2011. „Það er rétt að við ræddum um kaup á Ólympíuleikvangnum en við náðum ekki saman. Kannski var áætlun þeirra of langt komin til að breyta henni," sagði Eggert.

Áætlun hans var að byggja 60 þúsund manna leikvang sem væri hægt að breyta í 40 þúsund manna völl fyrir frjálsar íþróttir. Eftir fundi með Ken Livingstone, borgarstjóra Lundúna, varð aftur á móti ljóst að áætlanir hans myndu ekki ganga upp. - hþh



**NÁÐU EKKI SAMAN** Eggert kveður hér borgarstjórann í London, Ken Livingstone, á fundi þeirra í vor vegna leikvangamálanna. Þar kom fram að Eggert gæti ekki fengið ósk sína uppfyllta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SKÍFAN **Kynnir:**

# Walt Disney dagar

**Komdu við í Skífunni og gerðu reifarakaup á Disney-dögum… Sjónvarpsseríur, kvikmyndir og síðast en ekki síst teiknimyndirnar frá Disney.**



**LEIFSSTÖÐ • LAUGAVEGI • KRINGLUNNI • SMÁRALIND**



**LÍTA VEL ÚT** Bikarmeistarar ÍR-inga munu berjast um titlana í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express-deild karla:

## Reyndur risi til ÍR í körfunni

**KÖRFUBOLTI** **ÍR-ingar eru búnir að fylla í skarðið sem Keith Vassell skildi eftir sig því liðið hefur samið við hinn 32 ára og 211 sm háa bosníska miðherja Nedzad Spahic.**

**Spahic hefur leikið í Kósovó, Bosníu, Króatíu og Makedóníu á sínum ferli en reynir nú í fyrsta sinn fyrir sig utan Balkanskagans. Síðasta vetur lék hann með BC Peje, og var hann með 20,1 stig í leik, 12,3 fráköst og 3,6 varin skot yfir tímabilið.**

**Spahic var þriðji stigahæstur í deildinni, annar í fráköstum og með flest varin skot og því ljóst að hann mun styrkja lið Breiðhyltinga mikið. Hann er annar Kósovinn sem spilar í deildinni en fyrir höfðu KR-ingar fengið til sín leikstjórnandann Samir Shaptahovic sem var með 21,4 stig og 7,7 stoðsendingar í sömu deild.** - óój

Þýska úrvalsdeildin:

## Titilvörnin hófst með jafntefli

**FÓTBOLTI** Þýskalandsmeistarar Stuttgart hófu leiktíðina í þýsku úrvalsdeildinni í gær með því að gera 2-2 jafntefli við Schalke. Táningurinn Ivan Rakitic skoraði jöfnunarmark þeirra síðarnefndu aðeins sjö mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður.

Hannover 96, lið Gunnars Heiðars Þorvaldssonar, mætir í dag Hamburg á heimavelli. Alls eru sex leikir í þýsku úrvalsdeildinni í dag og hefjast þeir allir klukkan 12.30. - esá

NBA-liðið Miami Heat trúir því að meiðslasaga Anfernee Hardaway sé lokið:

# Penny og Shaq saman á ný

**KÖRFUBOLTI** Penny Hardaway er búinn að gera samning við Miami Heat í NBA-deildinni og spilar því á ný með Shaquille O'Neal. Þeir gerðu garðinn frægan með Orlando Magic á tíunda áratugnum og fóru meðal annars alla leið í lokaúrslitin árið 1995 þar sem að þeir urðu að láta í minni pokann fyrir Haakeem Olajuwon og félögum í Houston Rockets. Leiðir þeirra skildu þegar O'Neal ákvað að semja við Los Angeles Lakers sumarið 1996.

Hardaway, sem er orðinn 36 ára gamall, hefur ekki spilað leik síðan í nóvember 2005 en þá varð hann að hætta að spila með New York Knicks vegna meiðsla á hné.

„Penny er fyrrum stjörnuleikmaður og við höfum hrifist mjög að dugnaði hans og metnaði í sumar að snúa aftur í NBA-deildina. Hann er hæfileikaríkur leikmaður sem getur hjálpað okkur í mörgum stöðum," sagði Pat Riley, forseti Miami Heat, í gær. Þegar Penny og Shaq léku hlið við hlið síðast þá voru þeir saman með yfir 48 stig að meðaltali í leik.

Hardaway hefur glímt við meiðsli undanfarin ár og hefur ekki skorað yfir tíu stig að meðaltali síðan tímabilið 2002-3 er hann lék með Phoenix en í 688 leikjum í NBA er hann með 15,4 stig og 5,1 stoðsendingu að meðaltali í leik. - óój



**FLOTTIR SAMAN** Penny Hardaway og Shaquille O'Neal.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Með ekkert stig út úr átta leikjum

**Það gengur ekkert hjá Víkingum þegar Jóhannes Valgeirsson dæmir hjá þeim í Landsbankadeildinni en þjálfarinn Magnús Gylfason segir þó að það sé Víkingsliðið sjálft sem tapi leikjum en ekki dómarinn.**

**FÓTBOLTI** Jóhannes Valgeirsson er einn af bestu dómurum landsins, einn af þremur FIFA-dómurum Íslands og ofarlega í einkunnagjöf Fréttablaðsins.

Liðin í Landsbankadeildinni fagna því þegar Jóhannes mætir með flautuna, eða kannski öll nema eitt. Víkingar hafa sára reynslu úr leikjum sem Jóhannes hefur dæmt undanfarin fjögur tímabil því liðið hefur tapað öllum átta leikjum sem Jóhannes hefur dæmt hjá liðinu, nú síðast 0-1 gegn Fylki á fimmtudagskvöldið. Jóhannes dæmdi báða leiki liðanna í sumar og Fylkir vann 1-0 í báðum tilfellum.

Seinheppni Víkinga virðist vera ótrúleg í þessum leikjum sem Jóhannes dæmir því leikurinn í Árbænum á fimmtudagskvöldið var sjöundi leikurinn sem hann dæmir hjá Víkingi sem vinnst á sigurmarki og þar af hafa þrjú þessara sigurmarka komið á þriðju mínútu uppbótartíma. Jóhannes hefur ennfremur gefið sex Víkingum rautt spjald í þessum átta leikjum.

„Við verðum að vona að þetta sé tilviljun en mér fannst hann alveg skelfilegur í Keflavíkurleiknum um daginn þar sem hann klikkar á að reka mann út af sem brýtur á Kekic og gefur síðan Keflavík vítaspyrnu á síðustu sekúndunni. Ég ætla honum ekki neitt í þessu því það eru liðin sem tapa leikjunum en ekki dómararnir," segir Magnús Gylfason, þjálfari Víkinga og bætti síðan við. „Þetta er spes tölfræði en ég læt það aldrei út úr mér að við séum að tapa leikjum út af dómara. Víkingar hafa svolítið verið að horfa í þessa tölfræði en ég ítreka það að við töpum leikjunum sjálfir þó að ég viðurkenni að ég hafi verið mjög fúll út í hann eftir Keflavíkurleikinn," segir Magnús að lokum.

Þrjú af þessum töpum Víkinga hafa komið gegn Keflavík en það vekur að sama skapi athygli að Keflvíkingar hafa aðeins unnið tvo af hinum tólf leikjunum sem Jóhannes hefur dæmt hjá þeim á þessum tíma.

Það er óhætt að segja að þetta sé stingandi tölfræði en jafnframt skal vakin athygli á því að það er ekkert sem bendir til að Jóhannesi Valgeirssyni sé eitthvað verr við Víkinga en önnur lið. Það má samt búast við því að Víkingar vonist innst inni eftir því að Jóhannes dæmi ekki fleiri leiki hjá þeim í sumar því af einhverjum ástæðum þá fá þeir ekki stig út úr leikjum sem hann dæmir.

ooj@frettabladid.is



**ÁTTUNDA TAPIÐ Í ÁTTA LEIKJUM** Jóhannes Valgeirsson fylgist hér með leik Fylkis og Víkinga í Árbænum á fimmtudagskvöldið. Haukur Ingi Guðnason hefur hér snúið á Jökul Elísarbetarson.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**DÓMARAR HJÁ VÍKINGI Í SUMAR:**

| | |
|---|---|
| Eyjólfur M. Kristinsson | 100% stiga |
| | 1 leikur og 3 stig |
| Garðar Örn Hinriksson | 56% |
| | 3 leikir og 5 stig |
| Erlendur Eiríksson | 50% |
| | 2 leikir og 3 stig |
| Kristinn Jakobsson | 33% |
| | 1 leikur og 1 stig |
| Egill Már Markússon | 0% |
| | 1 leikur og 0 stig |
| Ólafur Ragnarsson | 0% |
| | 1 leikur og 0 stig |
| Jóhannes Valgeirsson | 0% |
| | 3 leikir og 0 stig |

**DÆMDIR LEIKIR JÓHANNESAR HJÁ VÍKINGI:**

| | |
|---|---|
| 16. maí 2004 Fram (úti) | 0-3 tap |
| 27. maí 2004 KR (úti) | 1-2 tap |
| 13. ágúst 2004 Keflavík (h.) | 2-3 tap |
| 19. maí 2006 Keflavík (úti) | 1-2 tap |
| 15. júní 2006 KR (úti) | 0-1 tap |
| 24. maí 2007 Fylkir (heima) | 0-1 tap |
| 20. júní 2007 Keflavík (heima) | 1-2 tap |
| 9. ágúst 2007 Fylkir (úti) | 0-1 tap |

**DÆMDIR LEIKIR JÓHANNESAR FRÁ 2001 TIL 2007:**

| | |
|---|---|
| KR | 14 leikir - 69% stiga |
| FH | 15 leikir - 69% |
| Valur | 11 leikir - 67% |
| Fylkir | 16 leikir - 46% |
| Fram | 14 leikir - 45% |
| Keflavík | 15 leikir - 42% |
| ÍBV | 8 leikir - 38% |
| Grindavík | 13 leikir - 33% |
| ÍA | 9 leikir - 30% |
| Breiðablik | 6 leikir- 28% |
| Víkingur | 8 leikir - 0% |

Valsstúlkur mæta meisturunum frá Færeyjum í dag:

## Lykilleikur fyrir Val

**FÓTBOLTI** Valsstúlkur leika í dag annan leik sinn í Evrópukeppni félagsliða þegar þær mæta KÍ frá Klaksvík. Valur vann frækinn sigur á FC Honka í fyrsta leik sínum á fimmtudaginn þar sem Vanja Stefanovic og Margrét Lára Viðarsdóttir tryggðu Íslandsmeisturunum sigurinn með mörkum á lokamínútum leiksins.

Á fimmtudag lék KÍ við Den Haag frá Hollandi og náði öllum að óvörum jafntefli, 1-1. Í þeim leik lá KÍ mjög aftarlega og má gera ráð fyrir því að svipað verði upp á teningnum í dag.



**ÞJÁLFARINN** Elísabet Gunnarsdóttir hefur í nógu að snúast í Færeyjum þar sem riðillinn er leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Valsstúlkur eru því einar í efsta sæti riðilsins en leikurinn gegn KÍ hefst klukkan 14.45 í dag. - hþh

1. deild karla:

## Toppliðin unnu sigra í gærkvöld

**FÓTBOLTI** **Fjórir leikir fóru fram í 1. deild karla í gærkvöldi. Toppliðin þrjú unnu öll leiki sína.**

**Þróttur vann 3-1 sigur á KA á Akureyri og Fjölnir vann Leikni á útivelli, 2-0. Topplið Grindavíkur gerði einnig góða ferð til Ólafsvíkur þar sem það vann 3-2 sigur á Víkingi.**

**ÍBV vann svo dýrmætan sigur á Stjörnunni í Garðabæ og kom sér með honum upp í fjórða sæti deildarinnar. Eyjamenn eru fjórum stigum á eftir Fjölni sem situr í þriðja sæti.** - esá

512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE

UPPFÆRÐU MYNDLYKILINN OG SJÁÐU SÝN 2

Veljið menu og sjálfvirka leit. Sláið inn pin-númerið 0000 og ýtið síðan á OK hnappinn. Myndlykillinn leitar þá sjálfur að stöðvunum. Ýtt er þrisvar sinnum á OK hnappinn og þá á myndlykillinn að hafa raðað upp sjónvarpsstöðvunum. Athugið að Sýn 2 er á rás númer 10.



sýn2 enski boltinn

Að senda tölvupóst heim úr Smugunni þótt maður hafi akkúrat ekkert sérstakt að segja

Sjópóstur

Það er Síminn


vodafone
Iceland Express
10-11 ...alltaf opið!
vörður
512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE
ENSKI BOLTINN
Í DAG
SUNDERLAND - TOTTENHAM KL. 11:25
WEST HAM - MAN. CITY KL. 13:45
ASTON VILLA - LIVERPOOL KL. 16:00
KL. 13:55 BOLTON – NEWCASTLE SÝN EXTRA
KL. 13:55 DERBY – PORTSMOUTH SÝN EXTRA 2
KL. 13:55 EVERTON – WIGAN SÝN EXTRA 3
KL. 13:55 M'BORO – BLACKBURN SÝN EXTRA 4
Á MORGUN
KL. 10:55 ARSENAL – FULHAM SÝN EXTRA
KL. 12:10 CHELSEA – BIRMINGHAM SÝN 2
KL. 14:40 MAN. UTD. – READING SÝN 2
4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS LAUGARDAGSKVÖLD KL. 18:10
ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.
AIG
SÝN2
enski boltinn
GOTT FÓLK McCANN

## > Ben Kingsley

Ben fæddist á Englandi árið 1943. Hans upprunalega nafn er Krishna Bhanji en faðir hans er af indverskum ættum. Eftirminnilegasta mynd Bens er líklega Gandhi frá árinu 1982. Gagnrýnendur voru sammála um að enginn annar en Ben hefði getað túlkað Gandhi á sannfærandi hátt enda hlaut hann Óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína. Ben leikur í myndinni The Assignment í Sjónvarpinu kl. 21.45.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: JARÞRÚÐI KARLSDÓTTUR FINNAST ÚTVARPSLEIKRIT ÆÐI

# *Ástir og örlög á Íslandi*



Ég var alveg búin að gleyma að útvarpsleikrit væru til. Útvarpsleikrit eru æði.

Ég var á hádegisrúntinum í vikunni þegar ég datt inn á leikritið Mótlæti eftir Jón Hall Stefánsson á Rás 1.

Þegar ég setti bílinn í gang var löggan að banka upp á hjá fjölskyldu sem hafði augljóslega eitthvað óhreint í pokahorninu. Á þessum 15 mínútum sem leikritið varði tókst að koma fyrir voveiflegum dauðdaga ungrar stúlku, líklega af mannavöldum, framhjáhaldi, lausaleiksóléttu og geðveiki. Allt var þetta að sjálfsögðu innan ríkustu fjölskyldu Íslands. Dásamlegt.

Ég get ekki sagt annað en að ég hafi skemmt mér konunglega við að hlusta á þetta. Það er ekki laust við að ég hlakki til að verða gömul kona með nýlagt hár sem sit spennt í krumpugallanum mínum að bíða eftir daglega skammtinum mínum af útvarpsleikritinu.

Ég er reyndar ekki sú eina í fjölskyldunni sem er að uppgötva dásemdir útvarpsleikrita.

Sex ára sonur minn er farinn að fylgjast með leikritinu Mæju spæju eftir Herdísi Egilsdóttur og finnst formið að minnsta kosti jafn skemmtilegt og mér. Mæja spæja fjallar um litla stelpu sem reynir að hafa hendur í hári bankaræningja með öllum tiltækum ráðum. Sonur minn situr spenntur og fylgist með njósnum Mæju spæju og því sem á daga hennar drífur.

Eftir að hafa setið hvumsa með honum í gegnum ófáar karlrembuáróðurs-teiknimyndirnar frá Hollywood, Shrek 3 núna síðast, auðvitað geta konur ekki stjórnað ríki, er þetta kærkomin tilbreyting. Hver veit nema hann setjist svo með mér og hlusti á útvarpsleikritið þegar ég verð orðin öldruð á elliheimili.

## EKKI MISSA AF



▶ **16.00** In Her Shoes STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** Heltekin af ást SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Super Size me SIRKUS



▶ **22.40** Da Vinci's Inquest SKJÁREINN



▶ **23.10** North Country STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.05 Lítil prinsessa 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.27 Músahús Mikka 08.50 Skordýr í Sólarlaut 09.14 Sögurnar okkar - Tröllin á Vestfjörðum 09.22 Leyniþátturinn 09.35 Hopp og hí Sessamí 10.00 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 14-2** e.

**11.30 HM í sundi**

**13.25 Mótorsport** e.

**13.50 HM íslenska hestsins** (4:4)

**14.10 Hlé**

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Ofvitinn** (2:10)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Lukkuriddarar** (6:13)

▶**20.05 Heltekin af ást** (Possession) Bandarísk bíómynd frá 2002. Ungt par kemst á snoðir um krassandi leyndarmál tveggja ljóðskálda á Viktoríutímanum. Meðal leikenda eru Gwyneth Paltrow og Aaron Eckhart.

**21.45 Verkefnið** (The Assignment) Bandarísk bíómynd frá 1997. Bandarískum sjóliðsforingja er falið að koma tvífara sínum og hryðjuverkamanni fyrir kattarnef. Meðal leikenda eru Aidan Quinn, Donald Sutherland og Ben Kingsley. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.45 Tónleikar Mika**

**00.30 Fallegt fólk** (Beautiful People) e.

**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Cheaper By The Dozen 2**

**08.00 In Her Shoes**

**10.10 Lost in Translation**

**12.00 The Secret Life of Girls**

**14.00 Cheaper By The Dozen 2**

▶**16.00 In Her Shoes**

**18.10 Lost in Translation**

**20.00 The Secret Life of Girls**

**22.00 The Forgotten** Spennumynd þar sem Julianna Moore leikur konu sem fær þær upplýsingar skömmu eftir andlát sonar síns að hann hafi aldrei verið til.

**00.00 Dark Water**

**02.00 Blind Horizon**

**04.00 The Forgotten**

## STÖÐ 2

**07.00 Refurinn Pablo** 07:05 Fífí and the Flowertots 1 07:15 Töfravagninn 07:40 Hlaupin 07:55 Blanche 08:05 Kalli kanína og félagar 08:25 Dexter's Laboratory 08:50 Ginger segir frá 09:15 Bratz 09:35 Tutenstein

**10.00 Home Alone 2**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.10 Gleðiganga hinsegin daga** Gleðiganga hinsegin daga er ein flottasta skrúðganga heims enda er hún afrakstur margra mánaða þrotlausrar vinnu. Stöð 2 sýnir beint frá þessum ómissandi viðburði.

**14.55 So You Think You Can Dance** (14:23)

**16.05 The New Adventures of Old Chr** (1:13)

**16.30 Whose Line Is it Anyway? 4**

**17.00 Örlagadagurinn** (10:31)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.15 America´s Got Talent** (8:15) 10 atriði verða flutt í þeirri von að komast einu skrefi nær milljón dollurum.

**20.40 America´s Got Talent** (9:15) 10 atriði voru sýnd, en hver fer heim að þessu sinni?

**21.25 Just My Luck** Rómantísk gamanmynd með stórstjörnunni Lindsay Lohan í aðalhlutverki. Ashley er heppnasta manneskja í heimi. Það er sama hvað hún gerir, allt endar vel. Það er að segja þar til hún kyssir óheppnasta mann í heimi en þá fer skyndilega allt að fara úrskeiðis. Aðalhlutverk: Lindsay Lohan, Chris Pine, Faizon Love. Leikstjóri: Donald Petrie. 2006. Leyfð öllum aldurshópum.

▶**23.10 North Country** Átakanleg kvikmynd sem tilnefnd var til tvennra Óskarsverðlauna. Charlize Theron er hér í hlutverki námuverkakonunnar Josie James sem olli straumhvörfum í Bandaríkjunum þegar hún fór í mál við námufyrirtæki á grunvelli kynjamisréttis. Aðalhlutverk: Charlize Theron, Elle Peterson, Thomas Curtis. Leikstjóri: Niki Caro. 2005. Bönnuð börnum.

**01.15 Final Destination 2**

**02.40 The Horse Whisperer**

**05.25 The New Adventures of Old Christine** (1:13)

**05.50 Fréttir**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**08.55 World Supercross GP 2006-2007**

**09.50 Landsbankadeildin 2007** (Fram - ÍA)

**11.40 Landsbankamörkin 2007**

**12.10 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**12.40 US PGA Championship 2007**

**16.40 Augusta Masters Official Film** Í þessum þætti er tekið fyrir mótið árið 1999 þar sem hinn litríki Spánverji, Jose Maria Olazabal, sigraði.

**17.35 Champions of the World** (Roots) Ný þáttaröð þar sem fjallað er um hina glæsilegu knattspyrnuhefð í Suður-Ameríku.

**18.30 US PGA Championship 2007** Bein útsending frá þriðja degi á PGA meistaramótinu í golfi í Oklahoma. Á risamótunum er gjarnan talað um að menn láti til skarar skríða og þriðja degi og leiki ákveðið til þess að koma sér í góða stöðu fyrir lokadaginn.

**23.00 Copa del Rey Final 2007** Útsending frá leik Sevilla og Real Madrid í spænsku meistarakeppninni.

**00.40 Box - Bernard Hopkins vs. Wink**

## SÝN2

**08.25 Premier League World**

**08.55 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blacburn 1992-1993.

**09.25 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Manchester United og Sheffield Wednesday leiktíðina 1992-1993.

**09.55 Season Highlights** (Season Highlights 1996/1997)

**10.55 Premier League Preview** (Premier League Preview 2007/08)

**11.25 Sunderland - Tottenham** Bein útsending í 1. umferð ensku úrvalsdeildarinnar.

**13.45 West Ham - Man. City**

**16.00 Aston Villa - Liverpool** Beint.

**18.10 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Heimir Karlsson og Guðni Bergsson standa vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins.

**19.30 4 4 2**

**20.50 4 4 2**

**22.10 4 4 2**

**23.30 4 4 2**

## SKJÁREINN

**11.15 Vörutorg**

**12.15 Dr. Phil** (e)

**15.15 Greatest Dishes in the World** (e)

**16.00 Robin Hood** (e)

**16.50 World's Most Amazing Videos** (e)

**17.40 On the Lot** (e)

**18.30 7th Heaven - NÝTT** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og en að. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta.

**19.15 Yes, Dear** (e)

**19.40 Everybody Hates Chris** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (20:26)

**21.00 Stargate SG-1** (14:22) Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum.

**21.50 High School Reunion** (5:8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál.

▶**22.40 Da Vinci's Inquest** (2:8) Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver.

**23.30 Sleeper Cell** (e)

**00.20 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**01.10 Angela's Eyes** (e)

**02.00 The Black Donnellys** (e)

**02.50 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**04.30 Vörutorg**

**05.30 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Heitasta sölusýning ársins!

verður helgina 1. og 2. sept. í nýju Laugardalshöllinni

Enginn aðgangseyrir - Búist er við þúsundum gesta - Ert þú örugglega búinn að tryggja þér pláss?

Nánari upplýsingar á www.si.is/ismot

Umsjón: AP SÝNINGAR Sími 511 1230 Netfang ismot@appr.is

SKRÁNINGU SÝNENDA LÝKUR 15. ÁGÚST

## Í KVÖLD

### JUST MY LUCK

**Stöð 2 kl. 21.25**

Rómantísk gamanmynd með stórstjörnunni Lindsay Lohan í aðalhlutverki. Ashley er heppnasta manneskja í heimi. Það er sama hvað hún gerir, allt endar vel. Það er að segja þar til hún kyssir óheppnasta mann í heimi en þá fer skyndilega allt að fara úrskeiðis. Skemmtileg mynd fyrir alla fjölskylduna.



## VIÐ MÆLUM MEÐ 7TH HEAVEN

**Skjáreinn kl. 18.30**

Bandarísk unglingasería sem notið hefur mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta. Pabbinn er prestur og mamman er heimavinnandi húsmóðir. Elsti sonurinn byrjaður að reykja og á erfitt með að tolla í vinnu en elsta dóttirin er farin að eltast við stráka.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Grannar okkar
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Tímakornið
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Hvert fór ég eiginlega?
**17.05** Djassgallerí: Keith Jarrett
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.28** Á vængjum yfir flóann
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Jónas frá Hriflu og Laugarvatn
**21.00** Dragspilið dunar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.30 Skífulistinn**
**17.15 Smallville** (4:22) (e)
**18.00 Bestu Strákarnir** (16:50) (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Girls Of The Playboy Mansion** (12:15) (e)
**19.30 True Hollywood Stories** (2:8) (e)
**20.15 Joan of Arcadia** (18:22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar hún fer að lenda í skrítnum uppákomum.
**21.00 Super Size me** Morgan Spurlock ákvað að gerast tilraunadýr og láta reyna á fullyrðingar lögfræðinga McDonalds þess efnis að matseðillinn á McDonalds væri í það góðu lagi að maður gæti þess vegna lifað á honum einum saman. Í mánuð borðar hann ekkert nema McDonalds mat og afleiðingarnar koma honum og læknum hans í opna skjöldu; á 21.degi er hann svo til við dauðans dyr, á barmi hjartaáfalls, með skorpulifur, þunglyndi og getuleysi. Mögnuð mynd sem vakti heimsathygli þegar hún var frumsýnd á Sundance, þar sem hún vann aðalverðlaunin. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.40 Jake In Progress** (6:8) (e)
**23.10 The George Lopez Show** (2:22) (e)
**23.35 Jake 2.0** (4:16) (e)
**00.20 Joan of Arcadia** (18:22) (e)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**6.15** The Roly Mo Show **6.30** William's Wish Wellingtons **6.35** Teletubbies **7.00** Top Gear Xtra **8.00** Hunting Chris Ryan **9.00** EastEnders **9.30** EastEnders **10.00** Mastermind **10.30** The Weakest Link **11.15** The Weakest Link **12.00** What not to Wear **13.00** Wedding Stories **14.00** Amazon Abyss **14.30** Massive nature **15.00** Dragons Alive **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** A Life Coach Less Ordinary **17.30** A Life Coach Less Ordinary **18.00** Cash in the Attic **18.30** The Life Laundry **19.00** When I'm 64 **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** The Smoking Room **21.30** French and Saunders **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** When I'm 64 **0.30** The Catherine Tate Show **1.00** The Smoking Room **1.30** French and Saunders 2.00 Dragons Alive

## DR 1

**6.15** Dyrenes ø **6.40** SommerSummarum **7.10** Dragejægerne **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana **8.25** Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Sommertid **9.30** En usædvanlig hobby **10.00** TV Avisen **10.10** Turist i Tanzania **10.40** Søren Ryge **11.10** Kaptajn og besætning byder velkommen **11.50** Byliv og landlig idyl **12.40** Den vilde klode **13.35** Hemmeligheder **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **16.00** Radiserne **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Huset på Christianshavn **18.45** Olsen-banden går amok **20.20** Inspector Morse **22.00** Speedway

## NRK 1

**6.00** Snarveien **6.10** I Mummidalen **6.35** Energikampen 2006 **7.05** Den Lille Havfruen **7.30** Jimmy Neutron **8.00** Laura **8.25** Login **9.00** NRKs sportslørdag **11.00** Golf: Scandinavian TPC **12.00** Golf: Scandinavian TPC **15.00** Verdensserien i sandvolleyball **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** Tigga og Togga **16.30** Eva og Adam **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** 'Allo, 'Allo! **18.10** Aud go'hjerta! **19.10** Doc Martin **19.55** Fakta på lørdag: Gammel bak rattet **20.35** NM friidrett **21.00** Kveldsnytt **21.15** Den gode tjuven **23.00** Festivalsommer

## SVT 1

**7.15** Franklin **7.35** Katter - en dokusåpa **7.45** Så här går det till på Saltkråkan **8.15** Sagoträdet **8.30** Pi **8.45** Manáid-tv **9.00** Karamelli **10.35** Dokument inifrån: Den deprimerade reportern **11.35** Cityfolk **12.05** Runt omkring på Island **12.35** Sommartorpet **13.05** Uppdrag granskning - sommarspecial **14.05** Tre kärlekar **15.00** Allsång på Skansen **16.00** Pingu **16.05** Disneydags **17.00** Ebba och Didrik **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Försvarsadvokaterna **18.45** Minnenas television **19.55** Svartskägg - piraten och legenden **20.45** Friidrott: SM utomhus, Eskilstuna 2007 **21.15** Rapport **21.20** Motor: GP Serien 2007 **22.05** Amadou & Mariam **23.05** Skvaller **0.35** Sändningar från SVT24







## PERSÓNAN



*Ylfa Lind Gylfadóttir*

**Aldur:** 22 ára.
**Fjölskylda:** Einhleyp.
**Foreldrar:** Gylfi Símonarson pípulagningamaður, Linda Guðmundsdóttir húsmóðir.
**Búseta:** Gvendargeisli í Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Vog.

Ylfa Lind var valin dragkóngur Íslands á miðvikudag.

# *Bolvíkingar hvattir til bólfara í vikunni*

Fjórða Ástarvikan í Bolungarvík hefst á morgun, þegar þrjú hundruð gasblöðrum með ástarkveðjum til heimsins verður sleppt til himins. „Ég held að ástarvikan sé enn stærri og veglegri í ár en áður, og við erum með mikið af nýjungum,“ sagði Birna Hjaltalín Pálmadóttir, framkvæmdastjóri Ástarvikunnar, sem er ætlað að hvetja til kærleiksríkra samskipta og fjölga Bolvíkingum.

Á meðal dagskrárliða eru þrennir tónleikar með hljómsveitunum Myst, Pitchfork Rebellion og djassdúettinum Dúo Jazz Bonnie and Clyde, uppistand með Eddu Björgvins og skútusigling. „Svo ætlum við að sýna Grease í bílabíói, sem verður algjört æði, og halda faðmlaganámskeið á mánudagskvöldið. Þá fer Lísbet Harðardóttir yfir bók sem heitir Faðmlög og kennir fólki hvað mismunandi faðmlög heita og hverjum þau henta,“ útskýrði Birna.

Eftir að athafnamaðurinn Grímur Atlason varð bæjarstjóri í Bolungarvík jókst árangur Ástarvikunnar til muna. Á árunum tveimur þar áður hafði eitt barn komið í heiminn níu mánuðum eftir þemavikuna, en með komu Gríms komu tvö börn undir á Ástarviku. Þó skal ósagt látið hvort beint samband sé þar á milli. Á setningunni í ár verða börnin tvö, afrakstur síðustu Ástarviku, verðlaunuð, og segist Birna vonast til að komandi vika verði að minnsta kosti helmingi afkastameiri. Í fyrra heyrðist því fleygt að sökum viðamikillar dagskrár gæfist Bolvíkingum vart færi á að fjölga íbúum, en Birna hefur fundið ráð við því. „Við reynum að hafa dagskrána þannig að hún vari ekki lengi, þannig að fólk getur auðveldlega farið heim og lagt sitt af mörkum eftir hana,“ sagði Birna. „Við hvetjum fólk eindregið til þess,“ bætti hún ákveðin við. **- sun**



**HVATT TIL BÓLFARA** Grímur Atlason er bæjarstjóri í Bolungarvík. Íbúar þar eru hvattir til bólfara á komandi viku, sem er fjórða Ástarvikan sem þar er haldin.



**BIRNA HJALTALÍN PÁLMADÓTTIR** Ástarvikan er stærri í ár en áður.



**LÁRÉTT 2.** gaul **6.** frá **8.** herma **9.** pili **11.** tveir eins **12.** rusl **14.** veldis **16.** tveir eins **17.** margsinnis **18.** umfram **20.** tvíhljóði **21.** murra.

**LÓÐRÉTT 1.** lengdareining **3.** samtök **4.** skynja **5.** þunnur vökvi **7.** sviptur veruleikaskyni **10.** mánuður **13.** sjáðu **15.** högg **16.** efni **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** baul, **6.** af, **8.** apa, **9.** rím, **11.** pp, **12.** drasl, **14.** ríkis, **16.** tt, **17.** oft, **18.** auk, **20.** au, **21.** urra.
**LÓÐRÉTT: 1.** yard, **3.** aa, **4.** upplifa, **5.** lap, **7.** firrtur, **10.** maí, **13.** sko, **15.** stuð, **16.** tau, **19.** kr.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1 Hugo Chavez.
2 Mosfellsbær varð 20 ára.
3 Sendiráðið í Danmörku.

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON: NÝSTÁRLEGUR SKEMMTIÞÁTTUR Á RÚV

# Stjörnufans í Eurovision-þætti á laugardagskvöldum

„Ég vona að með þessu sé búið að taka laugardagskvöldin í vetur frá hjá íslenskum fjölskyldum,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Sjónvarpsins, um nýjan skemmtiþátt sem fer í loftið í næsta mánuði. Þórhallur hefur kynnt fyrir starfsfólki sínu glæsilega vetrardagskrá. Rúsínan í pylsuendanum er laugardagsþáttur stöðvarinnar þar sem mikill fjöldi þekktra andlita verður áberandi.

„Þetta verður skemmtiþáttur með alls kyns uppákomum, gríni og glensi. Meðal þeirra sem koma fram í þáttunum eru Jón Gnarr, Sigurjón Kjartansson, Selma Björnsdóttir og fleiri en meginþemað verður lagakeppni á milli níu þekktra lagahöfunda,“ segir Þórhallur. Þessir níu lagahöfundar eru Guðmundur Jónsson úr Sálinni, Dr. Gunni, Barði í Bang Gang, Magnús Þór Sigmundsson, Magnús Eiríksson, Hafdís Huld Þrastardóttir, Svala Björgvinsdóttir, Fabúla og Andrea Gylfadóttir. Hvert þeirra leggur til þrjú lög og í hverjum laugardagsþætti eru spiluð þrjú lög sem keppa um sigur það kvöldið. Þjóðin kýs á milli þessara þriggja laga og sigurlagið kemst í úrslitaþáttinn. Þegar þessari útsláttarkeppni er lokið fá aðrir lagahöfundar, sem sendu inn lög eftir auglýsingu, að reyna sig í tveimur þáttum. Að síðustu verður aukaþáttur þar sem eins konar „wildcard“ lag verður valið. Þannig verða eftir 12 lög sem keppa um að verða framlag Íslands í Eurovision-keppninni næsta vor.

Þórhallur leggur áherslu á að hér sé verið að búa til stórskemmtilega lagakeppni sem þjóðin taki þátt í. Þannig kjósi fólk á milli laganna með símakosningu. Hlé verður gert á laugardagsþættinum og öðrum dagskrárlið hleypt að en síðan verða úrslitin kynnt í sérstökum þætti, svipað og gert var í Idol og X-Factor á Stöð 2. „Þarna verða 33 glæný lög sem frumflutt verða í þættinum í vetur, dúndurlög með toppflytjendum. Lagahöfundarnir hafa líka frjálsar hendur, þeir mega spreyta sig í öllu frá Eurovisionlögum upp í þungarokk.“

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson verður tónlistarstjóri þáttarins og þrír útsetjarar hjálpa lagahöfundunum að vinna lögin. Þeir eru Óskar Páll Sveinsson, Vignir Snær Vigfússon og Kiddi í Hjálmum. Fyrsti þátturinn fer í loftið 29. september en Þórhallur hefur ekki enn ákveðið hverjir verða stjórnendur hans. Ekki er enn komið nafn á þáttinn. „Ég auglýsi hér með eftir því,“ segir Þórhallur.

hdm@frettabladid.is



**BYRJAR MEÐ LÁTUM** Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri Sjónvarpsins, hefur skipulagt nýjan skemmtiþátt á laugardagskvöldum í vetur. Meginþema þáttarins verður lagakeppni milli þekktra lagahöfunda.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stórtónleikar Kaupþings verða haldnir á Laugardalsvelli eftir viku. Ein af þeim hljómsveitum sem troða upp er Stuðmenn. Frést hefur af væntanlegum leynigesti þeirra á tónleikunum, sjálfum **Björgvini Halldórssyni**. Björgvin tróð upp með Stuðmönnum í Kaupmannahöfn ekki alls fyrir löngu við mikla hrifningu tónleikagesta. Þar söng hann vitanlega **Tætum og tryllum** og má fastlega búast við að það fái að hljóma í Dalnum á föstudaginn eftir viku.



Stórrokkarinn **Magni Ásgeirsson** er nú staddur í Houston þar sem hann treður upp á tónlistarhátíð þar í borg ásamt vinkonu sinni Dilönu. Fyrsta sólóskífa tónlistarmannsins hefur farið vel af stað og svo mikla trú höfðu forsvarsmenn **Hagkaupa** á vinsældum söngvarans að þeir keyptu fyrsta upplagið, alls fimm þúsund eintök. Þess er síðan ekki langt að bíða að platan fari í sölu á i-Tunes en erlendir aðdáendur Magna bíða nú í ofvæni eftir að fá að heyra í átrúnaðargoðinu sínu.

Kvikmyndagerðarmaðurinn **Grímur Hákonarson** kom, sá og sigraði á stuttmyndahátíð í Melbourne. **Bræðrabylta**, sagan um samkynhneigðu glímukappana, hlaut fyrstu verðlaun í Ástralíu. Grímur virðist kunna vel við sig í stuttmyndaforminu því síðasta mynd hans, **Slavek the Shit**, fór einnig sigurför um heiminn. **- hdm / fgg**

Mikið öryggi
og engar tafir
á IP netinu

Á IP neti Símans hefur
hvert fyrirtæki frátekna
bandvídd

Það er Síminn

# Glæsisnekkja í Reykjavíkurhöfn

Þriggja hæða glæsisnekkja bandarísks auðkýfings með tólf manna áhöfn liggur nú bundin við austurbakka Reykjavíkurhafnar. Snekkjan kom til landsins í fyrrakvöld og hefur vakið mikla athygli vegfarenda enda öll hin glæsilegasta og með þyrlu á þakinu. Mikil leynd hvílir yfir eigendum snekkjunnar. Hún er skráð á fyrirtækið Turmoil Marine og er skráð í Georgetown á Cayman-eyjum og siglir undir flaggi þeirra. Áhöfn snekkjunnar vildi ekki tjá sig um hver ætti bátinn þegar Fréttablaðið leitaði til hennar í gær og vísaði blaðamanni frá. Áhöfnin var enda á fullu að þrífa snekkjuna og taka vistir um borð. Ekki var heldur hægt að fá upplýsingar um eigandann frá hafnarstjórn né Eimskip, sem er umboðsaðili snekkjunnar hér á landi.

Fréttablaðið hefur þó heimildir fyrir því að eigandi snekkjunnar sé bandarískur auðkýfingur frá Chicago sem hefur tvívegis áður komið hingað til lands.

Snekkjan er öll hin glæsilegasta, hvít og blá að lit, 63 metra löng og tólf metra breið. Hún var smíðuð af Assens Skibsværft og heitir Turmoil. Nafnið sótti eigandinn til sögunnar um danska skipstjórann Henrik Kurt Carlsen, sem varð heimsfrægur þegar hann hélt til í sökkvandi skipi sínu í þrettán daga í janúar árið 1952. Skipið sökk að lokum sextíu kílómetrum fyrir utan hafnarmynnið í Cornwall á Bretlandi, nokkrum mínútum eftir að skipstjórinn hafði yfirgefið það. Bandaríski auðkýfingurinn er svo heillaður af sögunni að hann hefur átt fjögur skip sem hann hefur öll nefnt Turmoil. Hann náði meira að segja að hafa uppi á messastrák Carlsen sem dvaldist í stutta stund með skipstjóranum á sökkvandi skipinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er snekkjan nýkomin frá Grænlandi og verður á Íslandi í tvær vikur. **- kh**



**TURMOIL** Glæsisnekkjan liggur bundin við austurbakka Reykjavíkurhafnar, þar sem Faxaskáli stóð áður. Þyrla er á þakinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Tilboðsdagar
11. - 25. ágúst
Leðursófasett
3+1+1 Áður kr. 255.400
Nú kr. 204.320 stgr.
3+2 Áður kr. 213.400
Nú kr. 169.900 stgr.
3+2+1 Áður kr. 283.300
Nú kr. 226.640 stgr.
20% afsláttur
Leðursófasett
3+1+1 Áður kr. 285.400
Nú kr. 228.320 stgr.
3+2 Áður kr. 241.500
Nú kr. 193.200 stgr.
20% afsláttur
verð áður 69.600 kr. stgr.
Verð nú 52.200 kr. stgr.
Tango leðurstóll
Litir: Svart - Brúnt
Áður kr. 17.900
Nú kr. 14.300 stgr.
París leðurstóll
Litur: Hvítur
Áður kr. 15.400
Nú kr. 11.500 stgr.
Roma leðurstóll
Litir: Svart - Brúnt
Áður kr. 13.900
Nú kr. 10.900 stgr.
verð áður 68.200 kr. stgr.
Verð nú 49.900 kr. stgr.
15% afsláttur
Amerískar dýnur
Verð frá kr. 67.900 stgr.
LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## Gangan

Að öllum líkindum munu nokkrir tugir þúsunda Íslendinga halda niður í miðbæ í dag og taka þátt í hátíð homma og lesbía, ganga í skrúðgöngu niður Laugaveginn eða standa á gangstéttinni og fylgjast með. Ég sjálfur hyggst ekki ganga í þetta skiptið, enda er ég dálítið brenndur af þeirri reynslu, satt að segja. Ég gekk þessa göngu fyrir nokkrum árum ásamt tveimur fjallmyndarlegum félögum mínum, nýkominn heim úr námi, blautur á bak við eyrun og kannski dálítið búinn að gleyma því hvað þetta land er lítið og hversu fljótt kjaftasögurnar berast. Ég var piparsveinn á þeim tíma og það tók mig marga mánuði eftir gönguna að hreinsa af mér þann orðróm að ég væri hinsegin. Þetta háði mér gríðarlega á börunum þegar ég var að gera hosur mínar grænar fyrir hinu kyninu.

**ÞARNA** gengum við þrír niður Laugaveginn fyrir framan bíl með dragdrottningum, skælbrosandi og veifandi eins og hverjir aðrir sakleysingjar, grunlausir um það að í huga hverrar einustu stúlku á lausu sem stóð á gangstéttarbrún hins smáa borgarsamfélags og fylgdist með, vorum við umsvifalaust stimplaðir hommar.

**SUMIR** ná að nýta sér svona orðróm sér í hag, en ég náði því einhvern veginn aldrei. Í marga mánuði á eftir þurfti ég að passa mig á því að dansa ekki óeðlilega mikið á skemmistöðum, og raunar helst ekki neitt, til þess að styðja ekki þennan orðróm. Enn þann dag í dag reyni ég sem mest að sýna svipbrigðaleysi í almennum samskiptum, vera píreygður og þögull – jafnvel dálítið ógnandi – til þess að örugglega ekkert fari milli mála. Ég passa mig á því að kyssa ekki aðra karlmenn þegar þeir eiga afmæli og svoleiðis, heldur reyni ég frekar að koma á þá höggi með kaldranalegum athugasemdum og helst lenda í smá stimpingum.

**ÉG** hef tekið eftir því að margir kynbræður mínir virðast vera haldnir svipaðri þörf til þess að sýna það, svo ekki verði um villst, að þeir séu ekki hinsegin. Vígbúnað og stríðsrekstur, einræðistilburði og valdníðslu af alls kyns tagi hef ég með tíð og tíma lært að túlka, af sálfræðilegri djúpvisku, sem örvæntingarfulla tilburði í þessa átt.

**ÞAÐ** var í raun og veru ekki fyrr en ég eignaðist kærustu og barn að ég fann að allt pískur út af þessari þátttöku minni í göngunni þagnaði endanlega. Núna er ég nokkuð rólegur yfir þessu. Samt hefur þessi reynsla leitt til þess að ég er alveg hundrað prósent ákveðinn í því að núna í dag mun ég bara standa á gangstéttinni og horfa á. Ég ætla að styðja þetta allt saman af heilum hug og allt það – það vantar ekki – en ég ætla að halda mig í hæfilegri fjarlægð. Það er alveg á hreinu. Það þýðir ekkert annað. Fólk talar. Það er engum greiði gerður með því að einhverjar kjaftasögur fari á kreik. Ég ætla að halda mjög áberandi utan um kærustuna mína, svo allt sé fullkomlega kristaltært, og hafa barnið á háhesti. Með blöðru.


